

**SKOÐUN** Már Mixa skrifar um fasteignakaup og húsnæðisvísitölu. 18



**MENNING** Podium festival er eins konar indí-hátíð klassíska geirans. 26



**LÍFIÐ** Sigurður Friðriksson, pitsubakari hjá Dominos, stal senunni á kosninganótt. 36



**SPORT** Landsliðsmarkvörðurinn Þóra B. Helgadóttir samdi við Fylki í gær. 32







# FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

**Þriðjudagur**
3. júní 2014
129. tölublað 14. árgangur
Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012


## FRÉTTIR



### Nóg komið, segir konungur

Jóhann Karl Spánarkonungur boðar afsögn sína. Filippus krónprins tekur við krúnunni. 12

**Minna fjallað um kvennabolta** Fyrirliði ÍBV lagðist í rannsókn á umfjöllun fjölmiðla um knattspyrnu kvenna og karla. 2

**Standa vörð um silfurreyni** Safnað er undirskriftum vegna þess að fella á 100 ára silfurreyni til að rýma fyrir hóteli í miðborg Reykjavíkur. 4

**Starfsemi LSH í hættu** Verkfall um 70 náttúrufræðinga á Landspítalanum hefst á morgun náist ekki samningar í dag. 6




18

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Bolungarvík | 8° | | NA | 7 |
| Akureyri | 10° | | NA | 4 |
| Egilsstaðir | 8° | | NA | 4 |
| Kirkjubæjarkl. | 12° | | NA | 3 |
| Reykjavík | 13° | | NA | 4 |

**VÍÐA VÆTA** Í dag verða norðaustan 5-10 m/s og víða dálítil væta einkum NA- og V-lands. Hiti 8-16 stig, mildast SV-til. 4

**2 SÉRBLÖÐ**

**Bílar | Fólk**




# Fjármagna framkvæmdir til að hindra gjaldtöku

Iðnaðarráðuneytið úthlutaði 380 milljónum til uppbyggingar og verndaraðgerða á ferðamannastöðum. 50 milljónir fara í framkvæmdir á stöðum þar sem Landeigendafélag Reykjahlíðar áformar gjaldtöku á ferðamenn.

**FERÐAMENNSKA** Hið opinbera hefur ákveðið að veita fjórtíu milljónir króna til gerðar göngustígs og nýs útsýnispalls við Dettifoss að vestanverðu. Þetta setur strik í áform landeigenda sem vilja taka gjald af ferðamönnum sem heimsækja svæðið, meðal annars til að fjármagna uppbygginguna göngustíga og útsýnispalla.

Fjármunirnir sem hið opinbera hefur nú veitt í þetta verkefni koma úr framkvæmdasjóði ferðamannastaða og fara í að byggja 100 fermetra útsýnispall og 260 metra göngustíg.

Hjörleifur Finnsson, þjóðgarðsvörður Vatnajökulsþjóðgarðs, telur að með þessu verði fyrirhuguð gjaldtaka landeigenda ómöguleg.

„Útsýnispallurinn og göngustígurinn eru í landi þjóðgarðsins. Það verður erfitt að rukka fyrir göngustíg sem er að hluta til í ríkiseigu og að hluta til í einkalandi.“ segir Hjörleifur.

„Ef gjaldtökuhugmyndir landeigenda standast lög, sem ég efa, þá neyðumst við til að byggja nýjan göngustíg alfarið í okkar landi. Eðlilegast væri þó ef núverandi vegstæði yrði notað áfram. Þannig myndu útsýnispallurinn og bílastæðið tengjast best,“ segir hann.

**100** fermetra útsýnispall á að byggja við Dettifoss.

Á heimasíðu Landeigendafélags Reykjahlíðar, sem nær frá Námaskarði að Dettifossi, eru rökin fyrir gjaldtöku sögð að vegna ágangs ferðamanna þurfi að vernda náttúruna og byggja upp göngustíga og útsýnispalla. - sa / sjá síðu 10



**STRÁKARNIR AÐ VERÐA KLÁRIR Í SLAGINN** Íslenska karlalandsliðið í knattspyrnu æfði í Þorlákshöfn í gær og vakti óskipta athygli heimamanna. Liðið spilar síðan vináttulandsleik gegn Eistum á Laugardalsvelli annað kvöld. Allt annað en sigur væri vonbrigði segja þjálfararnir. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL






Nýtt framboð í meirihlutaviðræðum í þremur stærstu sveitarfélögunum:

# Björt framtíð til hægri og vinstri

**SVEITARSTJÓRNARMÁL** Í þremur stærstu sveitarfélögunum, Reykjavík, Kópavogi og Hafnarfirði, er Björt framtíð í meirihlutaviðræðum sem enn standa yfir.

Fulltrúar Bjartrar framtíðar og Samfylkingar í Reykjavík hafa alltaf gefið út að vilji sé fyrir meirihlutasamstarfi í borginni og hefur sú viljayfirlýsing haldist þrátt fyrir að meirihlutinn hafi fallið.

Viðræður eru á milli Sjálfstæðismanna í Kópavogi og Bjartrar framtíðar með sína tvo bæjarfulltrúa. Viðræðurnar hafa vakið furðu Framsóknarmanna en oddviti þeirra, Birkir J. Jónsson, segir að handsalað hafi verið að Framsóknarflokkur og Sjálfstæðisflokkur myndu ræða saman ef meirihlutinn héldi.



**BJÖRN BLÖNDAL**



**GUÐLAUG KRISTJÁNSDÓTTIR**

Rósa Guðbjartsdóttir, oddviti Sjálfstæðisflokksins í Hafnarfirði, segir að Björt framtíð hljóti að teljast líklegasti kosturinn til að mynda meirihluta með þar í bæ en Björt framtíð náði inn tveimur bæjarfulltrúum og gæti myndað meirihluta með bæði Sjálfstæðisflokki og Samfylkingu.

Björt framtíð bauð fram í fyrsta skipti í nýliðnum sveitarstjórnarkosningum og fékk ellefu sveitarstjórnarfulltrúa í fimmtán stærstu sveitarfélögum landsins eða 7,5 prósent fulltrúa. - ebg

➜ Björt framtíð fékk tvo menn kjörna í þremur stærstu sveitarfélögum landsins, Reykjavík, Kópavogi og Hafnarfirði.




## SPURNING DAGSINS




Tefldir þú á tvær hættur?

**„Já, verður maður ekki að gera það til að vinna eitthvað. Þetta kostar.“**

Guðmundur Kjartansson sigraði á Íslandsmótinu í skák 2014 sem haldið var á Kópavogsvelli, sterkasta Íslandsmóti sögunnar.

Borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokks segir málflutning Framsóknar koma á óvart:

# Vill að Framsókn skýri mál sitt

**STJÓRNMÁL** Áslaug Friðriksdóttir, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins, segir að málflutningur Framsóknarflokksins um málefni trúfélaga og útlendinga hafi verið óskýr og að borgarstjórnarhópurinn þurfi að gera hreint fyrir sínum dyrum.

„Nú gerðu sjálfstæðismenn og framsóknarmenn með sér samkomulag þegar þeir settust í ríkisstjórn og í því samkomulagi kemur alveg skýrt fram að það eigi að vinna að jafnrétti allra þegna, alveg óháð þeirra stöðu,“ segir Áslaug.


ÁSLAUG MARÍA FRIÐRIKSDÓTTIR

„Þannig að það kemur svolítið á óvart að undanfarna daga hefur verið, finnst mér, óskýr málflutningur Framsóknarmanna,“ bætir hún við.

„Ég held að við þurfum öll að fá að heyra hvert er verið að róa.“

Í fréttum Stöðvar tvö í gær kom fram að flokksbundnir sjálfstæðismenn hafi komið þeim skilaboðum á framfæri við forystu flokksins að æskilegt sé að endurskoða meirihlutasamstarfið við Framsóknarflokkinn með það fyrir augum að standa vörð um gildi og stefnu Sjálfstæðisflokksins. - þþ, bá

Fyrsta skóflustunga tekin:

# Norðurljósaver í Reykjadalnum

**VÍSINDI** Fyrsta skóflustunga að Norðurljósarannsóknarstöð á Kárhóli í Reykjadal var tekin gær. Byggingin verður rúmlega 700 fermetrar að stærð.

Auk aðstöðu til rannsókna verður gestastofa fyrir ferðamenn með sýningarrými og ráðstefnusal til kynningar á norðurljósunum. Rannsóknarstarfsemi hófst haustið 2013 en starfsemi stöðvarinnar útvíkkar frekar þær mælingar sem þegar eru stundaðar hér á landi. - ebg




**HAFIÐ VERK** Áætlað er að kostnaður við nýja hjólastíginn við Sæbraut muni nema 110 milljónum króna. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Gangandi og hjólaumferð aðskilin við Sæbrautina:

# Nýr hjólastígur meðfram sjónum

**FRAMKVÆMDIR Um þessar mundir er unnið að gerð nýs hjólastígs meðfram Sæbraut í Reykjavík. Hjólastígurinn mun liggja milli Faxagötu og Kringlumýrarbrautar og munu gangandi vegfarendur fá eldri stíginn allan fyrir sig.**

**Að sögn Jóns Halldórs Jónassonar, upplýsingafulltrúa framkvæmdasviðs Reykjavíkurborgar, er um svokallaðan stofnstíg að ræða þar sem lögð er áhersla á að aðskilja gangandi umferð og hjólaumferð til að fækka slysum.** - bá

Vafi vegna lögheimilils:

# Kæra framboð Framsóknar

**KOSNINGAR** Björgvin E. Vídalín, formaður Dögunar, hyggst kæra framboð Framsóknarflokksins í Reykjavík.

Þjóðskrá hefur lögheimilisskráningu Sveinbjargar B. Sveinbjarnardóttur, oddvita framsóknarmanna í Reykjavík, til athugunar. Hún er með lögheimili skráð í Reykjavík en hefur sagst búa í Kópavogi.

Björgvini finnst nauðsynlegt að fá úr því skorið hvort Sveinbjörg skuli skráð til lögheimilis annars staðar en í Reykjavík. „Fari svo, eru kosningarnar ógildar, að mínu mati,“ segir Björgvin. - ebg

Apple kynnti í gær iOS 8:

# Ekki nothæft á iPhone 4 síma

**VIÐSKIPTI** Apple kynnti í gær iOS 8, nýtt stýrikerfi fyrir snjallsíma og spjaldtölvur fyrirtækisins sem verður gert opinbert í haust.

Meðal nýjunga í stýrikerfinu eru forrit sem fylgjast með líkamsstarfsemi notenda og annað sem gerir notendum auðvelt að færa skjöl á milli Apple-tækja. Athygli vekur að stýrikerfið verður ekki hægt að nota á iPhone 4, en elstu símar sem munu geta notað kerfið eru af gerð iPhone 4s. Kynningin var hluti af WWDC-ráðstefnu Apple sem haldin er árlega. Fyrirtækið segir þetta vera stærstu uppfærslu á stýrikerfi sínu hingað til. - skó

# Mun minna fjallað um kvennafótbolta

**Þórhildur Ólafsdóttir, fyrirliði ÍBV, vildi finna út hver munurinn á umfjöllun fjölmiðla um knattspyrnu karla og kvenna væri. Niðurstöður rannsóknarinnar sýna að umfjallanir um knattspyrnu karla eru mun algengari, lengri og fjölbreyttari.**

**RANNSÓKN** Heildarhlutfall umfjöllunar um konur í knattspyrnu er 9,1 prósent í samanburði við 89,5 prósent umfjöllunar á körlum.

Þetta kemur fram í nýrri rannsókn Þórhildar Ólafsdóttur, nema í íþróttafræði við tækni- og verkfræðideild í Háskólanum í Reykjavík. Þórhildur er fyrirliði meistaraflokks ÍBV og segir sárlega vanta fyrirmyndir fyrir stúlkur sem æfa fótbolta.

„Ungar stelpur hafa byrjað í auknum mæli að æfa fótbolta en þær hætta margar á unglingsaldri. Þær þurfa eldri knattspyrnukonur til að líta upp til og hafa einhverja stefnu. Þessi rannsókn staðfestir að það er vöntun á umfjöllun um konur í íþróttum,“ segir Þórhildur.

Í rannsókninni var tölulegum upplýsingum á umfjöllun þriggja íslenskra vefmiðla safnað saman og síðan greindar. Vefmiðlarnir eru ruv.is, mbl.is og fotbolti.net. Þórhildur valdi eina viku sumarið 2013 til þess að greina upplýsingarnar.

Fyrir utan það að umfjöllun um knattspyrnu karla væri mun meiri þá var hún almennt fjölbreyttari. Algengasta snið umfjöllunar kvenna var lítilleg samantekt úr leikjum þeirra. Einnig voru umfjallanir karla að meðaltali lengri hvort sem um ræddi í orðum, sekúndum eða fjölda mynda.

„Það þarf að skoða betur ástæður þessa en það fyrsta sem manni dettur í hug er áhugaleysi. Einn fjölmiðlamaður útskýrði þetta með því að leikirnir hjá konunum væru alltaf á sama tíma og því erfitt að fjalla um þá alla. Einnig var nefnt að samfélagið hefði ekki áhuga á að lesa um kvennabolta og hann væri ekki að skila eins miklu fjármagni inn,“ segir Þórhildur og bætir við að með aukinni umfjöllun fjölmiðla gæti aukinn áhugi á knattspyrnu kvenna vaknað.

erlabjorg@frettabladid.is



**Á FÓTBOLTAMÓTI** Fjölmargar stelpur æfa fótbolta í yngstu flokkunum en hætta oft á unglingsárum. Þórhildur segir þær skorta fyrirmyndir. FRÉTTABLAÐIÐ/

**Kynjamunur á knattspyrnuumfjöllun fjölmiðla ***




**„Það þarf að skoða betur ástæður þessa en það fyrsta sem manni dettur í hug er áhugaleysi.“**

*Þórhildur Ólafsdóttir, nemi í íþróttafræði í HR*




Hjúkrunarfræðingur sem ákærður er fyrir manndráp vann tvöfalda vakt:

# Sextán tíma vaktir sjaldgæfar

**HEILBRIGÐISMÁL** Þingfesting í máli hjúkrunarfræðings Landspítalans sem ákærður hefur verið fyrir manndráp af gáleysi verður á föstudag.

Hjúkrunarfræðingurinn er sakaður um röð mistaka sem dró sjúkling á gjörgæsludeild til dauða. Mistökin áttu sér stað á kvöldvakt sem hann vann í beinu framhaldi af dagvakt.

Fréttablaðið leitaði upplýsinga hjá hagdeild Landspítala um hversu algengt væri að hjúkrunarfræðingar taki tvöfaldar vaktir á spítalanum, sem þýðir að þeir vinni í allt að sextán tíma.

Í svari spítalans kemur fram að um 0,4 prósent af vöktum hjúkrunarfræðinga séu tvöfaldar vaktir. Ef hjúkrunarfræðingur vinnur tuttugu vaktir á mánuði þýðir það að hann vinni tvöfalda vakt á um það bil fimm vikna fresti.

„Tvöfaldar vaktir koma ekki endilega til vegna manneklu til lengri tíma heldur vegna tímabundins og skyndilegs mönnunarvanda sem getur komið upp, til dæmis vegna skyndilegra veikinda,“ segir í svari frá hagdeild spítalans. - ebg




**HÉRAÐSDÓMUR REYKJAVÍKUR** Þingfesting er á föstudag í máli hjúkrunarfræðingsins. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN


OPIÐ
AÐEINS Í DAG!
10-50%
AFSLÁTTUR
YFIR
100
TILBOÐ
Í verslunum og á veitingastöðum
MIÐNÆTUR
SPRENGJA
OPIÐ TIL MIÐNÆTTIS
Taktu þátt í Instagram-leik Kringlunnar.
#miðnætursprengja
5x10.000 kr.
gjafabréf í verðlaun fyrir skemmtilegustu myndirnar.
Fjölbreytt skemmtidagskrá auk glæsilegra tilboða sem gilda í allan dag til miðnættis
Kl. 17.00 – 19.00 Dagskrá fyrir börnin
Blöðrugerðarmenn
Andlitsmálun
Kl. 18.00 Töframaðurinn ungi,
Jón Arnór, sýnir á Blómatorgi
Kl. 19.00 Svenni Þór á Stjörnutorgi
Kvölddagskrá á Blómatorgi
Kl 19.30 Uppistand: Dóri DNA
Kl. 20.00 Ragnheiður Gröndal
Kl. 21.00 Helgi Björns
Kl. 22.00 Diskólestin
Kl. 22.45 Páll Óskar
DJ Siggi Hlö þeytir skífur frá kl. 19.00 og á milli atriða.
Látbragðsleikarar, léttar veitingar, förðunarráðgjöf og kynningar í göngugötu.
Kringlan
KRINGLAN.IS
AF ÖLLU HJARTA
FACEBOOK.COM/KRINGLAN.IS

## SVONA ERUM VIÐ



**110** **kvikmyndir í fullri lengd voru frumsýndar hér á landi árið 2012.**

**54 prósent þeirra voru bandarískar en átta prósent breskar.**

Árið 1985 voru frumsýndar hér 185 kvikmyndir, en 81 prósent þeirra var frá Bandaríkjunum og 9 prósent frá Bretlandi. *Heimild: Hagstofa Íslands*

Forstjóri Landsvirkjunar segir fjölmarga kosti í stöðunni sem eru í biðflokki:

# Kísilver kalla á nýjar virkjanir

**STÓRIÐJA** Nýgerðir samningar og viljayfirlýsingar um allt að fjögur kísilver auka þrýsting á fleiri nýjar virkjanir. Sérstaklega ef jafnframt á að mæta óskum Norðuráls vegna álvers í Helguvík. Helst er horft til þess hvaða tækifæri Landsvirkjun hefur.

Hörður Arnarson, forstjóri Landsvirkjunar, staðfestir að Landsvirkjun hafi verið í viðræðum við Norðurál vegna álversins í Helguvík. Álverið stendur þar hálfbyggt vegna orkuleysis.

Hörður segir niðurstöðu viðræðnanna ráðast af ákvörðunum um virkjanakosti og hvort Landsvirkjun hafi tök á að mæta óskum Norðuráls á næstu árum.

Hörður segir fjölmarga kosti í rammaáætlun sem eigi eftir að fjalla um en þeir kostir sem hafi verið komnir hvað lengst hafi verið færðir úr nýtingarflokki yfir í biðflokk af fyrri ríkisstjórn. Þar á meðal eru Urriðafoss-, Holta-, og Hvammsvirkjun í neðri Þjórsá. **- kmu, ebg**



**ÁLVER Í HELGUVÍK** Álverið stendur hálfbyggt vegna orkuleysis og erfitt verður að koma því í gang án aðkomu Landsvirkjunar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Sala hefur aukist um 32%:

# Bílasala tekur snarpan kipp

**VIÐSKIPTI** Sala á nýjum fólksbílum jókst um 51,3 prósent í maí. Nýskráningar í mánuðinum voru 2.155 samanborið við 1.424 í maí í fyrra, að því er segir í tilkynningu frá Bílgreinasambandinu.

Samtals hafa verið skráðir 4.412 nýir fólksbílar á fyrstu fimm mánuðum ársins, sem er 32 prósenta aukning frá fyrra ári.

Bílgreinasambandið gerir ráð fyrir áframhaldandi vexti, um 15 til 20 prósent, í nýskráningum. **- rkr**



**LEIKSKÓLABÖRN** Yfirgnæfandi meirihluti leikskólakennara vill vinnustöðvun ef samningar nást ekki. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Samningaviðræður í gangi:

# 99% samþykktu vinnustöðvun

**KJARAMÁL** Leikskólakennarar munu efna til vinnustöðvunar þann 19. júní næstkomandi, náist ekki samningar við Samband íslenskra sveitarfélaga. Vinnustöðvunin var samþykkt í atkvæðagreiðslu sem lauk í gær.

Samkvæmt frétt á vef Félags leikskólakennara samþykktu 99 prósent þeirra sem greiddu atkvæði vinnustöðvunina. Af 1.310 sem kusu, sögðu átta nei og sex skiluðu auðu.

Leikskólakennarar kynntu Sambandinu kröfur sínar á fundi hjá Ríkissáttasemjara í gær. Næsti fundur er boðaður á morgun. **- bá**

## HEILBRIGÐISMÁL

### Salmónella í duftinu

Fyrirtækið Mamma veit best, í samráði við matvælaeftirlit Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis, kallar inn Chia duft og Omega Blend frá Navitas Naturals, vegna mögulegrar salmonellumengunar.

## LEIÐRÉTT

Missagt var í blaðinu í gær að hlutfall karla og kvenna væri nánast hnífjafnt eftir kosningarnar á laugardag. Karlar eru 56 prósent allra sem sitja í sveitastjórnum á Íslandi en konur 44 prósent. Þetta kemur fram í kosningagagnagrunni fréttastofu RÚV. Samkvæmt sömu heimild hafa kynjahlutföll jafnast nokkuð frá síðustu sveitastjórnarkosningum en þá voru karlar tæp 60 prósent kjörinna fulltrúa en konur rúm 40 prósent.

# Íbúarnir ætla að standa vörð um 100 ára silfurreyni

*Útlit er fyrir að rúmlega 100 ára silfurreynir verði felldur vegna hótelbyggingar milli Laugavegs og Grettisgötu. Íbúar í grenndinni hafa hrundið af stað undirskriftasöfnun til að mótmæla framkvæmdum á svæðinu.*

**SKIPULAG** Skipulagsstjóri, garðyrkjustjóri og fulltrúi Lantan ehf., sem hyggst reisa hótel milli Laugavegs og Grettisgötu, funduðu í gær vegna mótmæla íbúa í grenndinni. Íbúarnir ætla að standa vörð um rúmlega hundrað ára gamlan silfurreyni á Grettisgötu 17 sem á að fella ef áætlanir um hótelbyggingu ná fram að ganga. Athugasemdir mótmælenda bárust í gríð og erg til fulltrúa borgaryfirvalda í gær og var þá ákveðið að fara yfir stöðu mála.

„Þetta er flott tré og getur sjálfsagt lifað í önnur 100 ár. Ég myndi fagna því ef leitað yrði lausna svo tréð fái að vera," segir Þórólfur Jónsson garðyrkjustjóri.

Hann segir að reglur um friðun trjáa vegna aldurs og hæðar eigi ekki við þegar búið sé að samþykkja byggingar á svæði sem þau standa á. Hann getur þess að enn hafi ekki verið sótt um byggingarleyfi.

Íbúarnir eru ekki bara ósáttir við að missa silfurreyninn heldur eru þeir einnig mótfallnir hótelbyggingunni og lagningu stígs frá Grettisgötu að Laugavegi. Þeir segja að mikið ónæði komi til með að fylgja ferðum hótelgesta þar.

Auglýsing um tillögu að breyttu deiliskipulagi var birt í fjölmiðlum á Þorláksmessu til þess að hægt væri að gera athugasemdir. „Hver rekur augun í slíka auglýsingu á þeim degi?" spyr Hallfríður Pálsdóttir, sem býr að Grettisgötu 13 eða við hliðina á fyrirhuguðum stíg. Íbúarnir hafa kvartað undan því að engin grenndarkynning hafi farið fram.

Björn Axelsson skipulagsstjóri segir grenndarkynningu fara fram þegar um minniháttar breytingar er að ræða. „Það er til dæmis gert þegar um breytingar á kvistum er að ræða eða þegar ekki er til deiliskipulag. Þegar um deiliskipulag er að ræða er ekki komið með bréf inn um lúguna heldur er birt auglýsing." Skipulagsstjóri segir ástæðu til að ræða möguleikann á breyttu ferli kynninga vegna breytinga á skipulagi í þéttri byggð.

Samkvæmt tillögu að breyttu deiliskipulagi fyrir lóðirnar við Laugaveg 34A og 36 og Grettisgötu 17 er gert ráð fyrir að bakhúsið við Laugaveg 34A verði stækkað til suðurs að lóðarmörkum Grettisgötu 17 og byggt þar ofan á stakstætt tveggja hæða hús með risi og kvistum á þaki. Við Laugaveg 36 er hugmyndin að byggja tveggja hæða staka byggingu með risi og kvistum.

Minjastofnun hefur fallist á að hús á baklóð Laugavegar 36 verði fært yfir á lóð við Grettisgötu 17. Minjastofnun hefur einnig fallist á að húsið á Grettisgötu 17 verði flutt innan lóðarinnar og því verði fundinn staður framar við götu. „Þetta skipulag sem nú liggur fyrir er framför frá því sem búið var að leyfa 2003. Það er sérstaklega ánægjulegt að húsið á baklóð Laugavegs, sem var byggt 1896, verði áfram hluti af hinni upphaflegu timburhúsabyggð," segir Pétur Ármannsson, forstöðumaður Minjastofnunar.

Hann segir að ekki hafi verið tekin afstaða til silfurreynisins við Grettisgötu 17. „Auðvitað er trjágróður hluti af grónu umhverfi. Í þessu tilfelli litum við kannski frekar á að þetta væri viðfangsefni borgarinnar. Verndun trjágróðurs er ekki hluti af lögum um menningarminjar sem við störfum eftir."

**ibs@frettabladid.is**




**FYRIRHUGAÐAR BREYTINGAR Á SKIPULAGI** Gert er ráð fyrir hóteli milli Laugavegs og Grettisgötu. MYND/VEFUR REYKJAVÍKURBORGAR



**VIÐ SILFURREYNINN** Ylfa Dögg Árnadóttir og Eiríkur Kristinn Júlíusson. Ylfa Dögg hefur hafið undirskriftasöfnun til að mótmæla framkvæmdum vegna fyrirhugaðrar hótelbyggingar milli Laugavegs og Grettisgötu. Húsið fyrir aftan þau verður flutt innan lóðarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM






## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi




| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 25° | Friedrichshafen | 21° | New York | 27° |
| Aþena | 24° | Gautaborg | 19° | Orlando | 29° |
| Basel | 24° | Kaupmannahöfn | 19° | Ósló | 21° |
| Berlín | 20° | Las Palmas | 24° | París | 21° |
| Billund | 21° | London | 18° | San Francisco | 17° |
| Frankfurt | 22° | Mallorca | 25° | Stokkhólmur | 14° |

**Á MORGUN**
3-8 m/s.




**FIMMTUDAGUR**
5-10 m/s.




**BLÍÐA Á NORÐAUSTURLANDI** Það mun rigna víða á landinu í dag en á morgun léttir til á Norðausturlandi og styttir smám saman upp. Úrkomulítið fyrri part fimmtudags en síðdegis má búast við vætu. Léttir loks til um allt land á föstudag.

**Elísabet Margeirsdóttir**
veðurfréttamaður




**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS–AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal jonl@frettabladid.is **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@365.is, Kolbeinn Kolbeinsson kolli@365.is, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsdóttir vera@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is

# Viltu prófa eitthvað nýtt?

## Viltu fá 50% afslátt af Nicotinell Spearmint?

**50% afsláttur**

**1. Það sem þú þarft að gera:**
Koma með tóman Nicorette eða Nicovel tyggjópakka í næsta apótek.

**2. Það sem þú færð í staðinn:**
Þú færð 50% afslátt af Nicotinell Spearmint 2 mg eða 4 mg 24 stk pakka.




**Skilyrði:**

- Hægt er að koma með tóma Nicorette og Nicovel pakka í öll apótek.
- Hægt er að skila inn öllum tegundum, styrkleikum og pakkningastærðum af Nicorette og Nicovel til að fá afsláttinn. Pakki á móti pakka.
- Pakkinn sem er skilað má ekki vera útrunninn. Ath. dagsetning á pakkningu.
- Aðeins einstaklingar 18 ára og eldri geta tekið þátt.
- Afslátturinn gildir aðeins fyrir Nicotinell Spearmint og aðeins fyrir 24 stk pakkningu, bæði 2 mg og 4 mg pakka.
- Gildir ekki í almennum verslunum. Gildir 1.-30. júní 2014

Nicotinell®

Nicotinell Spearmint 2 mg og 4 mg lyfjatyggigúmmí. Inniheldur nikótín. Ábendingar: Til meðferðar á tóbaksfíkn en lyfið dregur úr nikótínþörf og fráhvarfseinkennum og það auðveldar þar með reykingarfólki sem vill hætta að reykja, að hætta og auðveldar þeim sem ekki geta hætt, eða eru tregir til þess, að draga úr reykingum. Skammtar fyrir fullorðna 18 ára og eldri: Skammta skal ákvarða út frá því hversu háður nikótíni einstaklingurinn er. Mælt er með 4 mg lyfjatyggigúmmíi fyrir einstaklinga með mikla nikótínþörf og fyrir þá sem ekki hefur tekist að hætta með notkun 2 mg lyfjatyggigúmmís. Ef þú reykir fleiri en 30 sígarettur/sólarhring má miða við notkun 4 mg, 20-30 sígarettur/sólarhring er miðað við 2 eða 4 mg eftir þörf en ef reykt er minna en 20 sígarettur á sólarhring er æskilegt að nota 2 mg. Ef þú færð aukaverkanir við notkun stærri skammtsins (4 mg lyfjatyggigúmmí), skaltu íhuga minni skammt í staðinn. Tyggja skal eitt stk við reykingaþörf þar til finnst sterkt bragð. Þá skal láta það hvíla milli kinnar og tannholds. Þegar sterka bragðið minnkar skal tyggja aftur. Þetta skal endurtaka í 30 mín. Venjuleg notkun er 8-12 stk, þó ekki fleiri en 15 stk af 4 mg og 25 stk af 2 mg lyfjatyggigúmmíi á sólarhring. Meðferðarlengd er einstaklingsbundin en skal í flestum tilfellum standa í a.m.k. 3 mánuði, skal þá draga smám saman úr notkun lyfjatyggigúmmísins. Meðferð skal hætt þegar neyslan er komin niður í 1-2 lyfjatyggigúmmí á sólarhring. Venjulega er ekki mælt með notkun lyfsins lengur en í eitt ár. Sumir, sem eru hættir að reykja, gætu þó þurft lengri meðferð til þess að forðast að byrja aftur að reykja. Geyma skal afgangs lyfjatyggigúmmí þar sem reykingaþörf getur skyndilega komið upp aftur. Ráðgjöf getur aukið líkurnar á því að reykingafólk hætti að reykja. Nota má lyfið til að lengja reyklaus tímabil og draga þannig úr reykingum. Ef ekki hefur dregið úr fjölda sígaretta á sólarhring eftir 6 vikur skal leita faglegrar ráðgjafar. Reykingum skal hætt um leið og einstaklingurinn er reiðubúin til þess, þó ekki síðar en eftir 6 mánaða meðferð. Leita skal faglegrar ráðgjafar ef ekki hefur tekist að hætta reykingum eftir 9 mánaða meðferð. Frábendingar: Ofnæmi fyrir nikótíni eða einhverju hjálparefnanna, reykleysi. Ráðfærðu þig við lækni eða lyfjafræðing því ekki er víst að þú megir nota lyfið ef þú: ert þunguð eða með barn á brjósti, hefur nýlega fengið hjartabilun eða hjartastopp, ert með hjarta- eða æðasjúkdóm, of háan blóðþrýsting, sykursýki, ofvirkan skjaldkirtil/nýrnahettur, magasár eða verulega skerta nýrna- og/eða lifrarstarfsemi eða ef þú ert yngri en 18 ára. Einstaklingum með gervitennur og þeim sem eiga í erfiðleikum með að tyggja tyggigúmmí er ráðlagt að nota önnur lyfjaform nikótínlyfja. Sjúklingar með arfgengt frúktósaóþol skulu ekki nota lyfið. Athuga ber að lyfið inniheldur natríum og bútýlhýdroxýtólúen (E321). **Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Sjá notkunarleiðbeiningar í fylgiseðli. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.** Jafnvel lítið magn af nikótíni er hættulegt börnum og getur valdið alvarlegum einkennum eða dauða. Markaðsleyfishafi: Novartis Healthcare A/S. Umboð á Íslandi: Artasan ehf., Suðurhrauni 12a, 210 Garðabæ

## VEISTU SVARIÐ?



**1.** Hvað tók langan tíma að telja atkvæði í kosningunum í Árneshreppi?
**2.** Hvað verður fyrirhugaður göngupallur við Dettifoss langur?
**3.** Hver bætti vallarmetið á golfvellinum á Hellu?

**SVÖR:**
1. Um eina klukkustund. 2. 260 metrar. 3. Ragnar Már Garðarsson.

Starfsemi Landspítalans mun skerðast ef samningar takast ekki hjá FÍN:

# Verkfall gæti hafist á morgun

**KJARAMÁL** Boðað verkfall náttúrufræðinga á Landspítalanum, um sjötíu starfsmanna, hefst á morgun ef samningar nást ekki í dag. Ólafur Baldursson, framkvæmdastjóri lækninga á Landspítalanum, segir að nú sé verið að fara yfir áætlun til að tryggja sem best öryggi sjúklinga.

„Við höfum miklar áhyggjur af þessu máli,“ segir Ólafur. „Þetta verkfall hefur mikil áhrif á starfsemi spítalans.“

Flestir náttúrufræðingar spítalans starfa í Blóðbankanum og því verðu einungis hægt að sinna neyðargjöfum á blóði á meðan á verkfallinu stendur.

„En jafnframt verða heilbrigðisstofnanir úti á landi fyrir áhrifum vegna þess að Blóðbankinn þjónar þeim,“ segir Ólafur.

Félag íslenskra náttúrufræðinga fundaði með ríkinu í um tvo tíma í gær. Páll Halldórsson, formaður félagsins, segir að samningar hafi ekki tekist og að enn sé „alveg óljóst“ hvort af verkfalli verði. - bá



**BLÓÐBANKINN** Einungis verður hægt að sinna neyðargjöfum á blóði ef af verkfalli verður. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Árásin átti sér stað í bifreið:

# Sló og nefbraut unnustu sína

**LÖGREGLUMÁL** Maður á þrítugsaldri hefur verið ákærður af lögreglu fyrir árás á þáverandi unnustu sína. Árásin átti sér stað á nítján ára afmælisdegi hennar.

Maðurinn er sagður hafa ráðist að stúlkunni þegar þau voru stödd í bifreið á ferð og slegið hana einu höggi í andliti svo stúlkan hlaut blóðnasir.

Mál gegn manninum var þingfest í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær. - ssb

Nýlega hættur hjá Actavis:

# Sigurður Óli ráðinn til Teva

**VIÐSKIPTI** Sigurður Óli Ólafsson hefur verið ráðinn forstjóri samheitalyfjasviðs Teva Pharmaceutical Industries frá og með 1. júlí nk. Teva er stærsta lyfjafyrirtæki í heimi á sviði samheitalyfja og tíunda stærsta lyfjafyrirtæki heims.



**SIGURÐUR ÓLI ÓLAFSSON**

Sigurður Óli sagði nýlega starfi sínu lausu sem forstjóri Actavis Pharma, sem er alþjóðleg sölueining samheita- og sérlyfja Actavis. Hann verður staðsettur í starfsstöð fyrirtækisins í Pennsylvaníu í Bandaríkjunum. - rkr

Lítill munur í Hafnarfirði:

# Píratar vilja endurtalningu

**HAFNARFJÖRÐUR** Píratar í Hafnarfirði hafa óskað eftir endurtalningu við kjörstjórn. Sex atkvæðum munaði á Brynjari Guðnasyni oddvita Pírata og Öddu Maríu Jóhannsdóttur þriðja manni Samfylkingar, í kosningunum.



**BRYNJAR GUÐNASON**

Jóna Ósk Guðjónsdóttir, formaður kjörstjórnar, staðfestir að henni hafi borist erindi þess efnis í gær. Hún segir að kalla þurfi kjörstjórn saman til fundar svo að hægt sé að taka afstöðu til beiðninnar. - fbj

# Ræða við Bjarta framtíð um meirihluta í Kópavogi

Bæjarfulltrúi Framsóknarflokks segir að hann og bæjarstjórinn í Kópavogi hafi handsalað samkomulag um meirihlutaviðræður. Oddviti Sjálfstæðismanna segir ekki óeðlilegt að sigurvegarar kosninganna tali saman.

**KÓPAVOGUR** „Ég vil ekki nota orð eins og svik en það kemur mér á óvart að Ármann Kr. Ólafsson, bæjarstjóri og oddviti sjálfstæðismanna, skuli ekki hefja viðræður við Framsóknarflokkinn í ljósi niðurstöðu kosninganna og þess sem á undan er gengið,“ segir Birkir Jón Jónsson, oddviti Framsóknarflokksins í Kópavogi.

Birkir Jón segir að þeir Ármann hafi verið búnir að handsala samkomulag um meirihlutasamstarf fyrir kosningar ef vel gengi í kosningunum. Báðir flokkarnir hafi bætt við sig umtalsverðu fylgi og hafi átt í farsælu samstarfi í meira en tvo áratugi. Það komi því á óvart að sjálfstæðismenn hafi ekki farið í meirihlutaviðræður við þá.

Sjálfstæðisflokkurinn í Kópavogi fékk fimm bæjarfulltrúa og Björt framtíð tvo.

„Það var mat bæjarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins að hefja viðræður við Bjarta framtíð. Þetta er bara niðurstaða hópsins. Eftir að hafa fundað mikið á sunnudag og farið yfir málin þá var það ákvörðun hópsins að ræða við Bjarta framtíð,“ segir Ármann Kr. Ólafsson, oddviti Sjálfstæðisflokksins í Kópavogi.

Hann segir mat bæjarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins fyrst og fremst vera byggt á niðurstöðu kosninganna í Kópavogi.

„Það má segja að það séu tveir flokkar sigurvegarar þessara kosninga og því kannski ekki óeðlilegt að þeir tali saman.“

Ármann er vongóður um að flokkarnir nái saman.

„Það er í sjálfu sér ekkert í stefnuskrám þessara flokka sem ætti að koma í veg fyrir það. Við göngum bjartsýnir til þessara viðræðna,“ segir Ármann.

Theodóra S. Þorsteinsdóttir, oddviti Bjartrar framtíðar, segir að flokkurinn leggi áherslu á ábyrgð.

„Við viljum verða skynsöm og ábyrg. Við þurfum að fara vel yfir kosningaloforð Sjálfstæðismanna og sjá hvað við getum sætt okkur við af þeim,“ segir Theodóra en bætir við að menn hafi ekki farið mjög djúpt í málin á þessum fyrsta formlega fundi.

Hún segir að skipting embætta eða skipting í nefndir hafi ekki verið rædd.

„Við gerum ekki kröfu um bæjarstjórastólinn. Sjálfstæðisflokkurinn er vaxandi í Kópavogi og fékk tæp 40 prósent atkvæða í kosningunum. Það virðist vera ánægja með störf bæjarstjórans.“

Theódóra segir að flokkarnir ætli að taka sér fimm til sjö daga til að sjá hvort þeir nái saman.

johanna@frettabladid.is
randver@frettabladid.is



**REIÐIR** Framsóknarmenn í Kópavogi töldu víst að Sjálfstæðisflokkurinn myndi fara í meirihlutaviðræður við þá. Þeir eru reiðir út í Sjálfstæðismenn. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## ODDVITAR ÞRIGGJA FRAMBOÐA Í KÓPAVOGI

„Ég vil ekki nota orð eins og svik. En það kemur mér á óvart að oddviti sjálfstæðismanna, skuli ekki hefja viðræður við Framsóknarflokkinn.“



*Birkir Jón Jónsson*

„Það má segja að það séu tveir flokkar sigurvegarar þessara kosninga og því kannski ekki óeðlilegt að þeir tali saman.“



*Ármann Kr. Ólafsson*

„Við gerum ekki kröfu um bæjarstjórastólinn. Það virðist vera ánægja með störf bæjarstjórans.“



*Theodóra S. Þorsteinsdóttir*


Risa Blómapottar



MIKIÐ ÚRVAL AF RISAPOTTUM

Leirpottur ø35cm H33 cm **1.090,-**

LISO leirpottur ø30cm H30 cm **1.495,-**

CUBO Leirpottur 30x30 cm **1.890,-**

Klettháls Reykjavík
Reykjanesbæ

Meiri gæði – Lægra verð – MÚRBÚÐIN

MÚRBÚÐIN

Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is


Breytingar á kjörseðlum voru mikið fleiri í síðustu borgarstjórnarkosningum:

# 5.000 færri seðlum breytt núna

**REYKJAVÍK** Útstrikanir og breytingar á kjörseðlum í borgarstjórnarkosningunum í Reykjavík voru mikið færri en í síðustu kosningum. Alls var 1.604 seðlum breytt í ár en árið 2010 var 6.915 seðlum breytt.

Einnig ber að athuga að mun færri atkvæði voru greidd í heildina nú en í síðustu kosningum, 56.896 í ár en 63.019 árið 2010. Hlutfallslegur munur er engu að síður mjög mikill, en í ár voru breytingar gerðar á 2,82 prósentum kjörseðla, miðað við 10,97 prósent í kosningunum 2010.

Stefanía Óskarsdóttir stjórnmálafræðingur segir að mögulega hafi mikill fjöldi útstrikana árið 2010 tengst uppnámi hjá almenningi eftir hrunið 2008. „Fólk vildi senda einhver skilaboð til frambjóðenda,“ segir hún.

Kjarninn greindi frá því í gær að Júlíus Vífill Ingvarsson, borgarfulltrúi Sjálfstæðismanna, var sá frambjóðandi sem oftast var strikaður út af seðli eða færður um sæti í nýafstöðnum kosningum. Það var gert á 463 kjörseðlum.



**ATKVÆÐI BORIN INN Í RÁÐHÚS** Alls var 1.604 kjörseðlum breytt í kosningunum í Reykjavík í ár. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Í kosningunum árið 2010 var Gísli Marteinn Baldursson, frambjóðandi sama flokks, hins vegar oftast strikaður út eða færður til, alls um 3.800 sinnum.

Samkvæmt frétt RÚV það árið voru alls sex frambjóðendur úr flokkum sem náðu inn manni í borgarstjórn sem hlutu fleiri útstrikanir en Júlíus Vífill gerði í ár. Þá sem nú voru flestar breytingar gerðar á lista Sjálfstæðisflokksins, 876 í ár en 4.471 árið 2010. - bá

ÍSLENSKA/SIA.IS SML 68879 05/14

# SUMARFJÖR Í SMÁRALIND

# 3.-5. JÚNÍ

**Verslaðu fyrir 3.000 kr. eða meira og þú átt möguleika á að vinna 50.000 kr. gjafabréf frá Air, Esprit, Líf & list eða Debenhams, miða á Justin Timberlake og gjafakort frá Smáralind.**

## VEITINGASTAÐIR

- Opið til kl. 21 á flestum veitingastöðum.
- Frábær tilboð og afslættir dagana 3.-5. júní.

## SMÁRABÍÓ

- **Þriðjudagstilboð** 850 kr. á allar myndir og 1.050 kr. á 3D myndir. Gildir ekki á Vonarstræti.
- **2 fyrir 1** á þriðjudag á allar myndir ef komið er með kvittun úr Smáralind.
- **Besta verðið** á miðvikudag og fimmtudag. 1.100 kr. almennt verð, 750 kr. fyrir börn.

## SMÁRATÍVOLÍ

- Uppákomur og Speed of light keppni 3. júní.
- 12.000 kr. inneign fyrir aðeins 6.000 kr.
- Partýtilboð, 1 klst. á 1.990 kr.

**Stemningin nær hámarki fimmtudaginn 5. júní á MIÐNÆTURFJÖRI SMÁRALINDAR þegar allt húsið fyllist af afsláttum, tilboðum og skemmtilegum viðburðum. Fáðu að vita meira á Smáralind.is**




DEBENHAMS — Gerðu lífið skemmtilegra — ESPRIT — AIR — Líf & List SMÁRALIND

SMÁRALIND
Góða skemmtun

OPIÐ: VIRKA DAGA 11-19 FIMMTUDAGA 11-21 LAUGARDAGA 11-18 SUNNUDAGA 13-18 WWW.SMARALIND.IS FINNDU OKKUR Á facebook

Hatrömm árás í Reykjavík:

## Stakk mann í hjartastað

**LÖGREGLUMÁL** Maður á tvítugsaldri hefur verið ákærður fyrir tilraun til manndráps aðfaranótt sunnudagsins 30. mars síðastliðins.

Maðurinn stakk rúmlega ellefu sentimetra löngum skörðóttum hníf rétt fyrir ofan hjarta 21 árs gamals manns. Við það hlaust loftbrjóst en hnífurinn fór inn í lungnasekk fórnarlambsins.

Maðurinn sem ráðist var á gerir kröfu um rúmlega tveggja milljóna króna miskabætur. - ssb

Oddvitar flokkanna í meirihlutaviðræðum í Reykjavík segja góðan anda hafa ríkt á fundi þeirra í gær:

## Tilfinningum gefið rými og traustið eflt

**REYKJAVÍK** Viðræður Samfylkingar, Betri framtíðar, Vinstri grænna og Pírata hófust í gær en þó með ósköp afslöppuðum hætti. Oddvitarnir áttu þriggja tíma fund í heimahúsi þar sem grundvöllur til meirihlutamyndunar í borgarstjórn var kannaður.

Allir eru sammála um að fundurinn hafi gengið mjög vel en enginn vildi tjá sig um hvað fór fram á honum.

„Hópurinn ætlar að gefa sér góðan tíma í frekari viðræður og ég geri ekki ráð fyrir að það verði mikið að frétta fyrr en einhvern tímann í næstu viku,“ segir Dagur B. Eggertsson, oddviti Samfylkingar.

S. Björn Blöndal segir að fundurinn hafi verið notaður til að gefa tilfinningum rými því þannig losni fólk við krump. „Okkur finnst mikilvægt að mynda traust og þess vegna má ekki flýta sér of mikið,“ segir Björn og líkir fyrstu stigum viðræðnanna við tilhugalíf elskenda.

Halldór Auðar Svansson, oddviti Pírata, lýsir stemningunni sem rólegri og segir að aðeins grófar línur hafi verið lagðar sem Sóley Tómasdóttir, oddviti Vinstri grænna, tekur undir.

„Við höfum fulla trú á þessu og ég er viss um að næsta kjörtímabil verður gott í Reykjavík,“ segir Sóley.

Oddvitarnir gera ráð fyrir að hittast alla þessa viku og halda áfram viðræðum. - ebg



**GÓÐ STEMNING** Dagur B. Eggertsson og S. Björn Blöndal gáfu það út alla kosningabaráttuna að vilji væri fyrir samstarfi. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM






# Reyna við ráð og nefndir í Reykjavík

Aukafundur borgarstjórnar Reykjavíkur verður haldinn 16. júní. Flokkarnir sem náðu inn fulltrúum í borgarstjórn undirbúa hvernig þeir ætla að manna hinar ýmsu nefndir og ráð sem kosið verður í á fundinum.

**SVEITARSTJÓRNARMÁL** Á aukafundi borgarstjórnar sem stefnt er á að halda 16. júní, þegar ný borgarstjórn tekur formlega við völdum, verður gengið frá kjöri í hin ýmsu ráð og nefndir. Einnig verða kosnir fulltrúar í stjórnir fyrirtækja sem Reykjavíkurborg á aðild að.

„Samkvæmt lögum tekur nýkjörin sveitarstjórn við störfum fimmtán dögum eftir kjördag. Það er mánudaginn 16. júní,“ segir Helga Björk Laxdal, skrifstofustjóri borgarstjórnar, aðspurð.

„Væntanlega eru allir byrjaðir að undirbúa hvernig þeir ætla að manna nefndir og ráð. Menn eru búnir að setjast niður og reikna út hvað þeir eiga mörg sæti,“ segir Helga, sem mun í framhaldinu sjá til þess að kynjahlutföll séu rétt í hverju ráði og nefnd fyrir sig.

Borgarfulltrúar, fólk sem hefur verið á framboðslistum stjórnmálaflokka og aðrir sem hafa ekki verið á þeim situr í þessum ráðum og nefndum.

Á fundinum 16. júní verða þrír kjörnir í stjórn Faxaflóahafna, fimm í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur, þrír í stjórn Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar, einn í stjórn Sorpu og einn til viðbótar í stjórn Strætó bs.

Ráðum á vegum Reykjavíkur er skipt í fjóra flokka. Þau stærstu eru í flokki eitt og fyrir þau eru greidd 20 prósent af þingfararkaupi, eða um 126 þúsund krónur á mánuði. Í þeim flokki eru borgarráð, skipulags- og umhverfisráð, skóla- og frístundaráð og velferðarráð.

Sextán prósent af þingfararkaupi eru greidd fyrir setu í flokki tvö, eða um 100 þúsund krónur. Í honum eru forsætisnefnd, íþrótta- og tómstundaráð, mannréttindaráð og menningar- og ferðamálaráð.

Í flokki þrjú eru greidd 14 prósent af þingfararkaupi fyrir nefndarsetu, eða tæp 90 þúsund. Heilbrigðisnefnd og innkauparáð eru í þeim flokki.

Í fjórða flokknum eru hverfisráðin, stjórnkerfisnefnd (ef ákveðið er að hún starfi) og stjórn Listahátíðar í Reykjavík. Sex prósent af þingfarakaupi eru greidd fyrir aðild að þeim, eða tæpar 38 þúsund krónur.

Formenn hverrar fastanefndar fá tvöfalda þóknun og gildir það um kjörna fulltrúa aðra en borgarfulltrúa. Varamenn fá greidd laun fyrir hvern fund sem þeir sitja og nema 1,95 prósentum af þingfarakaupi. Það gera rúmar tólf þúsund krónur fyrir hvern fund. freyr@frettabladid.is



**RÁÐHÚS REYKJAVÍKUR** Manna þarf margar nefndir og mörg ráð í Reykjavíkurborg á næstu dögum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

### Fá tæpa hálfa milljón í grunnlaun

Því fleiri borgarfulltrúar sem eru í hverju ráði, þeim mun lægri er launakostnaður ráðsins sjálfs, vegna þess að allar fundarsetur eru innifaldar í grunnlaunum þeirra. Launin nema 77,82 prósentum af þingfararkaupi, eða 490.285 krónum. Ýmsar reglur um álag eða skerðingu eru til staðar eftir því hvað menn sitja í mörgum nefndum en til að fá grunnlaunin þurfa borgarfulltrúar að sitja í að minnsta kosti einni nefnd í flokki eitt. Ef ekki eru launin skert um 50 prósent. Til að fá 25 prósent álag þurfa þeir að sitja í að minnsta kosti þremur fastanefndum eða að vera formenn í slíkri nefnd.






Rússar og Úkraínumenn sitja við samningaborðið vegna lækkunar gasverðs:

## Enn þokast í samkomulagsátt

**BRUSSEL, AP** Rússland og Úkraína eru í gær sögð hafa náð markverðum árangri í viðræðum um lækkun á afhendingarverði gass og um skuldir ríkisstjórnar Úkraínu við Rússland vegna fyrri gasviðskipta. Tilgangur viðræðnanna er að koma í veg fyrir að snurða hlaupi á þráðinn við afhendingu gass, sem einnig gæti haft áhrif á Vestur-Evrópu, að því er haft er eftir embættismanni hjá Evrópusambandinu.

Framkvæmdastjórar ríkisorkufyrirtækja landanna tveggja komu sér saman um tillögu sem hefði í för með sér lækkun á verði gass til Úkraínu um leið og fallist yrði á endurgreiðsluáætlun vegna skuldar landsins við Rússland, segir orkumálastjóri Evrópusambandsins, Günther Oettinger, sem hafði umsjón með viðræðunum í Brussel.



**Á BLAÐAMANNAFUNDI** Günther Oettinger ræðir við blaðamenn í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Rússneska orkufyrirtækið Gazprom og Naftogaz í Úkraínu bera nú samkomulagsdrögin undir sérfræðinga sína og leita samþykkis hluthafa, sem eru ríkisstjórnir hvors lands um sig. Að því loknu segir Oettinger að seinni lota samningaviðræðnanna geti hafist. Hann vildi þó ekki greina frá því hvað nýtt gasverð til Úkraínu yrði, en sagði að það yrði undir 485 Bandaríkjadölunum sem Úkraína greiðir nú fyrir hverja 1.000 rúmmetra af gasi, en yfir afsláttarverði upp á 268 dali sem Rússar hafi eitt sinn boðið. Til að tryggja afhendingu ætti að halda nýju verði stöðugu í eitt ár. - óká





# UMSÓKNARFRESTUR UM GRUNNNÁM Í HÁSKÓLA ÍSLANDS ER TIL 5. JÚNÍ









Tengsl við atvinnulífið

Frumkvöðlar

Öflug nemendafélög

Kjarnafög

Áralöng reynsla

Nýsköpun

Háskóli á heimsmælikvarða

Nám á Verkfræði- og náttúruvísindasviði býður þér fjölbreytt tækifæri og spennandi framtíð.
**Sæktu um núna – umsóknarfrestur um grunnnám í Háskóla Íslands er til 5. júní.**

**Nýjar námsleiðir í boði.**

Kynntu þér málið á www.von.hi.is

SIGILLUM UNIVERSITATIS ISLANDIAE

HÁSKÓLI ÍSLANDS

VERKFRÆÐI- OG NÁTTÚRUVÍSINDASVIÐ

# Fékk styrk vegna stígs í eigin landi

**Guðrún María Valgeirsdóttir, sveitarstjóri Skútustaðahrepps, fékk tíu milljónir úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða fyrir hönd Skútustaðahrepps til að laga göngustíga í landi Reykjahlíðar. Hún er forsvarsmaður Landeigendafélags Reykjahlíðar og á fjórðungshlut í landinu.**

**FERÐAMENNSKA** Iðnaðar- og viðskiptaráðherra undirritaði fyrir helgi reglugerð um úthlutun styrkja úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða til uppbyggingar og verndaraðgerða á ferðamannastöðum nú í sumar. Heildarúthlutun ráðuneytisins nemur um 380 milljónum króna.

Ferðamálastofa annast úthlutanir úr sjóðnum sem eiga nú að fara í brýnar framkvæmdir vegna verndunar náttúru eða öryggis ferðamanna. Framkvæmdasjóður ferðamannastaða óskaði eftir tillögum frá sveitarfélögum og opinberum aðilum um mögulegar framkvæmdir. Fyrir yrði þó að liggja skipulag til að hægt væri að fara í framkvæmdir strax á þessu ári.

Hið opinbera veitir fjörutíu milljónum til gerðar göngustígs og nýs útsýnispalls við Dettifoss að vestanverðu. Fyrirhugaðar framkvæmdir eru í landi Vatnajökulsþjóðgarðs. Landeigendafélag Reykjahlíðar áformar gjaldtöku á svæðinu í sumar. Auk þeirra fjörutíu milljóna sem fara í gerð göngustígs og útsýnispalls við Dettifoss verða tíu milljónir veittar í uppbyggingu og lagfæringu göngustíga við hveri austan Námaskarðs. Hverir þessir eru einnig í landi Reykjahlíðar.

### Sveitarstjóri er landeigandi

Þær tíu milljónir sem veittar eru til uppbyggingar göngustíga við hverina við Námaskarð eru veittar til Skútustaðahrepps. Oddviti Skútustaðahrepps, Guðrún María Valgeirsdóttir, svaraði fyrirspurn framkvæmdasjóðs um á hvaða stöðum hægt væri að ráðast í framkvæmdir á þessu ári í sveitarfélaginu. Nefndi hún umræddan göngustíg sem álitlegan kost. Guðrún María er einnig forsvarsmaður Landeigendafélags Reykjahlíðar og á fjórðungshlut í landinu.

Guðrún María sagði í viðtali við blaðamann Fréttablaðsins að engar breytingar væru áformaðar á gjaldtöku á svæðinu sem munu hefjast í sumar. Hún telur ekkert óeðlilegt við það að hún í nafni Skútustaðahrepps hafi óskað eftir styrk til lands í hennar eigu, lands sem landeigendur ætla svo að rukka aðgangseyri að. „Ég hef verið landeigandi í áratugi þarna og taldi mig ekki vera vanhæfa við að leggja fram lista um ferðamannastaði í sveitarfélaginu sem væru styrkhæfir úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða.“

> **„Ég hef verið landeigandi í áratugi þarna og taldi mig ekki vera vanhæfa við að leggja fram lista um ferðamannastaði í sveitarfélaginu sem væru styrkhæfir úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða.**
>
> *Guðrún María Valgeirsdóttir, sveitarstjóri Skútustaðahrepps, landeigandi og forsvarsmaður Landeigendafélags Reykjahlíðar.*

### Gjaldtaka áformuð

Landeigendafélag Reykjahlíðar áformar gjaldtöku á ferðamenn á þremur stöðum í landi sínu. Ferðamannastaðirnir eru meðal þeirra fjölsóttustu á Norðausturlandi. Staðirnir eru Dettifoss og hverirnir austan Námaskarðs, auk Leirhnjúks við Kröflu.

Á heimasíðunni natturugjald.is færa landeigendur rök fyrir áformaði gjaldtöku. Ágangur ferðamanna sé slíkur á þessa staði að náttúran þar sé komin að þolmörkum og sé engan veginn sjálfbær. Því sé nauðsynlegt að hefja uppbygginguna á þessum svæðum með náttúruna í fyrirrúmi. Gjaldinu verði varið til uppbyggingar á svæðinu, meðal annars gerðir göngustígar og útsýnispallar. Gjald sem landeigendur ætla að taka fyrir að skoða alla þrjá staðina nemur 2.888 krónum.

Því skýtur það skökku við að landeigendur ætli að taka gjald af ferðamönnum á þeim forsendum að bæta göngustíga á svæðinu þegar hið opinbera hefur þegar ákveðið að leggja 50 milljónir til að bæta aðgengi ferðamanna við þessa fjölsóttu ferðamannastaði.

sveinn@frettabladid.is



**NÁMASKARÐ** Hverirnir austan Námaskarðs eru meðal fjölsóttustu ferðamannastaða á Norðurlandi. Sveitarstjóri Skútustaðahrepps er formaður Landeigendafélags Reykjahlíðar sem áformar gjaldtöku á svæðinu í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

### → Guðrún María hættir 30. júní

Guðrún María Valgeirsdóttir, sveitarstjóri Skútustaðahrepps og formaður Landeigendafélags Reykjahlíðar, hættir sem sveitarstjóri þann 30. júní næstkomandi þegar ráðningarsamningur hennar rennur út. Hún hefur gefið það út að hún muni ekki sækjast eftir endurráðningu.

### → Fyrrverandi formaður gjaldþrota

Ólafur H. Jónsson hætti störfum sem formaður Landeigendafélags Reykjahlíðar þann 25. maí síðastliðinn. Daginn eftir var hann svo úrskurðaður gjaldþrota í Hæstarétti. Árangurslaust fjárnám var gert í bú Ólafs þann 2. september 2013. Námu kröfur í bú Ólafs tæplega 580 milljónum króna.


INVITATION BREAKFAST MEETING

THURSDAY JUNE 5TH, 2014 · HILTON REYKJAVIK NORDICA HOTEL

ICELAND'S BRIGHT FUTURE

Á morgunfundi Norsk-íslenska viðskiptaráðsins nk. fimmtudag, 5. júní, birtir DNB banki í fyrsta skipti greiningu á Íslandi, íslensku efnahagslífi og íslenska bankakerfinu. Håkan Fure, einn þekktasti greinandi á fjármálamarkaði í Noregi, hefur að undanförnu greint stöðu mála á Íslandi ásamt samstarfsfólki hjá greiningardeild bankans, og mun birta niðurstöður sínar á fundinum.

Fundurinn er haldinn á Hótel Nordica í samvinnu við Íslandsbanka og DNB banka. Þar mun Aldo Musacchio, prófessor frá Harvard Viðskiptaskólanum, sem meðal annars hefur kennt MBA nemum við Háskólann í Reykjavík, greina frá rannsóknum sínum á þróun efnahags- og fjármála á Íslandi. Musacchio er þekktur fyrir kenningar sínar um stefnumótun í efnahagsmálum og birti meðal annars spásögn um bankakreppuna á Íslandi í maí 2008

Afar áhugavert verður að bera greiningu hinna erlendu fræðimanna við viðhorf Íslendinganna sem taka til máls á fundinum, en hinn þekkti norski sjónvarpsmaður Geir Heljesen, mun leiða þátttakendur saman í viðræðu að loknum erindum þeirra.



8.30am – 9.00am
BREAKFAST AND NETWORKING

08.30 – 11.00am
OPENING & WELCOME ADDRESS
Sigrún Ragna Ólafsdóttir, CEO, VIS

ICELAND – OUR VIEW ON THE CURRENT MACRO SITUATION; CURRENT STATUS OF THE REPUBLIC
Jon Bentsson, economist/macro analyst, Íslandsbanki

ICELANDIC BANKS – BEST CAPITALIZED BANKS IN EUROPE
Håkon Fure, Equity Research, DNB Markets

BEST PRACTICE CASE: ICELANDAIR GROUP AND THE GROWTH OF TOURISM IN ICELAND
Björgólfur Jóhannsson, President and CEO Icelandair Group

BREAK

A GROWTH COUNTRY WITH A UNIQUE LOCATION: WHAT'S NEXT FOR ICELAND?
Aldo Musacchio, Associate Professor at Business, Government and International Economy Unit, Harvard Business School

ICELAND – WHAT NOW?
Bjarni Benediktsson, Minister of Finance, Iceland

DISCUSSION
A panel of the participants will debate the presentations, moderated by Geir Helljesen, former senior political reporter with Norwegian public broadcaster NRK and long term Iceland patriot.

Skráning: www.nih.is | frítt er á fundinn

The seminar is organized in cooperation with Norway-Iceland Chamber of Commerce, DNB Markets and Íslandsbanki, and addresses the challenges and opportunities facing Iceland in the short, medium and long term.

DNB MARKETS Íslandsbanki ANI




**KOSIÐ VIÐ ELDHÚSBORÐIÐ** Vafi leikur á því hvernig hægt er að tryggja að rafrænar kosningar sem fara fram á heimilum fólks séu leynilegar. NORDICPHOTOS/GETTY

Rafrænar kosningar sagðar tæknilega flóknar:

# Gera tilraunir í haust

**TÆKNI** Stærri rafrænar kosningar eru ekki raunhæfur möguleiki eins og staðan er í dag að mati Hauks Arnþórssonar, doktors í rafrænni stjórnsýslu. „Mitt svar er að það er almennt ekki álitið í lagi með slíka kosningu, ekki í alvöru kosningum,“ segir Haukur.



**HAUKUR ARNÞÓRSSON**

Þjóðskrá samdi í vetur við spænska fyrirtækið Scytl um afnot ríkisins af rafrænu kosningakerfi. Stefnt er að því að halda tvær íbúakosningar í haust til að prófa kerfið og er vonast til þess að þær leiði til þess að rafrænar kosningar verði teknar upp í næstu sveitarstjórnarkosningum og Alþingiskosningum. „Þetta er feykilega djörf og framsækin ákvörðun og það má alveg hugsa sér að yfirvöld fái eitthvað í bakið með það ef þau hafa tekið ákvörðun sem gengur of langt,“ segir Haukur. Óleyst séu vandamál sem tengjast rafrænni kosningu. „Í fyrsta lagi er kosningin ekki leynileg, síðan væri alltaf hægt að taka ljósmynd af atkvæðinu sínu ef þú ert með það á skjá eða á snjalltölvu. Það þýðir að þú opnar fyrir spillingu eins og sölu á atkvæðum.“

Haukur segir jafnframt að kosningaeftirlit Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu (ÖSE) yrði ómögulegt við framkvæmdina. Jafnframt stóraukist hætta á kosningasvikum.

„Það hefur verið talað um að það sé hægt að koma á svokölluðum heildsölusvikum, það er svikum sem tæknimenn geta framkvæmt, sem breytir heildarniðurstöðu kosninganna. Enda þótt forritunarkóðinn sé opinn og sýnilegur þá geti tæknimenn breytt keyrslukóðanum jafnvel þótt hann sé innsiglaður og þannig haft áhrif á niðurstöður.“



**MARGRÉT HAUKSDÓTTIR**

Margrét Hauksdóttir, forstjóri Þjóðskrár, segir kerfið sem Þjóðskrá búi yfir hafa reynst vel í þeim löndum sem hafa gert tilraun með rafræna kosningu. Í Noregi hefur utankjörfundaratkvæðagreiðsla í sveitarstjórnarkosningum og þingkosningum farið fram rafrænt í nokkrum sveitarfélögum.

„Kerfið er komið til okkar og við erum langt komin með að aðlaga það fyrir rafrænar íbúakosningar. Við treystum okkur í þetta með stuttum fyrirvara,“ segir hún. - ssb

Kominn til Þýskalands:

## Var fimm ár í haldi talibana

**ÞÝSKALAND, AP** Bandaríki hermaðurinn Bowe Bergdahl er kominn á sjúkrahús í Þýskalandi, en hann var látinn laus úr haldi talibana í Afganistan eftir að Bandaríkin sömdu um fangaskipti. Í staðinn fengu frelsið fimm menn sem hafa verið í haldi Bandaríkjamanna í Guantanamo-búðunum á Kúbu.

Bergdahl hafði verið fimm ár í haldi talibana í Afganistan, en fangarnir fimm sem sleppt var frá Guantanamo voru fluttir til Katar þar sem þeir þurfa að dvelja í að minnsta kosti eitt ár. - gb

Fatah og Hamas hafa kynnt nýja sameiginlega ríkisstjórn Palestínu og segja klofning vera úr sögunni:

# Ísraelar loka á allar viðræður við Palestínu

**PALESTÍNA, AP** Rami Hamdallah verður forsætisráðherra nýrrar ríkisstjórnar Palestínu. Bæði Fatah og Hamas standa að stjórninni og segjast hafa náð fullum sáttum eftir margra ára fjandskap.

Síðan 2007 hefur Hamas eingöngu haft yfirráð yfir herteknu svæðunum á Vesturbakkanum en Hamas farið með völdin á Gasaströnd.

„Í dag lýsum við yfir því að klofningurinn er úr sögunni og endurheimtum sameinað heimaland og stofnanir,“ sagði Mahmúd Abbas, forseti Palestínu, í sjónvarpsávarpi eftir að nýja stjórnin hafði formlega tekið við völdum.

Benjamín Netanjahú, forsætisráðherra Ísraels, brást ókvæða við og sagðist ekkert vilja ræða frekar um frið við Palestínumenn. Þvert á móti vildi hann nú beita Palestínumenn frekari refsiaðgerðum. Ísraelar líta á Hamas sem hryðjuverkasamtök og vilja bara ræða við Fatah-samtökin. Þegar Fatah hafi tekið höndum saman við Hamas geti Ísraelar ekkert rætt við Palestínustjórn. - gb



**NÝJA STJÓRNIN** Mahmúd Abbas og ráðherrar nýju stjórnarinnar fylgjast með Rami Hamdallah forsætisráðherra sverja embættiseið sinn. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**ÁFRAM BÆJARSTJÓRI** Gunnar hefur starfað hjá bænum frá árinu 1980. MYND/RÓSA JÓHANNSDÓTTIR

Bæjarstjóri komst ekki inn:

## Gunnar áfram við stjórnvölinn

**GARÐABÆR** Gunnar Einarsson verður áfram bæjarstjóri í Garðabæ eftir að Sjálfstæðisflokkurinn hélt sínum hreina meirihluta í bænum. Hann var áttundi maður á lista en flokkurinn fékk sjö menn kjörna af ellefu.

„Við ætlum bara að halda áfram okkar góða starfi,“ segir Gunnar.

Gunnar, sem hefur gegnt starfi bæjarstjóra í níu ár, var upphaflega settur í fyrsta sæti framboðslista sjálfstæðismanna en færði sig í það áttunda eftir deilur innan flokksins. - kak

Viðræður í Fjarðabyggð:

## D- og B-listar á leið í samstarf

**FJARÐABYGGÐ** Oddvitar Sjálfstæðisflokksins og Framsóknarflokksins í Fjarðabyggð hittust í gærkvöldi til að ræða áframhaldandi meirihlutasamstarf í bænum.

Flokkarnir hlutu samanlagt sex bæjarfulltrúa af níu í nýafstöðnum kosningum. Jens Garðar Helgason, oddviti sjálfstæðismanna, sagðist vongóður í gær um að jafnvel yrði meirihlutinn myndaður á fundinum.



**JENS GARÐAR HELGASON**

„Ég sé svo sem engin teikn á lofti um að það sé að fara að steyta á einhverju stóru,“ segir Jens Garðar. „Og ég er bjartsýnn maður að eðlisfari.“ - bá

Braut gegn konunni á vakt:

## Sló lögreglukonu á rassinn

**LÖGREGLUMÁL** Maður á Ísafirði hefur verið ákærður fyrir að slá lögreglukonu sem var við störf á rassinn þann 2. febrúar síðastliðinn. Í kjölfar þess að hann sló konuna ætlaði hún að handtaka manninn. Brást maðurinn illa við og reyndi að rífa sig lausan frá lögreglukonunni, auk þess sem hann barði hana í andlitið með olnboganum svo hún fékk skurð á hægri augabrún.

Mál gegn manninum var tekið fyrir í Héraðsdómi Vestfjarða í gær. Þess er krafist að honum verði refsað og hann dæmdur til að greiða allan sakarkostnað málsins. - ssb


110 ára
1904-2014
FÁLKINN
ÞEKKING REYNSLA ÞJÓNUSTA




Opnum á nýjum stað!

Velkomin

í nýja verslun okkar að
Dalvegi 10–14 í Kópavogi

Sími: 540 7000 • www.falkinn.is

# Konungur segir nóg komið

Jóhann Karl Spánarkonungur boðar afsögn sína. Syni falið að taka við. Hann hefur ríkt í 39 ár og naut lengi vinsælda og virðingar, ekki síst fyrir þátt sinn í því að tryggja að lýðræði tæki við af einræðisherranum Franco.

**SPÁNN, AP** Jóhann Karl Spánarkonungur tilkynnti þjóðinni í gær að hann ætlaði að afsala sér konungstign og fá syni sínum krúnuna í hendur.

Jóhann Karl sagðist hafa farið að undirbúa afsögn sína í janúar síðastliðnum, þegar hann varð 76 ára. Felipe krónprins er 46 ára og mun vinsælli en faðirinn.

Samkvæmt nýlegri skoðanakönnun, sem birt var í dagblaðinu El Mundo, eru 70 prósent Spánverja ánægðir með krónprinsinn, en aðeins 41 prósent með kónginn.

Jóhann Karl varð konungur árið 1975, tveimur dögum eftir að einræðisherrann Francisco Franco lést. Franco hafði stjórnað Spáni í nærri fjóra áratugi.

Jóhann Karl ávann sér virðingu og vinsældir á meðal margra Spánverja með því að sjá til þess að lýðræði tæki við af einræðisstjórn Francos. Þá kom Jóhann Karl árið 1981 í veg fyrir herforingjabyltingu.

Ímynd konungsins hefur hins vegar dökknað töluvert á seinni árum vegna hneykslismála sem farið hafa illa í þjóðina. Meðal annars þótti mörgum harla óskynsamlegt af konunginum að bregða sér í fílaveiðiferð árið 2012, einmitt á meðan Spánverjar þurftu að glíma við erfiðustu efnahagsþrengingar seinni ára. Í ferðinni mjaðmarbrotnaði konungurinn og þurfti að fljúga með hann í einkaþotu frá Botsvana til Spánar.

Þá hefur tengdasonur hans gert sitt til að sverta ímynd konungsfjölskyldunnar, en hann er grunaður um að hafa dregið sér fé í stórum stíl.

Heilsu Jóhanns Karls hefur hrakað nokkuð á síðustu árum, en í sjónvarpsávarpi sínu í gær minntist hann hvorki á heilsu sína né hneykslismálin. Þess í stað bar hann Felipe son sinn lofi: „Sonur minn, arftaki krúnunnar, er stöðugleikinn holdi klæddur.“

Letizia prinsessa, kona Felipes og þar með verðandi drottning Spánar, er fyrrverandi sjónvarpsfréttakona. Þau eiga tvær dætur, sjö og átta ára gamlar.

gudsteinn@frettabladid.is



**FEÐGARNIR** Filippus krónprins og Jóhann Karl faðir hans.



**GÖMLU DAGARNIR** Feðgarnir að leik fyrir nærri fjörutíu árum, rétt áður en Jóhann Karl tók við konungsembættinu. NORDICPHOTOS/AFP

➜ Tengdasonur Jóhanns Karls Spánarkonungs hefur gert sitt til að sverta ímynd konungsfjölskyldunnar, en hann er grunaður um að hafa dregið sér fé í stórum stíl.



**LÖGREGLA AÐ STÖRFUM Í PORTÚGAL** Litla stúlkan var þriggja ára þegar hún hvarf. NORDICPHOTOS/AFP

Lögreglan fylgir nýju spori:

## Leitað að líki Madeleine litlu

**PORTÚGAL** Portúgalska lögreglan hefur girt af svæði í Praia da Luz þar sem breskan stúlkan Madeleine McCann hvarf fyrir rúmum sjö árum. Talið er að lögreglan hafi fengið nýjar vísbendingar vegna hvarfs hennar og ætli að leita að líki litlu stúlkunnar sem var þriggja ára þegar hún hvarf.



**MADELEINE MCCANN**

Foreldrar Madeleine höfðu skilið hana og systkini hennar eftir þegar þau fóru til að snæða kvöldverð á veitingastað í nágrenni gististaðar þeirra. Foreldrarnir voru í fyrstu grunaðir um að hafa svipt dóttur sína lífi.

- ibs





Borgarholtsskóli er fjölbreyttur og framsækinn skóli sem leggur áherslu á að allir fái nám við sitt hæfi. Boðið er upp á margar námsleiðir í bóknámi, listnámi, iðnnámi og starfsnámi.

**Í boði eru eftirtaldar námsbrautir:**

**Bóknám til stúdentsprófs**
Félags- og hugvísindabraut
Náttúrufræðibraut
Viðskipta- og hagfræðibraut
Afreksíþróttasvið

**Framhaldsskólabraut**

**Iðnnám**
Bíliðngreinar
Málm- og véltæknigreinar (með möguleikum á stúdentsprófi)

**Sérnám** – innritun lokið

**Listnám** - kjörsvið
Leiklist (Nýtt!)
Kvikmyndagerð
Grafísk hönnun

**Þjónustubrautir**
Braut fyrir stuðningsfulltrúa í grunnskólum
Félagsliðabraut
Félagsmála- og tómstundabraut
Leikskólaliðabraut
Viðbótarnám félagsliða

Innritun nemenda úr grunnskóla lýkur 10. júní
Innritun fer fram á www.menntagatt.is

**Dreifnám**
Sjá upplýsingar og leiðbeiningar um innritun á www.bhs.is. Innritun í dreifnám málm- og véltæknigreina stendur yfir og lýkur 1. ágúst. Umsóknareyðublöð fyrir dreifnám eru á heimasíðu Borgarholtsskóla

**Sjá nánar um einstakar brautir: www.bhs.is**








**RÁÐHÚS REYKJANESBÆJAR** Sæki fráfarandi bæjarstjóri um starfið í Reykjanesbæ verður hann metinn á sama hátt og aðrir umsækjendur. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Vilja menntun á sviði fjármála og reksturs:

## Ætla að auglýsa eftir nýjum bæjarstjóra

**STJÓRNMÁL** Nýr meirihluti í Reykjanesbæ hefur tekið ákvörðun um að auglýsa eftir nýjum bæjarstjóra.

Meirihluti Sjálfstæðisflokks var felldur í Reykjanesbæ og í stað hans hafa Bein leið, Frjálst afl, sem er klofningsframboð úr Sjálfstæðisflokki, og Samfylking og óháðir myndað með sér nýjan meirihluta.

Guðbrandur Einarsson, oddviti Beinnar leiðar, segir nýjan bæjarstjóra ekki verða valinn eftir stjórnmálaskoðunum. „Við munum leita til ráðgjafafyrirtækja sem geta tekið það að sér að kalla eftir umsóknum. Við viljum fá fólk sem er menntað í peningalegu umstangi af því að við teljum vera fulla þörf á endurskipulagningu skulda og endurskipulagningu á rekstri.“

Árni Sigfússon, oddviti Sjálfstæðismanna, hefur verið bæjarstjóri í Reykjanesbæ síðastliðin tólf ár. Guðbrandur segir að ef Árni kýs að sækja um starfið verði hann metinn eins og aðrir umsækjendur. „Hann er með reynsluna en svo getur okkur greint á um getuna,“ bætir hann við.

- ssb



**Við viljum fá fólk sem er menntað í peningalegu umstangi af því við teljum vera fulla þörf á endurskipulagningu skulda og endurskipulagningu á rekstri.**

*Guðbrandur Einarsson, oddviti Beinnar leiðar*

FAO valdi fyrsta júní:

# Degi mjólkurinnar fagnað

**LANDBÚNAÐUR** Degi mjólkurinnar var fagnað víða um heim á sunnudag. Á vef Landssambands kúabænda kemur fram að allt frá árinu 2001 hafi FAO, Matvælastofnun Sameinuðu þjóðanna, staðið fyrir því að fagna 1. júní sérstaklega sem degi mjólkurinnar.

Tilgangurinn er sagður að vekja athygli á mikilvægi mjólkur sem næringar. Fram kemur á naut.is að Ísland sé ekki enn á meðal þeirra landa sem halda upp á daginn. - óká

Meirihlutaviðræður þriggja flokka eru sagðar ganga vel á Akureyri og meginlínurnar skýrar:

# Eiríkur Björn verður líklega endurráðinn

**AKUREYRI** Meirihlutaviðræður L-listans, Framsóknarflokks og Samfylkingar ganga vel samkvæmt heimildum Fréttablaðsins. Oddvitar flokkanna áttu fund í gær með Eiríki Birni Björgvinssyni.

Á fundinum kom fram vilji oddvita flokkanna til að halda áfram samstarfi við Eirík Björn. L-listinn réði hann til starfsins árið 2010 eftir að staðan var auglýst. Þar áður hafði hann verið bæjarstjóri Fljótsdalshéraðs í átta ár.

Eiríkur Björn Björgvinsson sagði í samtali við fréttamann að honum hugnaðist ágætlega að starfa áfram sem bæjarstjóri. Hann vildi hins vegar sjá hver meginstefna nýs meirihluta yrði í stjórn bæjarins áður en hann tæki endanlega ákvörðun.


**EIRÍKUR BJÖRN BJÖRGVINSSON**

L-listinn og Framsóknarflokkurinn gáfu það út fyrir kosningar að kæmust þeir flokkar í meirihluta yrði það ein af kröfunum að endurráða Eirík Björn sem bæjarstjóra. Samfylkingin var ekki eins afdráttarlaus, taldi samstarfið við Eirík hafa verið gott en vildi að faglega yrði staðið að ráðningu bæjarstjóra eftir kosningar. - sa


**HAFNARSTRÆTI Á AKUREYRI** Fyrir kosningar höfðu L-listi og Framsóknarflokkur sagt eina af kröfum sínum að Eiríkur Björn yrði áfram bæjarstjóri.



**Í FYRRA** Sigrún Ragna Ólafsdóttir forstjóri þegar bréf VÍS voru fyrst tekin til viðskipta í Kauphöllinni. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Lífeyrissjóður kaupir í VÍS:

# Á nú alls 9,82 prósenta hlut

**VIÐSKIPTI** Lífeyrissjóður verslunarmanna hefur aukið hlut sinn í VÍS um fimm prósentustig.

Sjóðurinn á nú 9,82 prósenta hlut í félaginu, samkvæmt tilkynningu hans til Kauphallarinnar.

Lífeyrissjóður verslunarmanna er næststærsti hluthafi tryggingafélagsins á eftir Klakka ehf. Klakki átti fyrir kaup lífeyrissjóðsins 30,9 prósenta hlut í VÍS.

Gengi bréfa VÍS í Kauphöllinni hækkaði um 0,88 prósent í viðskiptum gærdagsins og endaði í 9,20 krónum á hlut. - hg

Herferð heldur áfram:

# Samið um Iceland Naturally

**FERÐAMENNSKA** Áframhaldandi samningur um markaðs- og kynningarherferðina Iceland Naturally var undirritaður í gær.


**RAGNHEIÐUR ELÍN ÁRNADÓTTIR**

Ragnheiður Elín Árnadóttir, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, skrifaði undir samninginn.

Auk atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins eru Icelandic Group, Icelandair, Bláa lónið, ISAVIA, Reyka Vodka, Icelandic Glacial Water, Reykjavíkurborg, Íslandsbanki, Landsvirkjun, Íslandsstofa, utanríkisráðuneytið og forsætisráðuneytið aðilar að samningnum. Iceland Naturally er samstarfsverkefni ofangreindra aðila með hagsmuni á mörkuðum í Norður-Ameríku í huga. - fb

**LÖGREGLUMÁL**

### Hratt ekið í Suðurhlíð

Lögregla myndaði brot 14 ökumanna í Suðurhlíð í Reykjavík í gær. Fylgst var með ökutækjum sem var ekið í suðurátt, við Víðihlíð. „Á einni klukkustund, eftir hádegi, fóru 27 ökutæki þessa akstursleið og því ók meirihluti ökumanna, eða 52 prósent, of hratt,“ segir á vef lögreglunnar. „Meðalhraði hinna brotlegu var 46 km/klst. en þarna er 30 km hámarkshraði. Sá sem hraðast ók mældist á 61.“


Við eigum eins árs afmæli!

Afmælistilboð á fjölda heimilistækja frá Bosch og glæsilegri gjafavöru. Öll tilboð gilda til 6. júní eða á meðan birgðir endast. Verið velkomin!

Hér fyrir neðan má sjá nokkur sýnishorn af freistandi afmælistilboðum.


**Veggofn**
HBA20B121S
Stórt, 67 lítra ofnrými.
Með fimm hitunaraðgerðum.
**Afmælistilboð:**
**59.900 kr.**
Verð áður: 89.900 kr.


**Kæliskápur, hvítur**
KGV36NW20
Orkuflokkur A+. LowFrost-tækni.
CrisperBox-skúffa.
Mál (h x b x d): 186 x 60 x 65 sm.
**Afmælistilboð:**
**89.900 kr.**
Verð áður: 129.900 kr.


**Þurrkari**
WTE84103SN
Barkalaus. Tekur mest 7 kg.
Hraðkerfi 40 mínútur.
**Afmælistilboð:**
**99.900 kr.**
Verð áður: 129.900 kr.


**Ryksuga, blá**
BSD3020
2000 W. 3,5 lítra ryksugupoki.
Öflugar síur.
**Afmælistilboð:**
**14.900 kr.**
Verð áður: 19.900 kr.


**Þvottavél**
WAQ24461SN
Orkuflokkur A+++. Vindur upp í 1200 sn./mín. Tekur mest 7 kg.
**Afmælistilboð:**
**109.900 kr.**
Verð áður: 154.900 kr.


**Uppþvottavél, hvít**
SMU55M12SK
Orkuflokkur A++. 13 manna. Fimm kerfi. Hljóð: 44 dB (re 1 pW).
**Afmælistilboð:**
**129.900 kr.**
Verð áður: 189.900 kr.

*Líttu inn og gerðu frábær kaup.*

BOSCH
BÚÐIN
Hlíðasmára 3 · www.bosch.is · Sími 520 3090




KRINGLAN.IS

Tilboð gilda aðeins í dag og á meðan birgðir endast. Birt með fyrirvara um mynd- og prentvillur.

# 10-50% AFSLÁTTUR AÐEINS Í DAG!

## FRÁBÆR TILBOÐ FRÁ YFIR 100 VERSLUNUM OG VEITINGASTÖÐUM

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| HAGKAUP – Ein ferð betra verð<br>20% afsláttur af öllum fatnaði, snyrtivörum og skóm | Íglo & Indí<br>25% afsláttur af fatnaði, sértilboð á flísfatnaði | ENGLABÖRNIN<br>20% afsláttur af öllum vörum | BOSS HUGO BOSS<br>20% afsláttur af öllum vörum | herra GARÐURINN – klæðir þig vel<br>20% afsláttur af öllum vörum |
| L'OCCITANE<br>20% afsláttur af sturtusápum og hárvörum | augað<br>25% afsláttur af öllum vörum | prooptik gleraugu<br>25% afsláttur af öllum vörum | Sokkabúðin cobra Kringlunni<br>20% afsláttur af öllum vörum | Dúkkuhúsið<br>20% afsláttur af öllum vörum nema skóm |
| DÚKA<br>20% afsláttur af öllum vörum | JACK & JONES<br>15% afsláttur af öllum vörum | SELECTED<br>15% afsláttur af öllum vörum | VILA CLOTHES<br>15% afsláttur af öllum vörum | VERO MODA<br>15% afsláttur af öllum vörum |
| name it<br>20% afsláttur af öllum vörum | OUTFITTERS NATION<br>20% afsláttur af öllum vörum | UNITED COLORS OF BENETTON.<br>25% afsláttur af öllum vörum | Levi's<br>30-40% afsláttur af flestum vörum | Kaffitár<br>Kaffi- og te-uppákoma, smakk og kynningar |
| rhodium<br>20% afsláttur af íslenskum skartgripum | meba<br>20% afsláttur af íslenskum skartgripum | MAC<br>20% afsláttur af öllum vörum | gs skór<br>Allt að 30% afsláttur af öllum skóm | focus<br>Allt að 30% afsláttur af öllum skóm |
| BIANCO FOOTWEAR<br>20% afsláttur af öllum vörum | Casa<br>20% afsláttur af Ritzenhoff, Rosendahl og RCR Crystal vörum | SHARE<br>20% afsláttur af öllum vörum | Markaðstorgið<br>20% afsláttur af öllum vörum | b búsáhöld<br>20-50% afsláttur af völdum vörum |

A TILBOÐA SEM GILDA Í ALLAN DAG TIL MIÐNÆTTIS

FACEBOOK.COM/KRINGLAN.IS



Kringlan
Stærsti skemmtistaður í heimi!
NOVA
Nova tvöfaldar símnotkun sem fylgir snjallsíma-tilboðum
MÝRIN
20% afsláttur af völdum vörum
Marc O'Polo
20% afsláttur af völdum vörum
TUZZI
FASHION IS PERSONAL
20% afsláttur af öllum vörum
Kaffi Klassík
20% afsláttur af crepes á matseðli
Pizzeria Café Bleu Brasserie
20% afsláttur af salötum á matseðli
kello
20% afsláttur af öllum vörum
Gleraugað
25% afsláttur af öllum vörum
Mohawks
20% afsláttur af öllum vörum
next
20% afsláttur af öllum skóm og töskum
66° NORÐUR
20% afsláttur af 66°NORÐUR vörum
extra
20% afsláttur af öllum vörum
NEON KRINGLUNNI
20% afsláttur af öllum vörum
COMPANYS
10-30% afsláttur af öllum vörum
Deres
10-30% afsláttur af öllum vörum
URBAN
10-30% afsláttur af öllum vörum
SMASH
10-30% afsláttur af öllum vörum
galleri sautján
10-30% afsláttur af öllum vörum
Kultur menn
10-30% afsláttur af öllum vörum
Kultur
20% afsláttur af G-Star, skóm, American Vintage og Imperial
Sparkz
5 VERÐ allar vörur á 1.000 - 5.000 kr.
vodafone
Tilboð á iPad 4 - 4G á 79.990 kr., taska og heyrnartól fylgja! 20% afsláttur af öllum aukahlutum
NOLAND
20% afsláttur af öllum vörum
Sportmix
20% afsláttur af völdum vörum
BRIM
20% afsláttur af öllum vörum
SIX
3 fyrir 2 af öllum vörum
Iam
Kaupir eitt og færð annað á 50% afslætti
Dressmann
3 fyrir 2 af sumarvörum
iStore
10-50% afsláttur af öllum hulstrum og aukahlutum
BOSSANOVA
20% afsláttur af völdum vörum
FJÖLBREYTT SKEMMTIDAGSKRÁ AUK GLÆSILEGRA
JANÚAR
KRINGLAN.IS
Tilboð gilda aðeins í dag og á meðan birgðir endast. Birt með fyrirvara um mynd- og prentvillur.

# 10-50% AFSLÁTTUR AÐEINS Í DAG!

## FRÁBÆR TILBOÐ FRÁ YFIR 100 VERSLUNUM OG VEITINGASTÖÐUM

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| KISS<br>20% afsláttur af öllum vörum | POLARN O. PYRET<br>20% afsláttur af öllum vörum | Eymundsson<br>20% afsláttur af öllum vörum nema VITRA vörum | KASTANÍA<br>15-50% afsláttur af völdum vörum | Gallabuxnabúðin<br>20% afsláttur af öllum vörum |
| Boux Avenue<br>Spennandi tilboð á völdum vörum | SAMBÍÓIN<br>850 kr. á allar sýningar dagsins | Jens<br>20% afsláttur af öllum skartgripum | AVEDA<br>20% afsláttur af öllum vörum | SKÍFAN<br>20% afsláttur af öllum vínylplötum og tölvuleikjum |
| Café roma<br>Latte og cappuccino á 20% afslætti | PANDORA<br>20% afsláttur af völdum vörum | KÚNÍGÚND<br>20% afsláttur af öllum vörum | | |

Taktu þátt í Instagramleik Kringlunnar. **#miðnætursprengja**

**5x10.000 kr.** gjafabréf í verðlaun fyrir skemmtilegustu myndirnar.

# MIÐNÆTURSPRENGJA!

Fjölbreytt skemmtidagskrá auk glæsilegra tilboða sem gilda í allan dag til miðnættis

| | |
|---|---|
| Kl. 17.00 – 19.00 | Dagskrá fyrir börnin<br>Blöðrugerðarmenn<br>Andlitsmálun |
| Kl. 18.00 | Töframaðurinn ungi, **Jón Arnór**, sýnir á Blómatorgi |
| Kl. 19.00 | Svenni Þór á Stjörnutorgi |

Kvölddagskrá á Blómatorgi

| | |
|---|---|
| Kl 19.30 | Uppistand: Dóri DNA |
| Kl. 20.00 | Ragnheiður Gröndal |
| Kl. 21.00 | Helgi Björns |
| Kl. 22.00 | Diskólestin |
| Kl. 22.45 | Páll Óskar |

DJ Siggi Hlö þeytir skífur frá kl. 19.00 og á milli atriða.
Látbragðsleikarar, léttar veitingar, förðunarráðgjöf og kynningar í göngugötu.

A TILBOÐA SEM GILDA Í ALLAN DAG TIL MIÐNÆTTIS

FACEBOOK.COM/KRINGLAN.IS

Nálgast jafnt kynjahlutfall í sveitarstjórnum:

# Jafnt í bæjarstjórn – ójafnt heima

Ein af athyglisverðum niðurstöðum sveitarstjórnarkosninganna, sem hefur þó fengið litla athygli, er að hlutfall kynjanna í hópi sveitarstjórnarmanna nálgast nú mjög að vera jafnt. Samkvæmt bráðabirgðatölum er hlutfall kvenna í sveitarstjórnum á landinu öllu nú 44 prósent, en karla 56 prósent.

Þetta er gjörbreytt staða frá því sem var fyrir ekkert óskaplega löngu. Hlutfall kvenna í sveitarstjórnum er nú tvöfalt hærra en árið 1990, þegar það var 22 prósent. Í síðustu sveitarstjórnarkosningum var það um 40 prósent. Það vantar rétt herzlumuninn upp á að hægt hefði verið að fagna því á 100 ára afmæli kosningaréttar kvenna á næsta ári að kynjahlutfallið í sveitarstjórnum væri orðið jafnt.



Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is

Á undanförnum árum hafa verið skrifaðar nokkrar skýrslur og ráðizt í fleiri en eitt átaksverkefni til að rétta hlut kvenna í sveitarstjórnum. Vafalaust hefur eitthvað af því skilað árangri. Sumir flokkar hafa sett reglu um kynjakvóta á framboðslistum, en væntanlega ættu slíkar reglur að vera óþarfar; flokkarnir hljóta fyrir löngu að hafa áttað sig á því að það er vænlegt til árangurs að tefla fram bæði körlum og konum ofarlega á framboðslistunum.

Ein ástæðan fyrir hrakförum Sjálfstæðisflokksins í borgarstjórnarkosningunum um helgina er til dæmis alveg áreiðanlega að niðurstaða prófkjörs skilaði þremur körlum í efstu sæti framboðslistans – og munaði ekki óskaplega miklu að þeir yrðu einu fulltrúar flokksins í borgarstjórn.

Það er mikil breyting að hátt í helmingur sveitarstjórnarmanna sé konur. Þegar litið er undir yfirborðið er niðurstaðan samt ekki alveg eins glæsileg. Á framboðslistum fyrir kosningarnar í vor var aðeins þriðjungur oddvitanna konur. Það er samt talsverð fjölgun frá því sem var fyrir kosningarnar 2010, en þá voru konur í leiðtogasæti á fjórðungi framboðslistanna.

Í rannsókn sem gerð var á meðal kvenna í sveitarstjórnum og Fréttablaðið sagði frá í vor kom fram að konur endast skemur í stjórnmálastarfi í sveitarstjórnum en karlar og þeim finnst þær fá minni völd. Konur taka fremur að sér málaflokka á sviði velferðar- og menntamála en valdameiri stöður á sviði skipulags- og fjármála.

Í sömu könnun, sem Bergljót Þrastardóttir hjá Jafnréttisstofu stóð fyrir, kom fram að það sama gildir í sveitarstjórnunum og annars staðar á íslenzkum vinnumarkaði, vinnuumhverfið er íhaldssamt og gerir ráð fyrir kvöld- og helgarvinnu, en heima fyrir ríkir ekki jafnrétti í heimilisstörfum og barnauppeldi.

Átaksverkefnin og kynjakvótarnir kunna þannig að hafa hjálpað, en það sem tryggir raunverulegt jafnrétti í sveitarstjórnarpólitíkinni til framtíðar er að það ríki jafnrétti heima fyrir. Sókn kvenna á vettvangi sveitarstjórna er enn sem komið er miklu glæsilegri en sókn karla á vettvangi heimilis og fjölskyldu.

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRAR:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is,* Mikael Torfason *mikael@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
ISSN 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Hin fjögur fræknu

Meirihlutaviðræður Samfylkingar, Bjartrar framtíðar, Vinstri grænna og Pírata í Reykjavík hafa ekki farið fram hjá neinum. Oddvitar framboðanna hittast nú á leynifundum til að skipta með sér verkum fyrir komandi kjörtímabil. Það er öruggt að Dagur B. Eggertsson er næsti borgarstjóri og nokkuð líklegt að Björn Blöndal verði formaður borgarráðs. Sóley Tómasdóttir er reynslumeiri en Halldór Auðar Svansson og því er líklegt að hún taki að sér embætti forseta borgarstjórnar. Þá situr samt eftir spurningin um hvað Halldór fær út úr samstarfinu. Kannski finnst honum bara nóg að vera memm?



### Mest útstrikaði oddvitinn

Sóley Tómasdóttir hlýtur þann vafasama heiður að vera mest útstrikaði oddvitinn í nýliðnum borgarstjórnarkosningum. Hún og Sveinbjörg Birna Sveinbjörnsdóttir, oddviti Framsóknar, eru einu oddvitarnir sem komast á blað þeirra sem hlutu flestar útstrikanirnar. Tæplega tvö og hálft prósent kjósenda Vinstri græns strikuðu Sóleyju Tómasdóttur út. Sóley getur þó hrósað sér af því að það er öllu minna en í síðustu sveitarstjórnarkosningum en þá strikuðu rúmlega átta prósent kjósenda VG hana út eða færðu niður úr fyrsta sætinu.

### Sneiðin sem hvarf

Jóhannes Þór Skúlason, aðstoðarmaður og pólitískur ráðgjafi Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar skrifaði langan pistil á heimasíðu sína á kjördag. Yfirskrift hans var áskorun um stuðning við frambjóðanda Framsóknar í Hafnarfirði. Pistillinn sjálfur var vegar fyrst og fremst hugleiðing Jóhannesar um mannréttindi, umburðarlyndi og uppbyggilega rökræðu. Samsæriskenningasmiðir lásu strax úr pistlinum sneið til oddvitans í Reykjavík. Og þóttust svo hafa fengið sönnun þegar Jóhannes eyddi greininni af netinu, aðeins örfáum mínútum eftir að hún birtist.



snaeros@frettabladid.is, andri@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Húsnæðisvísitala

FJÁRMÁL



**Már Wolfgang Mixa**
fjármálafræðingur

Stefnt er að því af hálfu stjórnvalda að einungis verði hægt að taka óverðtryggð lán til fasteignakaupa. Þó taka um tveir þriðjuhlutar íslenskra heimila verðtryggð lán í dag, sem bera lægri raunvexti en óverðtryggð lán. Leigugjald peninga til fasteignakaupa yrði því dýrara.

Það eru margir ókostir við verðtryggð lán. Meðal þeirra er að verðtryggð lán miða við almennt verðlag þó svo að húsnæðislán séu til þess eins að lána fyrir kaupum á fasteign. Þetta skapaði misvægi árin 2002-2007 þegar fasteignaverð rúmlega tvöfaldaðist en verðbólga jókst rétt rúmlega fjórðung á sama tíma. Þegar sú þróun gekk til baka í framhaldi af hruninu 2008 sátu nýlegir kaupendur uppi með fasteign sem féll í virði á meðan höfuðstóll lána, tengdur almennu verðlagi, rauk upp. Slík verðbólguskot þurfa lántakar að taka einir á sig í verðtryggðu umhverfi.

Óverðtryggð lán eru aftur á móti engin lausn. Auk hærri raunvaxta sveiflast vaxtastig slíkra lána almennt í takti við verðlag, ekki fasteignaverð. Það vaxtastig náði til að mynda hæstu hæðum í kjölfar hrunsins, sem hefði verið versta tímasetning fyrir íslensk heimili hefðu húsnæðislán verið almennt óverðtryggð.

**➜ Húsnæðislánavísitalan er einnig ónæmari fyrir gengisbreytingum og upptaka hennar gæti því flýtt fyrir afnámi gjaldeyrishafta og jafnvel beintengingu við aðra gjaldmiðla.**

Lán tengd húsnæðisvísitölu, sem tengist vísitölu íbúðaverðs samkvæmt Þjóðskrá Íslands, er einföld lausn sem leysir ofangreind atriði. Höfuðstóll og greiðslubyrði slíkra lána hefðu snarhækkað árin 2002-2007. Umræða um slíka þróun hefði án efa dregið úr þeirri fasteignabólu. Aftur á móti hefði höfuðstóll lána og því greiðslubyrðin lækkað töluvert mikið árin 2008–2010, þegar mest á reyndi. Lánveitendur taka auk þess einnig á sig áhættuna ef veð af fasteignum lækkar en á sama tíma ættu raunvextir að vera jafnvel lægri en raunvextir verðtryggðra lána. Góð hagstjórn felst þá í því að viðhalda stöðugu fasteignaverði með gegnsæjum hætti. Húsnæðislánavísitalan er einnig ónæmari fyrir gengisbreytingum og upptaka hennar gæti því flýtt fyrir afnámi gjaldeyrishafta og jafnvel beintengingu við aðra gjaldmiðla.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRI:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is* **RITSTJÓRNARFULLTRÚI:** Álfrún Pálsdóttir *alfrun@frettabladid.is* **VIÐSKIPTI:** Fanney Birna Jónsdóttir *fanney@frettabladid.is* **MENNING:** Friðrika Benónýsdóttir *fridrikab@frettabladid.is* **DÆGURMÁL:** Lilja Katrín Gunnarsdóttir *liljakatrin@frettabladid.is* **VÍSIR:** Kolbeinn Tumi Daðason, *kolbeinntumi@365.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Lyfjaeitranir barna



HEILSA

Teitur Guðmundsson
læknir

Þegar maður er ungur að aldri, þá gildir einu af hvoru kyninu, er forvitnin ein af driffjöðrunum við að rannsaka heiminn. Það er gaman að fylgjast með börnum vaxa úr grasi, sjá þau læra með tímanum hvernig umhverfi þeirra virkar, hvaða hættur eru til staðar og hvernig beri að varast þær. Við sem eldri erum og höfum þegar gengið þessa vegferð vitum að nauðsynlegt er að hafa „vit“ fyrir þeim yngri og passa að þau fari sér ekki að voða.

Þetta á við um flesta hluti í umhverfi okkar. Margir þeirra eru áhugaverðir sökum litar, hljóðs eða hreyfingar og hver kannast ekki við ungabarnið sem fer að snerta sjónvarpsskjáinn sem sameinar alla þessa þrjá hluti í einum. Líklega er það þess vegna sem það er jafn góð barnapía og raun ber vitni og er örugglega ofnotað í þeim tilgangi víðast hvar. Að sama skapi eru spjaldtölvur í dag með snertiskjái og hafa þannig tekið forystuna í barnapíuhlutverkinu á mörgum heimilum með þeirri vídd sem þær bjóða upp á við að fanga huga barna okkar.

Allt er þetta eðlilegt út frá því sem börn veita athygli, en sem betur fer eru þau ekki stöðugt í slíkum tækjum og leita því á vit ævintýranna. Fikt og ýmist brölt, mestmegnis sakleysislegt, en í sumum tilvikum lífshættulegt. Það á sérstaklega við um lyf sem þau geta fundið víða á heimilum fólks, fæðubótarefni og vítamín sem líta út eins og sælgæti eru klárlega mjög spennandi fyrir litla einstaklinga að gleypa, því af eðlisávísun nota börn munninn til að átta sig á umhverfi sínu.

Við sjáum það reglubundið hérlendis að börn hafa komist í tæri við þessi efni og geta þau þá þurft á bráðri aðstoð að halda. Samkvæmt rannsóknum t.d. í Bandaríkjunum eru ríflega 67.000 börn meðhöndluð á ári hverju vegna lyfjaeitrunar, það er eitt barn á átta mínútna fresti allt árið um kring. Meira en hálfri milljón símtala foreldra er svarað árlega þar sem slíkar áhyggjur eru viðraðar. Til eru tölur um það hvar og hvernig þau komast í tæri við slík lyf, en í 40% tilvika er það hjá afa og ömmu, 30% hjá mömmu, 8% hjá föður og 12% hjá systkinum. Tæplega 30% eru á gólfinu, 20% í handtöskum og enn önnur 20% í skúffu sem barnið kemst í. Þetta eru afar áhugaverðar tölur og má eflaust heimfæra þær að einhverju leyti upp á Ísland.

**Leiðbeiningar um varnir**

Til eru samtök sem heita Safekidsworldwide þar sem ýmsan fróðleik er að finna og leiðbeiningar varðandi varnir gegn hinum ýmsu vágestum barna, þar á meðal lyfjaeitrana. Þessi samtök tóku við af National SAFE kids campaign í Bandaríkjunum sem barnabráðaskurðlæknirinn dr. Eichelberger stofnaði árið 1988. Honum ofbauð fjöldi þeirra barna sem létu lífið vegna aðstæðna sem hefði verið hægt að koma í veg fyrir. Nokkrar ráðleggingar eru afar einfaldar en geysilega öflugar sem forvörn, líkt og að geyma lyf og bætiefni þar sem börn komast ekki að þeim. Jafnvel þótt það séu engin börn á heimilinu dags daglega. Læstar hirslur, háir skápar, ekki í veskjum og þannig mætti lengi telja.

> Nokkrar ráðleggingar eru afar einfaldar en geysilega öflugar sem forvörn, líkt og að geyma lyf og bætiefni þar sem börn komast ekki að þeim.

Það er býsna langt og flókið mál að telja upp allt það sem getur valdið skaða og hvernig, en gott er að muna það að skammtastærðir eru háðar líkamsþunga í flestum tilvikum og mun oftar en ekki öllum tilvikum. Það er því augljóst að eitthvað sem er ætlað fullorðnum sem er 10-20 sinnum þyngri en barn getur ekki verið hollt, hið sama á við um bætiefni og vítamín. Göngum því varlega um þessi efni og komum sameiginlega í veg fyrir að þau valdi skaða hjá óvitanum.

Að þessu sögðu má ekki gleyma þeirri staðreynd að börn eldast og verða að unglingum og þrátt fyrir að maður skyldi ætla að þau þekktu hætturnar eiga sér samt stað lyfjaeitranir slíkra einstaklinga. Ástæðan er kaldranaleg og sorgleg, en þekkt er að vísvitandi inntaka til sjálfsskaða á sér stað í þessum aldurshópi. Við sjáum það á Íslandi sem annars staðar að áföll, vanlíðan, einelti og ýmsar aðrar ástæður, jafnvel ástarsorg, leiða til þess hörmulega gjörnings að ungur maður eða kona reynir að svipta sig lífi með lyfjum. Nauðsynlegt er að sporna við því að slíkt geti gerst með upplýstri og opinni umræðu, styðja og aðstoða þá sem líður illa og beina þeim í réttan farveg. Hér gildir þó ekki síst sama reglan og hjá óvitunum að lyf eru hættuleg, þau eru ætluð ákveðnum einstaklingi og engum öðrum. Sá hinn sami ber ábyrgð á öryggi sínu og þeirra sem í kringum hann eru.

## TÍSTIÐ



Svavar Knútur
@SvavarKnutur
1. júní
Er fórnarlambsspilið eitthvað eilífðargullkort Framsóknar?



Kristín Soffía
@KristinSoffia
1. júní
Heimsetuflokkurinn náði inn sjö mönnum – þeir munu sitja heima, öskra á sjónvarpið og tjá sig í athugasemdakerfum næstu fjögur árin.



Árni Svanur
@arnisvanur
1. júní
Heldur að Jón Gnarr sé einmitt vitur stjórnmálamaður. #kosningar




Keilir
Miðstöð vísinda, fræða og atvinnulífs
HÁSKÓLI ÍSLANDS




KLÁR FYRIR FRAMTÍÐINA?

Langar þig að komast í áhugavert, fjölbreytt og vel launað starf? **Tæknifræðinám Keilis og Háskóla Íslands** er hagnýtt BSc-nám og jafnframt eina tæknifræðinám landsins sem er **án skólagjalda.** Tæknifræðingar eru eftirsóknarverðir starfskraftar í atvinnulífinu en þeir starfa til að mynda við að nýta endurnýjanlega orku, eða þróa rafeinda- og tölvustýrðan búnað. Í náminu er mikil áhersla á verklega nálgun og að beita þekkingunni á raunveruleg verkefni í samstarfi við atvinnulífið. Stígðu skrefið og spreyttu þig við krefjandi nám sem skilar þér lengra í lífinu – kynntu þér tæknifræðinám á Keilir.net.

**Umsóknarfrestur í tæknifræði er til 5. júní.**

KEILIR // ÁSBRÚ // 578 4000 // keilir.net

## MERKISATBURÐIR

**1800** John Adams, forseti Bandaríkjanna, tekur sér lögheimili í Washington D.C. Hvíta húsið er þó ekki tilbúið.

**1844** Síðustu tveir geirfuglarnir sem vitað er um eru veiddir í Eldey.

**1926** Fílharmóníuhljómsveit Hamborgar, undir stjórn Jóns Leifs tónskálds, heldur tónleika í Iðnó í Reykjavík og eru þeir sagðir mesti listviðburður í sögu landsins.

**1932** Ríkisstjórn undir forsæti Ásgeirs Ásgeirssonar tekur við völdum.

**1937** Flugfélag Akureyrar er stofnað, er síðar varð Flugfélag Íslands, hið þriðja með því nafni. Það sameinaðist síðar Loftleiðum og myndaði Flugleiðir.

**1946** Fimm farast og fimmtíu manns missa heimili sín í miklum eldsvoða á Ísafirði.

**1951** Fyrsta óperan sett á svið í Þjóðleikhúsinu: Rigoletto eftir Verdi.

**ÞETTA GERÐIST** 3. JÚNÍ 1979

# Eitt stærsta olíuslys sögunnar

Á þessum degi árið 1979 kom upp leki í olíuborpallinum Ixtoc fyrsta. Borpallurinn var í eigu mexíkóska fyrirtækisins Pemex sem leitaði olíu í Mexíkóflóa, um þúsund kílómetra suður af ströndum Texas.
Úr lekanum varð eitt mesta olíuslys sögunnar en stuttu eftir að olían braust upp á yfirborð sjávarins kviknaði í henni og borpallurinn brann. Olía hélt því áfram að seytla úr borholunni og í marga mánuði reyndu sérfræðingar að finna lausnir til að stífla holuna og hemja útbreiðslu olíunnar. Ekki tókst að finna leið til að byrgja brunninn fyrr en 23. mars árið eftir en talið er að milli tíu og þrjátíu þúsund tunnur af hráolíu hafi farið í sjóinn á hverjum degi þangað til.

Olíubrák myndaðist og rak að landi í Mexíkó. Straumarnir í flóanum báru líka hluta olíunnar upp að ströndum Texas-ríkis, þangað sem hún náði tveimur mánuðum eftir slysið. Höfðu yfirvöld þá reynt að búa sig undir afleiðingar olíumengunarinnar eftir fremsta megni.



# Ágúst og Eva Þyri flytja Sólarsöngva

**Síðustu tónleikarnir í röðinni Þriðjudagsklassík í Garðabæ eru í kvöld. Ágúst Ólafsson barítónsöngvari og Eva Þyri Hilmarsdóttir píanóleikari elta sólina í ljóðum og tónum.**

Þriðju og síðustu tónleikarnir í tónleikaröðinni Þriðjudagsklassík í Garðabæ að þessu sinni verða í kvöld klukkan 20 í sal Tónlistarskóla Garðabæjar. Þar koma fram hjónin og Garðbæingarnir Ágúst Ólafsson barítónsöngvari og Eva Þyri Hilmarsdóttir píanóleikari.

Tónleikarnir bera yfirskriftina Sólarsöngvar og segir Ágúst að hugmyndin sé búin að vera að gerjast hjá þeim Evu Þyri í um tvö ár. „Hugmyndin sjálf er ekki flókin: að fylgja sólinni á ferðalagi sínu frá upprás til sólarlags í ljóði og tónum frá ýmsum löndum. Þýskur veiðimaður vekur sólina með söngvum sínum, í Finnlandi fær snjókorn loks þá ósk sína uppfyllta að deyja við koss hennar, í Frakklandi horfir maður á sína heittelskuðu, þar sem hún sefur í skugga miðdegissólarinnar og í ljósaskiptunum gerast undarlegir hlutir á hóteli í Dublin sem og á Íslandi, svo eitthvað sé nefnt. Ljóða- og lagalistinn verður sem sagt fjölbreytilegur og skemmtilegur, nokkurs konar bland í poka með mörgum af uppáhaldslögum okkar,“ segir Ágúst.

Tónleikarnir taka um klukkustund, án hlés. Að Þriðjudagsklassík í Garðabæ stendur Menningar- og safnanefnd Garðabæjar en listrænn stjórnandi er Ingibjörg Guðjónsdóttir, söngkona og kórstjóri.

fridrikab@frettabladid.is



**FYLGJA SÓLINNI** „Hugmyndin sjálf er ekki flókin: að fylgja sólinni á ferðalagi sínu frá upprás til sólarlags í ljóði og tónum.“

---



Okkar ástkæri

**EMIL JÓN BJÖRNSSON**

lést í Svíþjóð 28. apríl. Útförin fer fram frá Akureyrarkirkju föstudaginn 6. júní klukkan 10.30.

**Björn Erlendsson**
**Sólveig Eva Björnsdóttir**
**Dagný Hrund Björnsdóttir**
**Alma Kristín Björnsdóttir**
**Sólveig Guðmundsdóttir**
**Árný Bjarnadóttir**
**Lilja Jónsdóttir**
**Samúel Björn Sólveigarson**
**Arnþór Brynjarsson**

---



Útför elsku dóttur okkar, systur, unnustu og barnabarns,

**TINNU INGÓLFSDÓTTUR**

verður gerð frá Akureyrarkirkju föstudaginn 6. júní nk. kl. 13.30.

**Inga Vala Jónsdóttir** **Ingólfur Samúelsson**
**Steinar, Logi og Ragnhildur Ingólfsbörn**
**Kristján Helgi Hjartarson**
**Sólveig Guðmundsdóttir**
**Ragnhildur Ingólfsdóttir** **Samúel Jóhannsson**

---



Eiginkona mín, dóttir okkar og systir,

**HRUND GUNNARSDÓTTIR**
**Suðurgötu 56, Hafnarfirði,**

lést 29. maí. Útförin verður auglýst síðar.

**Fyrir hönd aðstandenda og vina,**
**Einar Magnús Magnússon**

---



Yndislegi maðurinn minn, pabbi okkar, tengdapabbi, afi, langafi og bróðir,

**BERGMUNDUR ÖGMUNDSSON**
**skipstjóri og útgerðarmaður í Ólafsvík,**

sem andaðist miðvikudaginn 21. maí á dvalarheimilinu Jaðri í Ólafsvík verður jarðsunginn frá Ólafsvíkurkirkju miðvikudaginn 4. júní kl. 14.00.

**Sigríður Þóra Eggertsdóttir**
**Þórdís Bergmundsdóttir** **Elvar Guðvin Kristinsson**
**Elsa S. Bergmundsdóttir** **Aðalsteinn Snæbjörnsson**
**Bergmundur Elvarsson** **Sunna Kristinsdóttir**
**Jóhann Ögri Elvarsson** **Rut Helgadóttir**
**Snæbjörn Aðalsteinsson** **Guðrún Magnea Magnúsdóttir**
**Hólmkell Leó Aðalsteinsson**
**Sindri Már, Darri, Patricia, Máni og systkini hins látna.**

---



Yndislegi sambýlismaðurinn minn, pabbi okkar, tengdapabbi og afi,

**HAUKUR ÞORGILSSON**
**Lækjarbrún 33, Hveragerði,**

lést á LSH Fossvogi, föstudaginn 23. maí. Útför hans fer fram frá Landakirkju, Vestmannaeyjum laugardaginn 21. júní kl. 14.00. Blóm eru vinsamlegast afþökkuð en þeim sem vilja minnast hans er bent á líknarfélög.

**Hrefna Sighvatsdóttir**
**Svana Lára Hauksdóttir** **Guðbjörn Kristvinsson**
**Katrín Hauksdóttir** **Viktor Elfar Bjarkason**
**Helga Margrét Hauksdóttir** **Ben Mathew**
**Haukur Jóhann Hauksson**
**Haukur Freyr Viktorsson og Ísak John Mathew**

---



Ástkær eiginkona mín, móðir, systir, mágkona og frænka,

**RÓSA SIGRÍÐUR GUNNARSDÓTTIR**
**sjúkraliði,**

varð bráðkvödd á heimili sínu mánudaginn 26. maí sl. Útförin fer fram frá Kópavogskirkju miðvikudaginn 11. júní kl. 13.00.

**Fyrir hönd ættingja og vina,**
**Hannes Kristinsson**
**Beta Dagný Hannesdóttir**
**B. Sólveig Gunnarsdóttir** **Böðvar Böðvarsson**

---



Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**TRÚMANN KRISTIANSEN**
**fyrrv. skólastjóri á Hvolsvelli og í Hveragerði,**

andaðist á dvalarheimili Hrafnistu í Hafnarfirði aðfaranótt laugardagsins 31. maí.

**Birna Frímannsdóttir**
**börn, tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

**HREFNA GUÐMUNDSDÓTTIR**
**Frostaskjóli 13, Reykjavík,**

lést 30. maí síðastliðinn á Landspítalanum í Fossvogi. Útförin fer fram frá Neskirkju föstudaginn 6. júní kl. 11.00.

**Ólafur Einarsson**
**Sigríður Ólafsdóttir** **Jens Sigurðsson**
**Þórhildur Ólafsdóttir** **Þorsteinn M. Gunnsteinsson**
**Hólmfríður Jensdóttir** **Óli Halldór Konráðsson**
**Hrefna Jensdóttir**
**Hildur Hrönn Þorsteinsdóttir** **Bragi Már Ottesen Valbjörnsson**
**Sigrún Jensdóttir** **Gísli Viðar Oddsson**
**Bryndís Þorsteinsdóttir**
**og langömmubörn.**

---



Okkar ástkæra

**VALDÍS HALLDÓRSDÓTTIR**
**áður Kvisthaga 27, Reykjavík og Lækjarbrún 8, Hveragerði,**

lést 27. maí á hjúkrunarheimilinu Hömrum, Mosfellsbæ. Útförin fer fram frá Fossvogskirkju miðvikudaginn 4. júní kl. 15.00.

**Hjördís Halldórsdóttir og fjölskylda**
**börn Gunnars Eggertssonar og fjölskyldur þeirra.**

---



Elskuleg systir mín og frænka okkar,

**RÓSA SIGRÍÐUR JÓSEPSDÓTTIR**
**Grensásvegi 54,**

lést á krabbameinsdeild Landspítalans mánudaginn 26. maí. Útför hennar fer fram frá Grensáskirkju miðvikudaginn 11. júní kl. 13.00. Sérstakar þakkir fær starfsfólk 11E.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Laufey Jósepsdóttir**
**Sigurbjörg Helga Bjarnadóttir**
**Bergþór Jónasson**
**Eva Ösp Bergþórsdóttir og fjölskylda**
**Tinna Sif Bergþórsdóttir og fjölskylda**

---



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**KRISTINN EINARSSON**
**rafverktaki,**
**Björk,**
**Bollagörðum 18, Seltjarnarnesi,**

andaðist að Hrafnistu Hafnarfirði föstudaginn 30. maí. Útförin fer fram frá Neskirkju föstudaginn 6. júní kl. 15.00.

**Gunnhildur Ó. Pálsdóttir**
**Anna Kristín Kristinsdóttir**
**Páll Einar Kristinsson** **Kristín Hannesdóttir**
**Halldór Kristinsson** **Hjördís Baldursdóttir**
**afa- og langafabörn.**

# FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



## VATNIÐ FRÍSKAÐ UPP

**Allir þurfa vatn í kroppinn og gott er að venja sig á að drekka það með matnum. Til að gera vatnið spennandi fyrir börn má setja út í það til dæmis sítrónur, límónur, appelsínur, ber, agúrku, ferska mintu eða basilíkulauf. Vatnið fær fallegan lit og gott bragð.**


Rauðrófukristall

sem **stingur** keppinautana af*

Nitric Oxide samanburður

**Ein teskeið SuperBeets jafngildir**

*3 lífrænum rauðrófum eða 25 rauðrófuhylkjum*

**Ein dós af SuperBeets jafngildir**

*90 lífrænum rauðrófum,*

*30 flöskum af 500 ml rauðrófusafa, (= 15 lítrum)*

*eða 750 rauðrófuhylkjum*







Umboð: vitex - www.superbeets.is

Fæst í Apótekum og heilsubúðum




**KAREN HAUKSDÓTTIR** Sykurþörfin minnkaði og líðanin batnaði með Raspberry Ketones. MYND/DANÍEL

# LOSNAÐI VIÐ SYKURÞÖRFINA

**GENGUR VEL KYNNIR** *Raspberry Ketones hefur hjálpað bæði konum og körlum að losna við aukakíló og sykurþörfina sem margir glíma við. Innihald er hindberjakjarni og grænt te sem hefur jákvæð áhrif á orku og úthald.*

Karen Hauksdóttir er 41 árs og starfar við garðyrkju á höfuðborgarsvæðinu.

„Ég hef tekið Raspberry Ketones frá því að það kom á markað hér á Íslandi. Ég hef ekki haft mikla trú á svona töflum hingað til en ákvað að prófa Raspberry og viti menn, eftir rúmar tvær vikur uppgötvaði ég að sykurþörfin sem ég hef glímt við lengi var farin. Nú er ég er ekki að tala um minni sykurþörf heldur bara alls enga! Ég áttaði mig á því eftir að ég fór að taka Raspberry að ég átti sama nammið í skál á stofuborðinu þangað til ég endaði með að henda því í ruslið. Ég nota belti á vinnubuxunum mínum og hef lengi verið að setja pinnann í gat 5, núna er ég komin í gat 7 og finnst það nú bara stórmerkilegt á svo skömmum tíma. Ég er ekki frá því að ég sofi líka betur og sé orkumeiri. Mér finnst ég heldur ekki þurfa að borða eins mikið og áður. Oft var ég að verða hungurmorða þegar kaffitíminn kom og var þá samt búin að fá mér sætindi milli mála. Nú hef ég varla drukkið kók í fjórar vikur heldur drekk orðið eingöngu vatn og suðusúkkulaðið fer bara í jólabaksturinn. Ég mæli eindregið með Rasberry Ketones og vil að aðrir viti af því!“




**ÚTSÖLUSTAÐIR:**

Helstu apótek, heilsubúðir og heilsuhillur stórmarkaða og verslana. Nánari upplýsingar á www.gengurvel.is.


Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is




**Heyrðu umskiptin**

**Fáðu heyrnartæki til reynslu**



**Fyrstu heyrnartækin sem tengjast þráðlaust við snjalltæki**

HEYRN

HEYRNARÞJÓNUSTA

Hlíðasmári 11, Kópavogur - heyrn.is

Tímapantanir 534 9600

# BEST AÐ GEFA BREYTINGUM TÍMA

**MATUR** *Næringarfræðingurinn Anna R. Magnúsardóttir segir taka tíma að breyta mataræðinu og hefur skipt ferlinu í fimm skref.*

Um níu af tíu dauðsföllum á Íslandi stafa af sjúkdómum sem eru að einhverju leyti af völdum lífsstíls. Auk þess búa margir við örorku. „Glötuð góð æviár“ er kvarðinn sem Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin WHO notar yfir ár sem glatast vegna örorku og ótímabærra dauðsfalla samanlagt.

Á þetta er bent í nýjasta tölublaði SÍBS en blaðið er tileinkað breyttum lífsstíl. Í leiðara blaðsins segir framkvæmdastjórinn Guðmundur Löve að stærstu ógnirnar við heilsufar landsmanna séu stoðkerfisraskanir, geðraskanir, krabbamein og hjarta- og æðasjúkdómar. Lífsstílsbreyturnar að baki þessum sjúkdómum eru meðal annars mataræði, hreyfing, tóbaksreykingar, áfengis- og vímuefnanotkun, streita og andleg líðan.

Í blaðinu er fjallað um hvernig bæta megi þessa þætti með það að markmiði að bæta og lengja lífið. Heilsuráðgjafinn Anna Ragna Magnúsardóttir er einn greinahöfunda og ritar pistil undir heitinu „Hvernig breyti ég mataræðinu?“ Hún segir marga hafa í hyggju að gera breytingar til hins betra. Sumum tekst ætlunarverkið en öðrum ekki. Hún segir yfirleitt ganga betur hjá þeim sem gefa breytingunum tíma og skiptir ferlinu í fimm stig:



**ENGINN ER FULLKOMINN** „Mataræðið þarf ekki að verða fullkomið, bara talsvert betra en það var,“ segir Anna Ragna. MYND/VILHELM




**STIGIN FIMM** Nánar má lesa um stigin fimm á vef sibs, www.sibs.is en Anna Ragna heldur auk þess úti bloggsíðunni www.heilraedi.blogspot.com.

**1. stig Afneitun/uppgjöf** Að trúa því ekki að neitt sé að eða hafa gefist upp á að reyna að venja sig á hollari mat.

**2. stig Íhugun** Að vita af slæmu mataræði og íhuga að gera eitthvað á næstu sex mánuðum.

**3. stig Undirbúningur** Að vera búinn að ákveða að breyta mataræðinu innan mánaðar og hafa trú á eigin getu.

**4. stig Framkvæmd** Að vera byrjaður að breyta mataræðinu jafnvel þótt það sé bara í skrefum.

**5. stig Viðhald** Að hafa breytt mataræðinu á síðastliðnum sex mánuðum og vinna í að halda því við.

Anna Ragna segir flesta ganga í gegnum eitt eða fleiri bakslög, oftast niður á 2. eða 3. stig. Nái fólk að viðhalda mataræðinu í sex mánuði bendir það að hennar sögn til þess að það sé að festast í sessi.

### LOKAMARKMIÐIÐ MÁ EKKI VERA OF STRANGT

Anna Ragna er næringarfræðingur og doktor í heilbrigðisvísindum. Hún rekur heilsuráðgjöfina Heilræði. Til hennar leitar meðal annars fólk sem hefur gert margar tilraunir til að breyta um mataræði og lífsstíl.

Anna Ragna segir algengt að falla í þá gryfju að setja sér of strangt markmið. „Ég ráðlegg fólki að gera breytingarnar í skrefum og að hafa lokatakmarkið ekki of strangt. Fæstir halda það til dæmis út að borða aldrei framar óhollan mat.“

### HORFST Í AUGU VIÐ HINDRANIR

„Margir fara öfgakennt af stað og finnst þeir þannig ná stjórn á eigin lífi. Fólk fyllist bjartsýni í fyrstu en til lengdar verður það þreytt og upplifir skortstilfinningu sem getur jafnvel orðið að þráhyggju. Það fer þá að dreyma um óholla matinn sem það má aldrei aftur bragða. Þá er hætt við því að þeir springi á limminu og borði yfir sig af óhollustunni og verði svo enn strangari við sig á eftir. Þetta getur jafnvel þróast út í átröskun,“ segir Anna Ragna.

Hún segir vænlegra að gefa sér lengri tíma í undirbúning. Hún er farin að leggja ákveðnar spurningar fyrir fólk til að fá það til að hugsa dýpra. Það þarf til dæmis að svara því hversu tilbúið það er að breyta mataræðinu, hversu mikla trú það hefur á því að það takist, hvaða hindranir eru fyrir hendi og hverjir eru kostir og gallar þess að halda óbreyttum lífsstíl. Eins þarf að horfast í augu við hindranirnar og sumir þurfa jafnvel meðvitað að kveðja og jafnvel syrgja þann lífsstíl sem veitti þeim nautn eða var þeim áreynslulaus. Fólk þarf auk þess að búa sig undir freistingarnar sem ávallt munu verða á vegi þeirra og átta sig á því að hrösun er eðlileg. Það þarf ekki að gera of mikið úr hrösun heldur draga lærdóm af henni og halda áfram. Þá segir Anna Ragna mikilvægt að umbuna sjálfum sér fyrir skref í rétta átt. „Umbun og hrós er mun árangursríkari aðferð til að breyta hegðun en refsing.“

### LÍFSTÍÐARVERKEFNI

Hafi fólk náð að viðhalda fimmta stiginu í sex mánuði eða lengur er það vísbending um að nýtt mataræði sé að festa sig í sessi. Hættan á bakslagi er þó ekki liðin hjá. „Best er að líta á þetta sem lífstíðarverkefni. Það er í raun hægt að taka ævina í að gera pínulitlar breytingar á mataræði og lífsstíl,“ segir Anna Ragna. „Það er svo gefandi að finna að maður er alltaf á réttri leið. Þannig njótum við líka vegferðarinnar. Það er líka mikilvægt að hafa það í huga að mataræðið þarf ekki að verða fullkomið, bara talsvert betra en það sem fyrir var.“

vera@365.is

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.
Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal** | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**
Sölumenn: **Bryndís Hauksdóttir,** bryndis@365.is, s. 512 5434
**Kolbeinn Kolbeinsson,** kolli@365.is, s. 512 5447






# BÍLAR

ÞRIÐJUDAGUR 3. JÚNÍ 2014




# FIAT AÐ LEGGJA AF LANCIA-MERKIÐ

## Framleiðir nú þrjár gerðir bíla en hættir framleiðslu einnar í ár, annarrar á næsta ári og líklega þriðju í kjölfarið.

Hið dáða bílamerki Lancia er að öllum líkindum að syngja sitt síðasta og munu margir gráta brotthvarf þess. Lancia hefur í gegnum árin framleitt margan snilldarbílinn og eru kumpánarnir í Top Gear stöðugt að mæra framleiðslu þess gegnum marga áratugi. Það mun þó ekki duga merkinu til lífs ef áætlanir eiganda þess, Fiat, ganga eftir. Eftir tvö ár verður einungis framleidd ein gerð Lancia-bíla, þ.e. Ypsilon-smábíllinn, og verður hún eingöngu seld á Ítalíu, heimavelli Lancia. Partur af vanda Lancia er sú staðreynd að merkið er mjög ókunnugt kaupendum bíla utan Ítalíu og að það á mjög fáa aðdáendur utan heimalandsins, nema hvað varðar eldri gerðir Lancia-bíla. Talið er að þessar áætlanir Fiat séu í raun svanasöngurinn fyrir Lancia og að innan afar fárra ára hverfi merkið af sjónarsviðinu.

### Ekki pláss vegna Alfa Romeo og Maserati

Áhersla Fiat verður á Alfa Romeo- og Maserati-bíla til að þjóna efnaðri kaupendum. Því sé ekkert pláss fyrir Lancia-bíla og merkið sé aðeins að þvælast fyrir Fiat, sem einnig á og stjórnar Chrysler- og Jeep-bílamerkjunum bandarísku. Margir minnast frægra og fallega hannaðra Lancia-bíla, ekki síst Aurelia Spider-bílsins sem Brigitte Bardot ók um á í myndinni And God Created Women árið 1956. Sala Lancia-bíla minnkaði um 20 prósent á síðasta ári og hefur fallið mjög á síðustu árum, en heildarsalan í fyrra var 75.000 bílar. Nú framleiðir Lancia Ypsilon-smábílinn, Delta-fjölskyldubílinn og Voyager-fjölnotabílinn. Framleiðsla Delta hættir í ár og Voyager á næsta ári. Breyttur Ypsilon kemur á næsta ári, en sá bíll hefur verið einn söluhæsti bíll á Ítalíu á síðustu árum.

### Mikil reiði á meðal Ítala

Árið 2010 var haft eftir Sergio Marchionne, forstjóra Fiat, að planið væri að spýta í varðandi Lancia-merkið og selja 300.000 bíla á ári innan fárra ára. Nú hafa hlutirnir aldeilis breyst og dagar Lancia virðast taldir. Ítalir eru mjög andsnúnir áætlunum Sergio Marchionne og Facebook-síðan „Yes to Lancia, No to Marchionne“ hefur fengið 9.000 „like“ á skömmum tíma. Erfitt hefur reynst að halda bílamerkjum á lífi sem aðeins treysta á kaupendur í heimalandi sínu og fyrir skemmstu ákvað General Motors að bregða hnífi á háls Holden-merkisins í Ástralíu og verður framleiðslu þar hætt á næstunni. Holden-bílar voru aðeins til sölu í Ástralíu. Sú ákvörðun Marchionne að drepa ekki snögglega í Lancia, heldur halda aðeins lífinu í merkinu, hafa sumir bent á að sé taktísk ákvörðun hjá forstjóranum og að hann vilji sjá hvernig endurreisn Alfa Romeo gengur áður en hann auglýsir jarðarför Lancia. Því er enn örlítil von fyrir framhaldslíf Lancia, en sú von er lítil.






## Audi RS3 með 525 hestöfl í Wörthersee

Í lok liðins maí, eins og ár hvert, fer fram sýning á kraftmiklum bílum við vatnið Wörthersee í Austurríki. Þar koma bíláhugamenn saman og sýna og sjá afrakstur hver annars við breytingar á hefðbundnum bílum frá Volkswagen-bílafjölskyldunni í kraftmiklar spyrnukerrur. Þar fara náttúrulega fremstir í flokki bílaframleiðendurnir sjálfir; Volkswagen, Audi, Skoda, Seat og önnur þau bílamerki sem tilheyra hinni stóru bílafjölskyldu Volkswagen.

Einn af flottari bílum sem sýndir verða í ár er þessi Audi RS3-bíll. Hann er ekki með þá 2,0 lítra vél sem verksmiðjuframleiddur Audi RS3 er með heldur 2,5 lítra og fimm strokka forþjöppudrifna vél sem skilar litlum 525 hestöflum til allra hjólanna. Þessi bíll er ekki nema 3,6 sekúndur að skila sér í 100 km hraða og hámarkshraðinn er 306 km/klst. Hann stendur á 21 tommu álfelgum og er með kolefniskeramikbremsum. Fjöðrun bílsins hefur verið breytt til að takast á við allt aflið og veitir víst ekki af. Margir athyglisverðir bílar hafa sést á Wörthersee-dögunum, sem hófust nú 28. maí og stóðu til 31. maí, bílar eins og Audi A1 Clubsport Quattro, Volkswagen GTI W-12-650 og Skoda Fabia RS 200 Roadster.



## Toyota verðmætasta bílamerkið

Toyota varði toppsæti sitt í könnun BrandZ á verðmætustu bílaframleiðendum heims og BMW hélt einnig öðru sætinu frá árinu áður. Toyota er verðmetið á 29,6 milljarða Bandaríkjadali, en það samsvarar 3.345 milljörðum króna. Toyota er númer 26 á lista allra fyrirtækja heims, en virði þess jókst um 21 prósent á milli ára. BMW var í 32. sæti á heildarlistanum, virði þess 2.905 milljarðar króna en hækkunin milli ára þó öllu lægri en hjá Toyota, eða sjö prósent. Mercedes Benz er í þriðja sæti bílaframleiðenda og jók virði sitt um 20 prósent. Hástökkvarinn þetta árið er Ford, sem jók virði sitt um 56 prósent og stökk upp í 5. sæti meðal bílaframleiðenda, í sætið á eftir Honda.

Eini bílaframleiðandinn á topp 10 listanum þar sem virðið minnkaði nú er Volkswagen, eða um fjögur prósent. Volkswagen er nú í 7. sætinu en í því sjötta er Nissan, sem jók virðið um níu prósent. Betri staða er þó hjá undirmerki Volkswagen, Audi, sem vermir 8. sætið og stökk upp um 27 prósent í virði. Í níunda sætinu kemur svo Chevrolet, en fyrirtækið náði ekki á topp 100 lista allra fyrirtækja, né heldur Hyundai sem er í 10. sæti á lista bílaframleiðenda. Virði Hyundai jókst um 15 prósent frá fyrra ári.

Toyota hefur verið í toppsæti lista bílaframleiðenda í sjö ár af þeim níu sem könnunin hefur verið gerð. Undantekningarnar eru árin 2010 og 2012. Verðmætasta fyrirtæki heims er nú Google, en virði þess jókst um 40 prósent og nemur nú 17.945 milljörðum króna. Hafði Google sætaskipti við Apple, en virði þess féll um 20 prósent milli ára. Apple er þó enn í öðru sæti listans. Könnun BrandZ er mjög stór og byggir á viðtölum við meira en tvær milljónir manna.

# Nýir bílar komnir yfir 4.000 á árinu

Talsverð aukning hefur orðið á sölu nýrra bíla á árinu og gekk salan í maí vel. Frá 1.-24. maí seldust 1.556 bílar og fóru við það yfir fjögur þúsund bíla markið, eða nákvæmlega 4.020 bílar. Á þessum tíma árs selja bílaumboðin mikið af bílum til bílaleiga og skýrir það að sumu leyti mikla sölu í maí. Áfram má búast við mikilli sölu til bílaleiga í þessum mánuði og kæmi ekki á óvart að sala nýrra bíla við lok hans næði hátt í 6.000 bíla og árið ekki hálfnað. Það þýðir ekki að endanleg sala bíla fari í 12.000 bíla árinu, en hægjast mun á sölunni þegar bílaleigurnar hafa fengið afgreidda sína bíla í vor og sumar.



### BL söluhæst

Bílaumboðið BL hefur verið söluhæsta umboðið það sem af er ári og heldur toppsætinu þó svo að Hekla hafi selt fleiri bíla dagana 1.-24. maí. BL seldi 319 bíla en Hekla 378 á þessum rúmlega þremur vikum og Toyota seldi 269 bíla. Það er einmitt í þessari röð sem umboðin standa nú í heildarsölu ársins. BL hefur selt 883 bíla, Hekla 853 og Toyota 646 til 24. maí. Þar á eftir koma Brimborg með 556 bíla, Askja með 393, Bílabúð Benna með 294, Suzuki með 213 og Bernhard með 182 bíla selda.



# 17 VANDRÆÐALEGUSTU STUNDIR ÖKUMANNA

Margir gleyma hvar þeir lögðu bíl sínum og hefur meira en helmingur ökumanna lent í því.

Í könnun á meðal 2.000 ökumanna, þar sem nákvæm skipting var á milli karla og kvenna, kemur í ljós hvaða atvik í umgengni við bíla eru talin vandræðalegust og hver þeirra eru algengust. Ekki kemur á óvart að algengast meðal þessara vandræðalegu tilvika er þegar ökumenn gleyma hvar þeir lögðu bíl sínum og þurfa að leita að honum. Það voru 52% ökumanna sem lent höfðu í því, 44% karla og 59% kvenna. Næstalgengast var að aka yfir kantsteina á bílastæðum og höfðu 43% ökumanna lent í því.

Athygli vekur reyndar í niðurstöðum könnunarinnar að svo virðist sem konur viðurkenni frekar skyssur sínar en karlar, hvort sem þær voru algengari hjá þeim eða ekki. Listinn allur lítur svona út:

1. Gleymdu hvar þeir lögðu bíl sínum (52%, eða 44% karla og 59% kvenna)
2. Óku yfir kantstein á bílastæði (43%, eða 35% karla og 51% kvenna)
3. Læstu lyklana inni í bílnum (37%, eða 34% karla og 41% kvenna)
4. Óku á móti umferð á einstefnugötu (34%, eða 30% karla og 38% kvenna)
5. Óku af stað með eitthvað á þakinu (31%, eða 28% karla og 34% kvenna)
6. Reyndu að opna rangan bíl (29%, eða 24% karla og 34% kvenna)
7. Komust ekki út af bílastæði (27%, eða 21% karla og 33% kvenna)
8. Misstu skyndibitamat eða pening út um gluggann við afgreiðslu (23%, eða 28% karla og 28% kvenna)
9. Settu þjófavörnina af stað og gátu ekki slökkt (22%, eða 18% karla og 26% kvenna)
10. Misstu rukkunarmiða vegna vegagjalds út um gluggann (18%, eða 18% karla og 17% kvenna)
11. Óku í hringi á hringtorgi og vissu ekki hvar ætti að fara út (13%, eða 12% karla og 13% kvenna)
12. Voru stöðvuð af lögreglu og ekki með ökuskírteini (11% karla og kvenna)
13. Óku af stað með bensínslönguna í bensínopinu (11%, eða 14% karla og 7% kvenna)
14. Tókst ekki að láta fjarstýringuna opna bílinn (9%, eða 10% karla og 8% kvenna)
15. Óku næstum á gangandi manneskju (9%, eða 8% karla og 9% kvenna)
16. Gleymdu farþega (8%, eða 11% karla og 6% kvenna)
17. Fóru inn í bíl og uppgötvuðu að það var ekki þeirra bíll (8%, eða 7% karla og 8% kvenna)

BÍLAR
www.visir.is/bilar
Umsjón blaðsins
Finnur Thorlacius
finnurth@365.is
Útgáfufélag
365 miðlar ehf.
Skaftahlíð 24,
105 Reykjavík,
sími 512 5000
Auglýsingar
Atli Bergmann
atlib@365.is
Sími 512 5457
Hönnun
Silja Ástþórsdóttir
siljaa@frettabladid.is

# ÞAR SEM ÚRVALIÐ ER MEST

Það er skemmtilegt að skoða og reynsluaka nýjum bíl. Komdu og láttu sölumenn okkar stjana við þig og fáðu reynsluakstursbílinn jafnvel lánaðan heim að kvöldi.

chargemaster
4 KLST.

## LEAF NORDIC

**FYRIR KALDARI MARKAÐSSVÆÐI**

VERÐ: 4.490.000 KR.

**KAUPAUKI Í JÚNÍ** - HRAÐHLEÐSLUSTÖÐ HEIM EÐA Í BÚSTAÐINN SEM HLEÐUR BÍLINN Á 4 TÍMUM FYLGIR NÝJUM LEAF!




**10 HRAÐHLEÐSLUSTÖÐVAR**

Í júní lýkur uppsetningu á 10 nýjum hraðhleðslustöðvum í Reykjavík og nágrenni sem gera þér kleift að hlaða LEAF á 30 mínútum þér að kostnaðarlausu.







## **FJÖLSKYLDUVÆNIR** RENAULT

BÆÐI RENAULT CLIO OG RENAULT MEGANE ERU TIL Í ÚTFÆRSLU FYRIR FJÖLSKYLDUR SEM ÞURFA MEIRA PLÁSS

RENAULT CLIO **SPORT TOURER, DÍSIL**
VERÐ FRÁ: 3.090.00 KR.





## **TAKTU ÞÁTT** Í REYNSLUAKSTURSLEIK Í JÚNÍ

Allir sem fara í reynsluakstur hjá okkur í júní geta skráð sig í pott og átt möguleika á að vinna glæsilegt **50" Samsung Smart** sjónvarp.

SAMSUNG SETRIÐ
samsungsetrid.is

B|L

GE bílar / Reykjanesbæ / 420 0400 – Bílasalan Bílás / Akranesi / 431 2622 – Bílasala Akureyrar / Akureyri / 461 2533 – Bílaverkstæði Austurlands / Egilsstöðum / 470 5070 – IB ehf. / Selfossi / 480 8080

**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

*Miðað við uppgefnar tölur framleiðanda um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri.

ENNEMM / SÍA / NM63064

# NISSAN PULSAR TIL HÖFUÐS GOLF

**Verður tæknivæddasti bíllinn í þessum stærðarflokki, en mun keppa við mjög vinsæla bíla.**



Nissan Pulsar

Mikið er að gerast hjá Nissan þessa dagana og hver nýr eða endurbættur bíllinn streymir á markað. Nissan hefur ekki tekið þátt í slagnum í C-stærðarflokki bíla síðan fyrirtækið hætti framleiðslu á Nissan Almera árið 2006 vegna dræmrar sölu. Nú skal bætt úr því með glænýjum bíl sem fá mun nafnið Pulsar. Þessum bíl verður att gegn ekki ómerkari keppinautum en Volkswagen Golf, en í þessum flokki bíla eru einnig mjög söluháir bílar eins og Ford Focus, Honda Civic, Toyota Corolla, Mazda3 og Hyundai i30.

Nissan segir að Pulsar verði þeirra tæknivæddastur og innihaldi meðal annars blindpunktsvara, hreyfiskynjara sem notar margar myndavélar og varar ökumenn við hættum og akreinaskiptivara. Hægt verður að sérpanta nálgunarvara sem tengist bremsubúnaði bílsins og tekur völdin af ökumanni ef hann bregst ekki nógu hratt við. Með tilkomu þessa bíls ætlar Nissan að ná toppsætinu af Toyota sem það asíska bílamerki sem selst best í Evrópu árið 2016.

Nissan Pulsar verður boðinn með 110 hestafla dísilvél og 115 hestafla bensínvél, sem báðar má einnig finna í Nissan Quasqai. Á næsta ári verður hann einnig í boði með 190 hestafla bensínvél. Pulsar er með sama undirvagn og Quasqai og nýi X-Trail-bíll Nissan og þennan undirvagn má einnig finna í bílum frá systurfyrirtækinu Renault. Pulsar verður smíðaður í verksmiðju í Barcelona á Spáni, en þar eru nú einnig smíðaðir jeppinn Pathfinder, Navara-pallbíllinn og NV200, sem hvað þekktastur er sem leigubíll í New York-borg. Nissan ætlar að smíða 80.000 Pulsarbíla á ári.


Ford Mondeo í Vignale-útfærslu.

# GENGUR LÚXUSBÍLA-ÁÆTLUN FORD UPP?

**Liður í að stöðva taprekstur á bílasölu í Evrópu en efasemdarraddir heyrast um áformin.**

Ford hefur tapað á rekstri sínum í Evrópu til margra ára og í áætlunum Ford til þess að snúa þeirri þróun við er meðal annars meiningin að búa til lúxusútfærslur af þeirra bílum sem keppa eiga við þýska lúxusbíla. Ford er reyndar ekki eina fyrirtækið um áætlanir í þessa veru en Citroën ætlar að bjóða DS-línu bíla sinna í lúxusútfærslum og Fiat hefur uppi miklar áætlanir með Alfa Romeo-merki sitt í samkeppni við þýsku lúxusbílana. Ford ætlar að hlaða bíla sína með leðri, tækni og krómi og auk þess veita kaupendum þessara bíla sérlega góða eftiráþjónustu. Bílar Ford sem fá þessa meðferð munu fá sérstakt nafn, Vignale, sem Ford kynnti rækilega á síðustu bílasýningu í Frankfurt.

### Miklar efasemdir

Margir hafa reyndar miklar efasemdir um að þessar áætlanir Ford gangi vel og telja að kaupendur muni ekki gleypa við lúxusútfærslum á hefðbundnum framleiðslubílum Ford. Meira að segja forstjóri Fiat, Sergio Marchionne, hefur efasemdir um að það sé hægt að auka sölu hefðbundinna gerða með því að hlaða þá lúxus og vænlegra sé að bjóða gerðir með nýjum nöfnum, eða sem sérbílamerki, líkt og hann hyggst gera með Alfa Romeo og reyndar Maserati líka. Ford ætlar að koma fram með 25 nýjar bílgerðir til ársins 2020 og ætlar að auka sölu sína í Evrópu í 1,65 milljón bíla, eða um 25 prósent. Það mun hins vegar skila litlu til fyrirtækisins ef það getur ekki hækkað verð þeirra. Því ætlar Ford að gera það með framleiðslu á Vignale-útfærslum bíla sinna.

### Aukin markaðshlutdeild Ford í Evrópu

Ford er nú á fyrstu fjórum mánuðum ársins með 7,5 prósenta markaðshlutdeild í Evrópu og jók við hana frá 7,2 prósentum í fyrra. Söluaukningin á þessu tímabili nam 11 prósentum. Sumir hafa bent á að þessi árangur skýrist af hærri afslætti af bílum Ford en annarra bílaframleiðenda, svo ekki er nú víst að þessi söluaukning stuðli að því að Ford snúi frá taprekstri í Evrópu. Ford ætlar einnig að grípa til þess ráðs að bjóða Mustang-bílinn í Evrópu frá og með næsta ári og ætti það aðeins að auka við söluna. Einnig kemur víst til greina hjá þeim að bjóða betri útfærslur Lincoln-bíla sinna í álfunni í kjölfar Mustang. Liður í því að höfða til kaupenda dýrari bíla var að hætta kostun á Meistaradeildinni í fótbolta og telur Ford að það þurfi ekki meira að vekja athygli á merki Ford, það þurfi hins vegar að höfða til kaupenda sem eru aðeins loðnari um lófana og því verði markaðsfé þeirra frekar beint að þeim viðburðum sem höfða til þess hóps.



## Citroën flytur framleiðslu C3 frá Frakklandi til Slóvakíu

Næsta kynslóð Citroën C3 verður ekki framleidd í Frakklandi, heldur Slóvakíu. Er það liður í þeim áætlunum móðurfélagsins PSA/Peugeot-Citroën að flytja framleiðslu smærri bíla sinna frá vesturhluta Evrópu vegna hás framleiðslukostnaðar þar. Núna er Citroën C3 framleiddur í Poissy, í nágrenni Parísar, og hefur bíllinn selst í 48.614 eintökum á fyrstu fjórum mánuðum þessa árs. Samkvæmt innanbúðarheimildum PSA verður framleiðslan færð til Trnava í Slóvakíu, en þar eru þegar í framleiðslu bílarnir C3 Picasso og Peugeot 208. Framleiðsla á fjöldaframleiddum smærri bílum sem seljast á lágu verði er ekki lengur arðsöm í V-Evrópu. Það er ef til vill skiljanlegt í ljósi þess að meðalkostnaður við hvern starfsmann þar er um 57 evrur á hvern klukkutíma, en aðeins 15,5 evrur í Slóvakíu. Búist er við að þegar PSA endanlega greinir frá þessum áformum sínum verði allt vitlaust í heimalandinu Frakklandi og stéttarfélög þar geri fyrirtækinu lífið leitt sem fyrr, þegar greint er frá áætlunum um að fækka störfum í frönskum bílaverksmiðjum.



## Flott hleðslustöð BMW

Svona sér BMW framtíðina fyrir sér varðandi hleðslu rafmagnsbíla sinna, en þessi hleðslustöð er í hinni sólríku Kaliforníu. Hún er með sólarplötur á þakinu sem safna rafmagni, en það eitt dugar ekki alveg og stöðin er einnig tengd inn á rafmagnsnet staðarins. Rafbílaeigendur sem þar hlaða bíla sína sjá þó að hve miklum hluta rafhleðslan nærist á sólarljósinu eða eftir raflínum. Þessi hraðhleðslustöð var vígð samhliða kynningu á i8-bílnum í Bandaríkjunum. Hún er bæði framúrstefnuleg og vistvæn, en einnig falleg fyrir augað.

Í burðarvirki hennar er notaður bambus, sem hefur afar stuttan vaxtartíma og því ekki eins umhverfisspillandi og ef notaður hefði verið annar viður. Í hliðarnar eru notaðar koltrefjar, rétt eins og í bílnum sjálfum sem stendur í stöðinni. Ef ekki er verið að nota hleðslustöðina til hleðslu á rafhlöðum bíla hleður hún rafmagni inn á rafmagnsnetið og er með því enn umhverfisvænni. BMW stendur nú snögglega framarlega í framleiðslu rafmagnsbíla og hefur nú þegar framleitt i3- og i8-bílana sem þykja mikil meistarasmíð. Mikil sala er í þessum bílum sem er nýhafin vestanhafs.



## Volkswagen Golf R 400

Enn verða þeir öflugri og flottari Golf-bílarnir frá Volkswagen. Nýjasta gerðin af Golfinum verður enginn kettlingur, heldur 400 hestafla spyrnukerra sem nær 100 km hraða á 3,9 sekúndum. Með því er hann eiginlega kominn í ofurbílaflokk. Þessi bíll er öflugasta gerð Golf sem framleidd hefur verið, ef undan er skilinn GTI W12-650 bíllinn sem aðeins var smíðaður sem tilraunabíll árið 2007, en hann var með 12 strokka og miðjusetta vél.

Haft er eftir forsvarsmönnum Volkswagen að Golf R 400 sé í raun öflugri en 400 hestöfl og hann sé sneggri en áður hefur verið upp gefið. Blaðamenn Car and Driver, sem sáu bílinn frumsýndan nýlega í Vínarborg, höfðu eftir framleiðendum bílsins að hann gæti líklega náð 100 km hraða á 3,5 sekúndum og það gerir hann 0,2 sekúndum sneggri en 12 strokka Golfinn sem kynntur var árið 2007. Volkswagen Golf R, sem er til sölu í dag í Heklu, er 5,0 sekúndur í 100, svo það ber mikið á milli þessara gerða Golfkraftabíla.




KIA
The Power to Surprise

## Sparneytinn og kraftmikill dísilbíll

**Nú er Kia Sportage kominn í nýrri útfærslu** með breyttu útliti, enn betri hljóðeinangrun og skemmtilegum nýjungum. Nýr Kia Sportage er **öflugur og sparneytinn sportjeppi sem** eyðir frá 6,0 l/100 km í blönduðum akstri. Fáanlegur beinskiptur og sjálfskiptur.

Að sjálfsögðu er **7 ára ábyrgð á nýjum Kia Sportage,** svo hún gildir til ársins 2021.

**Komdu við hjá Öskju að Krókhálsi 11 og kynntu þér þennan framúrskarandi bíl. Við tökum vel á móti þér.**

Nýr Kia Sportage 2,0 dísil, beinskiptur 6 gíra, 4wd

**Verð frá 5.990.777 kr.**

Þú finnur „Kia Motors Ísland" á Facebook

ASKJA

**ASKJA · Krókhálsi 11 · 110 Reykjavík · Sími 590 2100 · askja.is**
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili KIA á Íslandi.










| MERCEDES BENZ C-CLASS | 2,2 L DÍSILVÉL, 170 HESTÖFL<br>Framhjóladrif<br><br>Eyðsla 5,4 l/100 km í bl. akstri | Mengun 109 g/km CO2<br>Hröðun 7,7 sek.<br>Hámarkshraði 234 km/klst.<br>Verð 7.665.000 kr.<br>Umboð Askja |
|---|---|---|



Stæðilegur bíll með fallegar línur.

# LÚXUS OG SPARNEYTNI SA

## Ferlega góður akstursbíll og ári gott að svo stór bíll eyði ekki nema se

**MERCEDES BENZ C-CLASS**

**Finnur Thorlacius** reynsluekur

Mercedes Benz hefur af mörgu að stæra sig þessa dagana. Nýjar bílgerðir streyma frá Benz og það sem meira er, þær þykja flestar góðar. Endurnýjun flota Mercedes Benz stendur nú í miklum blóma, flestar fyrri gerðir koma hratt af nýrri kynslóð, hraðar en hjá flestum samkeppnisaðilunum, og Benz kynnir einnig fleiri glænýjar gerðir. Einn af þeim bílum sem fengið hafa kynslóðarbreytingu er góðkunninginn C-Class, sem hefur verið óbreyttur í sjö ár og því reyndar kominn tími á nýja kynslóð. Það þótti greinilega við hæfi hjá Mercedes Benz að láta hann erfa slatta af genunum úr vel heppnuðum S-Class-lúxusbílnum og eru þó nokkur líkindi með bílunum að utan. Er þar reyndar ekki leiðum að líkjast. Nýr C-Class er með keimlíkt fremur langt húdd, hliðarsvipurinn ámóta, en það er helst útlit bílsins frá C-gluggapóstinum og aftur úr sem hvorki nær glæsileika né lengd S-Class bílsins. Það er ekki nema von að gárungarnir hafi einmitt kallað þennan nýja C-Class-bíl „baby S-Class“. C-Class hefur þó stækkað frá fyrri gerð, er 10 cm lengri og 4 cm breiðari, og bíllinn er allur rýmri, ekki síst fyrir aftursætisfarþega og veitti kannski ekki af. Samt er þessi nýja kynslóð bílsins 50 kg léttari, þökk sé meiri álnotkun í smíði hans.

### Fersk endurhönnun að innan sem utan

Innréttingin hefur að sama skapi fengið jákvæða yfirhalningu. Hún er mjög kunnugleg frá öðrum nýrri bílum frá Benz og á mælaborðinu stela fimm stórar lofttúður senunni, sem skiptar skoðanir eru um hvað varðar stærð og fríðleika, þrjár þeirra fyrir miðju og sitthvor nær hliðunum. Annað sem er mjög áberandi á mælaborðinu eru stórir fletir með píanósvartri og glansandi áferð. Nokkuð nýtískulegt, en þar fer þó heilmikið plast sem ekki ætti að setja framleiðandann á hausinn og mörgum gæti fundist aðeins of fátæklegt fyrir bílinn. Annað sem augað strax greinir er sjálfstæður upplýsingaskjár sem er eins og settur eftir á í bílinn, en svo er aldeilis ekki þar sem þetta fyrirkomulag er í mörgum af nýrri bílum Mercedes Benz. Ekki eru allir hrifnir af þessu útliti og sannarlega er það óvenjulegt. Stagað leður er í hurðum og sætishliðum, en sætin eru aðeins að hluta úr leðri, en fyrir vikið renna farþegar síður í þeim. Framsætin eru ekki sérlega falleg en ári gott er að sitja í þeim og þau halda vel við í akstri, en það er kannski það sem mestu máli skiptir. Þau eru rafdrifin nema að því leyti að það að flytja þau fram og aftur er handstýrt. Finnst mörgum það aðeins kostur því oft reynist það tímafrekt að renna sætum fram og aftur með aðstoð rafmagns. Því er þetta skynsöm og ágæt lausn. Rými aftur í er þokkalegt fyrir tvo, en ekki er rétt að mæla með þriðja fullorðna farþeganum þar og höfuðrými mætti vera meira. Mjög mikið er af fínum geymsluhólfum framan í bílnum og fáir bílar betri hvað það varðar. Tvöfalt glerþak var á reynsluakstursbílnum og var hann því mjög bjartur að innan þótt innréttingin væri svört.

### Öflugar en sparneytnar dísilvélar

Mikið val er um vélbúnað í C-Class, tvær dísilvélar og þrjár bensínvélar. Reynsluakstursbíllinn bar stafina 220 og er með 2,2 lítra dísilvél með einni forþjöppu og 170 hestöfl. C 250 er með sömu vél en tveimur forþjöppum og er hann 204 hestöfl. Bensínvélarnar eru frá 156 til 211 hestöfl og með 1,6 eða 2,0 lítra sprengirými. Þessi kunnuglega 2,2 dísilvél, sem þó er bara með einni forþjöppu, er afar dugandi fyrir þennan bíl og það sem kannski enn meira máli skiptir er að hún er afar sparsöm. Uppgefin eyðsla er 5,4 lítrar en í reynsluakstri, sem oft vill verða aðeins frísklegur, var hann með rétt um sex lítra og verður það að teljast mjög gott fyrir þetta myndarlegan bíl. Ef hann er tekinn með öflugri vélinni með tveimur forþjöppum, önnur lágþrýst og hin háþrýst, eyðir hann jafnvel enn þá minna þrátt fyrir ein 34 viðbótarhestöfl. Þá þarf líka að bæta við 370.000 kr. Bílinn skortir eiginlega aldrei afl og góð sjö gíra G-Tronic-sjálfskiptingin miðlar því vel á réttum snúningi og fumlaust. Aksturseiginleikar bílsins eru miklir og það þarf hann til að standast öðrum bílum í þessum flokki snúning, eins og BMW 3-línunni, Audi A4 og Lexus IS. Hann fer fimlega með hraðan akstur og elskar að fara hratt í beygjur. Aðeins finnst fyrir að nef hans vegur nokkuð með sína fremur stóru dísilvél. Engu að síður er fjöðrun bílsins þannig stillt að hann lætur afar vel í akstri og er örugglega afar góður í lengri þjóðvegaakstri þó svo að það hafi ekki verið reynt að þessu sinni.

### Á fínu verði

Mercedes Benz C-Class er flottur bíll sem fá má í sinni ódýrustu útfærslu á 6.350.000 kr. með minnstu bensínvélinni. Þó held ég að full ástæða sé að mæla með öflugum dísilvélunum í þessum bíl og þá sérlega þeirri öflugri, en ekki þarf að bæta miklu við verð hans frá þeirri minni. Einnig má velja á milli þess hvort hann er beinskiptur eða sjálfskiptur og munar þar 530.000 krónum á. Kannski er alskemmtilegast að eiga hann beinskiptan með stærri dísilvélinni, en það er ekki öllum að skapi og víst að stærri hluti kaupendahópsins velur hann örugglega með sjálfskiptingunni. Verð hans þannig er 8.090.000 kr. Audi A4 með 177 hestafla dísilvél er 7.560.000 kr. en þar skortir ein 27 hestöfl. BMW 3-línan með 184 hestafla dísilvél kostar 7.665.000 kr. og þar skortir líka nokkuð á hestöflin, en hann er þó fjórhjóladrifinn. Því má segja að þessi C-Class-bíll sé á samkeppnishæfu verði og þar fæst bíll sem er afar sparneytinn á eldsneytið, en ekki kraftinn.

**KEMUR Á ÓVART**

Miðað við stærð bílsins og þyngd verður að teljast harla gott að hann eyði ekki nema sex lítrum á hundraðið í reynsluakstri þar sem tekið er á því.

- Höfuðrými aftur í
- Plastnotkun í innréttingu

- Öflug dísilvél
- Akstureiginleikar
- Lág eyðsla








Lagleg innrétting í bílnum en óhófleg notkun svarts plasts með píanóáferð safnar ryki og fingraförum.





# MEINAST

ex lítrum í reynsluakstri.


# Gott úrval af notuðum bílum



**MAZDA MPV ES**
Skr. 06.2006, ekinn 92 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur, leður, 7 manna.
**Verð 2.150.000.**
Rnr.100592.



**KIA Sportage EX**
Skr. 04.2012, ekinn 86 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur.
**Verð 4.480.000.**
Rnr.100485.



**PORSCHE Cayenne**
Skr. 07.2005, ekinn 116 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur, leður, dráttarbeisli o.fl..
**Verð 2.980.000.**
Rnr.100319.



**SUBARU Forester Lux**
Skr. 01.2008, ekinn 83 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur, leður, sóllúga, dráttarbeisli.
**Verð 2.280.000.**
Rnr.100615.



**MMC Colt**
Skr. 11.2006, ekinn 110 Þ.KM, bensín, 5 gírar.
**Verð 880.000.**
100% kortalán mögulegt.
Rnr.100598.



**HONDA CR-V Panorama**
Skr. 07.2007, ekinn 97 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur.
**Verð 2.680.000.**
Rnr.100623.



**SUZUKI Swift GL 4x4** Skr. 05.2011, ekinn 70 Þ.KM, bensín, 5 gírar.
**Verð 1.970.000.**
Rnr.100619.



**SUZUKI Kizashi AWD**
Skr. 05.2010, ekinn 30 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur, leður, sóllúga o.fl..
**Verð 3.950.000.**
Rnr.100572.



**SUZUKI Grand Vitara XL-7**
Skr. 06.2007, ekinn 92 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur, 7 manna.
**Verð 2.390.000.**
Rnr.100039.

SUZUKI

Suzuki bílar hf • Skeifan 17 • 108 Reykjavík • Sími 568 5100 • www.suzuki.is

**Komdu og skoðaðu úrvalið**

## Bandaríska ríkið styður Alcoa til aukinnar álframleiðslu fyrir bíliðnaðinn



Stærsti álframleiðandi í Bandaríkjunum, Alcoa, sem einnig á álver Fjarðaráls, mun fá 25 milljóna Bandaríkjadala lán frá orkumálaráðuneyti Bandaríkjanna á einkar lágum vöxtum. Lánið er veitt til að endurreisa gamla álverksmiðju í Tennessee svo framboð áls verði nægt fyrir bílaframleiðendur. Alcoa er nýbúið að setja 300 milljónir dala, eða 40 milljarða króna, í stækkun álvers í Iowa til að byrgja Ford-bílaframleiðandann af áli. Ford mun nota gríðarmikið ál á næstunni en vinsælasti bíll þeirra er Ford F-150-pallbíllinn sem að mestu verður smíðaður úr áli og léttist fyrir vikið um 400 kíló. Búist er við því að álnotkun bandarískra bílaframleiðenda muni þrefaldast frá árinu 2013 til 2015, aðeins á tveimur árum. Orkumálaráðuneytið hefur sagt að það muni leggja til meira ódýrt lánsfé til álverkefna til að stuðla að minni orkunotkun bíla á næstunni. Umhverfissamtök styðja þessi áform ráðuneytisins og vilja að bílaframleiðendur auki notkun sína á áli í stað stáls. Nokkuð af íslensku áli fer til framleiðslu bíla og er nýr Mercedes Benz C-Class byggður að stórum hluta úr íslensku áli.



## Kemur nýr Honda S2000 árið 2017?

Það var ekki við mikla hrifningu margra bílaáhugamanna er Honda hætti framleiðslu á S2000-sportbílnum, en hann hefur ávallt þótt frábær akstursbíll. Honda hefur fleiri sportbíla á prjónunum en S2000. Minni bíll en S2000, Honda S660 roadster verður líklega einnig framleiddur og stærri sportbíll en S2000, Honda NSX hybrid, yrði líka framleiddur undir merkjum Acura fyrir Bandaríkjamarkað. Ef af þessum áformum Honda verður kæmi S2000 á markað árið 2017 og yrði hann talsvert dýrari en S2000 var þegar Honda hætti að framleiða hann árið 2009. Verðið yrði nálægt 60.000 dölum í Bandaríkjunum, eða 6,8 milljónum króna. Verðið á S2000 var 35.669 dalir árið 2009. Þessi nýi bíll yrði samt miklu öflugri en sá fyrri þrátt fyrir að vélarstærðin yrði aðeins 2,0 lítrar, en hún á að skila eitthvað yfir 300 hestöflum. Honda Civic Type R, sem er eini sportbíllinn sem Honda framleiðir í dag, er um 300 hestöfl og þessi nýi bíll verður nokkru öflugri en það. Ekki er loku fyrir það skotið að bíllinn muni fá rafmótora til stuðnings brunavélinni og þannig búinn yrði hann enn einn hybrid-ofursportbíllinn. Honda NSX hybrid yrði það einnig en sá bíll á að verða fjórhjóladrifinn.



## Toyota GT86 með blæju

Toyota GT86 sem einnig er framleiddur sem Subaru BRZ mun fást topplaus frá og með október í ár. Subaru hefur reyndar engan áhuga á að bjóða bílinn með blæju og því verður það einungis Toyota GT86 sem fást mun þannig. Þannig útbúinn sást þessi sportbíll fyrst á bílasýningunni í Genf í fyrra, en nú er hann loks að verða að veruleika. Blæjuútgáfa bílsins verður áfram með 200 hestafla boxer-vélinni sem kemur úr smiðju Subaru. Margir hafa þrýst á Subaru og Toyota að bjóða þennan skemmtilega bíl með öflugri vélum og þeir virðast hafa verið bænheyrðir því 300 hestafla vél mun brátt bjóðast, líklega með forþjöppu. Sá bíll fær átta gíra sjálfskiptingu.

Einnig ætlar Toyota og Subaru að bjóða bílinn sem tvinnbíl og verður sá bíll fjórhjóladrifinn og framhjólin drifin áfram með rafmótorum. Í Bandaríkjunum kostar Toyota GT86/Subaru BRZ 25.800 dali, en blæjuútgáfan verður líklega á verðbilinu 35-38.000 dalir. Búist er við því að 300 hestafla útgáfa bílsins muni kosta um 35.000 dali, en það útleggst á 3,9 milljónir króna. Tvinnbílsútgáfa hans með fjórhjóladrifi verður hins vegar á um 50.000 dali. Það ber því talsvert mikið á milli verðs á núverandi útgáfu bílsins og þessara nýju gerða hans.



Verður Porsche 911 Turbo S leystur af hólmi með 730 hestafla tvinnbílsútgáfu?

# PORSCHE MEÐ 730 HESTAFLA TVINNBÍLA ÚTGÁFUR 911 OG PANAMERA

### Boxter og Cayman verða einnig í boði sem tvinnbílar og báðir yfir 400 hestöfl.

Motor Trend virðist hafa komist í áætlanir Porsche fyrir árið 2017 en það ár mun Porsche bjóða bæði 911- og Panamera-bílana í 730 hestafla útgáfum en báðir verða þeir tvinnbílar. Þeir munu erfa tvinnbílatæknina sem nú er í 918 Spyder-bílnum, sem reyndar er enn þá öflugri en þessir tveir, enda með öflugri brunavél þótt rafmótorarnir verði líklega eins. Hvort þessir bílar muni leysa af hólmi núverandi 560 hestafla Porsche 911 Turbo S og 570 hestafla Panamera Turbo S er enn óvíst. Það sem hvetur Porsche til framleiðslu þessara bíla er krafan um minni mengun bíla þeirra, en eyðsla þessara bíla verður að vonum mjög lág, eins og á við 918 Spyder-bílinn.

Nýr Cayenne Coupe-jeppi er einnig í farvatninu og sá bíll verður einnig boðinn sem tvinnbíll. Hann verður langt í frá ódýr bíll og mun kosta 185.000 dali. Ekki eru minni fréttir fólgnar í því að Porsche hyggst bjóða bæði Boxter- og Cayman-bílana í GT4-útfærslum og munu þeir einnig verða tvinnbílar. Verða þeir báðir yfir 400 hestöfl og kaupverðið í kringum 125.000 dali. Með þessu virðist runninn upp tími tvinnbíla hjá Porsche, en svo til allar bílgerðir þeirra verða í boði sem tvinnbílar, auk hefðbundinna gerða þeirra.

# VOLKSWAGEN SKRÚFAR NIÐUR ÁÆTLANIR Í BANDARÍKJUNUM

### Á enn langt í land með að skilja bandaríska bílamarkaðinn og hafa gert mörg mistök.

Volkswagen hafði uppi metnaðarfullar áætlanir um sölu bíla sinna í Bandaríkjunum, sem voru liður í áætlun félagsins að verða stærsti bílaframleiðandi í heimi árið 2018. Þær hafa ekki alveg gengið eftir og 7% minnkun í sölu á síðasta ári og 8,4% minnkun í ár gefur ekki bjartar vonir um að þær áætlanir verði að veruleika. Volkswagen ætlaði að selja 800.000 bíla þar vestra árið 2018, en þá þyrfti fyrirtækið að auka söluna um 100.000 bíla á hverju ári til að það stæðist. Í ljósi þessa dræma gengis undanfarið hefur Volkswagen endurskoðað söluáætlanirnar fyrir Bandaríkin. Haft var eftir stjórnarformanni VW Group, Ferdinand Piech, í nóvember að Volkswagen ætti enn langt í land með að skilja bílamarkaðinn í Bandaríkjunum og þar þyrfti að læra margt til að ná árangri. Það hefur nú sannast og viðurkennir Volkswagen að mörg mistök hafi verið gerð. Bílar hafi verið settir á markað vitlaust útbúnir, með of lítið framboð vélarkosta og á of háu verði. Of mikil áhersla hafa verið á að uppfylla eftirspurn og væntingar í Kína og Bandaríkin hafi gleymst örlítið á meðan, en þessu verði kippt í liðinn.






# **Besti** *smábíllinn - aftur...*

> **Ford Fiesta var valinn besti smábíllinn árið 2013 og nú aftur árið 2014 af sérfræðingum virta bílablaðsins Bilmagasinet.**

Evrópubúar eru sammála þessari niðurstöðu því síðustu tvö ár hefur Ford Fiesta selst betur en nokkur annar smábíll í Evrópu. Hann höfðar jafnt til þeirra sem meta akstursánægju og þeirra sem velja sparneytni og öryggi. Komdu og prófaðu þennan snilldar bíl.

## FORD **FIESTA**

BEINSKIPTUR
FRÁ **2.450.000 KR.**

SJÁLFSKIPTUR
FRÁ **2.790.000 KR.**

Ford

ford.is

50 ár í bílgreininni
brimborg
Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16
Varahlutaverslun og verkstæðismóttaka er einnig opin laugardaga kl. 12-16

Kynntu þér nánar mest selda smábíl Evrópu:
Hiti er í framsætum og 3,5 tommu upplýsingaskjár í mælaborði. Farangursrýmið er einstaklega rúmt (290 lítra). $CO_2$ gildin eru óvenju lág fyrir bensínvél og hann fær frítt í stæði í miðborg Reykjavíkur (bæði sjálfskiptur og beinskiptur). Ford MyKey, brekkuaðstoð og EasyFuel er staðalbúnaður. Öryggispúðarnir eru óvenju margir eða 7 talsins, þar af einn fyrir hné ökumanns. Sérstakt hitaelement er í miðstöð og er hann því mjög fljótur að hitna sem er afar hentugt á köldum vetrarmorgnum!
Ford Fiesta, bensín 65 hö, beinskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 4,3 l/100 km. $CO_2$ 99 g/km.
Ford Fiesta, EcoBoost bensín 100 hö, sjálfskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 4,9 l/100 km. $CO_2$ 114 g/km.
Ford Fiesta ST, EcoBoost bensín 182 hö, 6 gíra beinskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 5,9 l/100 km. $CO_2$ 138 g/km. Kraftaútgáfan Fiesta ST hefur nú þegar hlotið 22 alþjóðlegar viðurkenningar.
Tökum allar tegundir bíla uppí nýja. Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.

## VOLVO S60 D4

**2,0 l DÍSILVÉL, 181 HESTAFL**
Framhjóladrif
**Eyðsla** 3,8 l/100 km í bl. akstri
**Mengun** 99 g/km CO2
**Hröðun** 7,6 sek.

**Hámarkshraði** 225 km/klst.
**Verð** 5.990.000 kr.
**Umboð** Brimborg

● Lítið flutningsrými, veghljóð

● Aksturseiginleikar, öflug vél, verð



Litlar útlitsbreytingar eru frá fyrri kynslóð og hafa Volvo-menn þar farið varfærnislega leið til að höfða til fjöldans.

# EYÐSLUGRANNUR SPORTARI MEÐ TÍMAMÓTA VÉL

## Mögnuð ný vél frá Volvo sem eyðir 3,8 lítrum, mengar 99 g/km en er samt með öskrandi 181 hestöfl.







Aðlaðandi innréttingin með sinn einkennandi fljótandi miðjustokk fyrir neðan mælaborðið.







**VOLVO S60 D4**
**Finnur Thorlacius** reynsluekur

Það er margt spennandi að gerast hjá Volvo þessa dagana og tækniþróun þar á bæ er á fullum skriði, líkt og undanfarin ár. Sú þróun lýtur ekki bara að öryggismálum, þar sem Volvo stendur sig best, heldur einnig magnaðri þróun véla sem vakið hefur mikla athygli bílaáhugamanna. Ein af nýrri og athyglisverðari vélum frá Volvo nú er 2,0 lítra dísilvél sem skilar 181 hestafli, mengar aðeins 99 g/km af koltvísýringi og eyðir aðeins 3,8 lítrum á hverja hundrað kílómetra. Hreint magnaðar tölur, en einmitt þessi vél var í þessum S60-bíl sem reynsluekið var. Volvo S60 með þessari vél ber einnig stafina D4, sem vitnar til vélargerðarinnar, en þennan bíl má einnig fá með stöfunum D2 og þá er undir húddinu 1,6 lítra og 115 hestafla dísilvél. Báðar þessar gerðir má svo fá í langbaksútfærslu og heitir hann þá Volvo V60. Engin bensínvél er í boði í þessum bíl, líkt og öllum öðrum gerðum Volvo sem nú eru í boði hjá Brimborg.

### Sportlegt „coupe“-lag

Allir Volvo-bílar í dag eru fallegir og bera þeir svipinn hver af öðrum. Að utan er hann sportlegur bíll með sitt „coupe“-laga form. Frá síðustu kynslóð bílsins hefur grillið stækkað og framluktirnar líka og framendinn er allur flottari. Minni breytingar er að sjá á hliðum og afturenda bílsins og hafa Volvo-menn þar farið varfærnislega leið til að höfða til fjöldans. Ekkert vitlaust við það en margir kaupendur Volvo eru komnir til aldurs, þó svo að kaupendahópurinn hafi vafalaust farið lækkandi í aldri, þökk sé aðallega sportlegum eiginleikum þeirra. Að innan hefur lítið breyst, sama tiltölulega aðlaðandi innréttingin með sinn einkennandi fljótandi miðjustokk fyrir neðan mælaborðið. Mælaborðið sjálft er nú með stafrænum TFT-skjá þar sem breyta má litum mælanna eftir því hvaða akstursstilling er valin. Velja má milli Performance, Elegance og Economy-stillinga eftir því í hvaða ökustuði maður er. Framsætin eru kapítuli út af fyrir sig, alveg sérstaklega flott, en það sem meira máli skiptir, frábær að sitja í og halda svakalega vel utan um ökumann og ekki veitir af þegar tekið er á öflugum bílnum. Rafstillingar eru á ökumannssætinu en synd er að því er ekki að heilsa með hitt framsætið.

### Fimur akstursbíll með rífandi afl

Akstur þessa bíls er sérdeilis ánægjulegur og umfram allt sportlegur. Mjög svo öflug dísilvélin hendir honum áfram og frábærlega stilltur undirvagninn leyfir ökumanni að njóta þess afls með fimlegum hætti. Henda má bílnum fáránlega hratt í beygjur og spretturinn í hundraðið mælist aðeins í 7,6 sekúndum. Bíllinn er þokkalega hljóðeinangraður og í hljóðlátri nýrri vélinni heyrist vart en veghljóð mætti vera minna. Gamla D4-vélin var fimm strokka vél sem hljómaði reyndar alveg einstaklega vel og varð eiginlega til þess að ökumaður vildi ekki hljóðeinangra hana svo mikið, en þessi vél malar svo ljúflega að það kemur yfir ökumann hrein lúxustilfinning. Við vélina er tengd átta gíra sjálfskipting og vinnur hún vinnuna sína óaðfinnanlega, virðist alltaf í réttum gír og er ógnarfljót við skiptingar. Það er ávallt góðs viti þegar bíll sem tekur beygjurnar rösklega sé bæði þægilegur í rólegum akstri og hallar sér um leið ekki mikið í beygjur. Hann er öryggið uppmálað þó svo að rösklega sé farið. Svo vel er undirvagn þessa bíls stilltur að aðeins þýskir eðalvagnar standast honum snúning og sumir jafnvel ekki. En það sem stendur mest upp úr við akstaurinn er hversu vel þróuð, fínleg og vel stillt þessi nýja vél er og samstilling hennar við skiptinguna. Þar hafa fáir gert betur.

### Á flottu verði

Verðið á Volvo S60 D4 er 6.690.000 krónur og fá má hann á 5.990.000 krónur með sex gíra beinskiptingu. Við bætast 300.000 kr. ef langbaksútfærsla þeirra er valin, þ.e. V60. Þá fer skottrýmið upp um 50 lítra, úr 380 lítrum í 430. Þetta eru svo sem ekki háar lítratölur en S60 og V60 eru ekki risastórir fjölskyldubílar, heldur fremur nettir bílar sem samt duga flestum. Allir Volvo-bílar teljast í lúxusbílaflokki og því er verð þessa bíls hið ágætasta. Þar hjálpar að bíllinn fellur í góðan tollflokk vegna lítillar mengunar. Því fæst þarna mjög svo öflugur lúxusbíll fyrir pent verð. Helstu samkeppnisbílar S60 eru BMW 320d á 6.490.000 kr., Audi A4 2,0 TDI á 5.760.000 kr. og Mercedes-Benz C 200 CDI á 6.750.000 kr. Volvo S60 er þó öflugastur þeirra allra og með lægstu CO2-töluna.

SIMPLY CLEVER

ŠKODA




## Nýr ŠKODA Octavia Combi

Bandalag íslenskra bílablaðamanna (BÍBB) valdi **ŠKODA Octavia** bíl ársins á Íslandi 2014. Auk þess að vera sigurvegari í flokki stærri fólksbíla fékk **ŠKODA Octavia** hæstu einkunn af þeim níu bílum sem öttu kappi í lokaúrslitunum. Þessi úrslit ættu ekki að koma Octavia-eigendum á óvart, enda hefur það sýnt sig að **ŠKODA Octavia** er með allra hagkvæmustu, öruggustu, þægilegustu og sparneytnustu bílunum í sínum flokki. Það kemur því ekki á óvart að **ŠKODA Octavia** var mest seldi bíll á Íslandi árið 2013.

BANDALAG ÍSLENSKRA
BÍLL
ÁRSINS
2014
BÍLABLAÐAMANNA

**ŠKODA Octavia Combi**
**kostar frá 3.970.000,-**

3,8 — Eyðsla frá 3,8 l/100 km

99g — $CO_2$ frá 99 g/km

ÖRYGGI — 5 stjörnur í árekstrar-prófunum EuroNcap

**HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is**
Umboðsmenn um land allt: Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði

# Benz þjarmar að BMW og Audi

Sölukeppni þýsku lúxusbílaframleiðendanna hefur lengi verið hörð og nú eru helstu tíðindin sú að Mercedes Benz er að draga verulega á bæði BMW og Audi í fjölda seldra bíla og að Audi er söluhærra en BMW það sem af er ári. Undanfarin ár hefur BMW trónað á toppnum og Audi náði öðru sætinu af Benz árið 2011 og hefur verið þar síðan. Söluaukning Mercedes Benz í apríl og reyndar einnig það sem af er ári er nokkru meiri en hjá bæði BMW og Audi. Benz náði 14% aukningu í apríl, Audi 12% og BMW 8%. Benz seldi 133.100 bíla í apríl, BMW 140.800 og Audi var söluhæst með 149.100 bíla. Söluaukning Benz á árinu er 15%, Audi 12% og BMW 11% og með því áframhaldi dregur Mercedes Benz verulega á sölu hinna tveggja á þessu ári. Á fyrstu fjórum mánuðum ársins hefur Benz selt 507.400 bíla, BMW 569.100 bíla og Audi 623.600. BMW telur að fyrirtækið muni samt selja fleiri bíla en Audi á þessu ári og að kynningar á nýjum bílum muni tryggja það.



Hinn nýi Mercedes Benz S-Class selst mjög vel þessa dagana.



Nissan Leaf í hleðslu.

## Konur njóta nýja rafmagnsbílsins öðruvísi en karlar

Svo virðist sem sá síður karla að kanna það hversu langt megi komast á bílnum sínum eftir að bensínljósið er farið að lýsa skili sér einnig í notkun þeirra á rafmagnsbílum. Þeir hafa einkar gaman af því að skoða drægni þeirra og kanna hina ýmsu kosti þeirra með tilraunum. Konur hins vegar njóta þess aðallega að borga svo lítið sem raun er með því að hlaða þá rafmagni, en ekki bensíni. Þessi niðurstaða fékkst með könnun sem gerð var í Kaliforníu, en þar eru rafmagnsbílar fleiri en á flestum stöðum í heiminum, nema ef vera skyldi í Noregi. Könnunin sýndi einnig að konum er ekki vel við það ef lækka fer verulega í drægni rafmagnsbíls síns og vildu ávallt hafa nóg eftir til tryggrar heimferðar. Enn fremur kom fram að konur eru miklu líklegri til að kaupa Nissan Leaf en talsvert dýrari Tesla Model S, en því var þveröfugt farið með karlmenn. Enda eru kaupendur þeirra í alflestum tilvikum karlmenn. Þar fæst líka ógnarmikið afl, en konunum dugar alveg að komast leiðar sinnar á Nissan Leaf.



Volkswagen Passat

## Flottur nýr Passat á teikniborðinu

Volkswagen mun svipta hulunni af nýjum Passat á bílasýningunni í París í júlí og ef hann mun líta svona út er eftir einhverju að bíða. Nýi bíllinn hefur farið í talsverða megrun því hann verður 85 kílóum léttari en forverinn og á notkun hástyrktarstáls mestan þátt í því. Samt verður bíllinn stærri að innan, en þó minni að utanmáli. Nýr Passat mun með nýrri kynslóð fást sem plug-in-hybrid-bíll sem kemst fyrstu 50 kílómetrana eingöngu á rafmagni. Einnig mun hann bjóðast með gríðaröflugri 237 hestafla dísilvél sem þó er ekki með stærra sprengirými en tvo lítra. Verður sá bíll fjórhjóladrifinn og með 7-gíra sjálfskiptingu. LED-ljós verða að framan og aftan og 12,3 tommu aðgerðaskjár, blindpunktsaðvörun og nálgunarvari sem virkjar bremsurnar ef ökumaður bregst ekki nógu fljótt við.



# LÉTTARA SKAP OG BETRI SVEFN

**ICECARE KYNNIR** *Femarelle er náttúruleg lausn fyrir konur á breytingaaldri. Femarelle er gert úr jurtaefnum og rannsóknir sýna að það slær á einkenni tíðahvarfa og hefur hjálpað mörgum konum að ná betri líðan.*

Bryndís Guðmundsdóttir segist hafa byrjað á breytingaskeiðinu fyrir sjö árum.„Ég hef verið á þremur tegundum af hormónalyfjum, þurfti oft að skipta um tegundir. Ástæðan fyrir því var sú að lyfin hentuðu mér ekki, ég fékk meiri vanlíðan af þeim en ég hafði áður. Ég átti erfitt með svefn, svitnaði mjög mikið og var með mikla skapbresti," segir hún.

„Ég ákvað að hætta að taka inn hormónalyfin þar sem þau voru ekki að virka á mig. Leitaði að upplýsingum og fróðleik á netinu og rakst þá á grein um Femarelle. Ég ákvað að prófa einn pakka því það sakaði ekki að reyna eitthvað annað. Það er gaman frá því að segja að ég fann mjög fljótt mun á mér, ég fór að sofa betur, nú er ég hætt að svitna um nætur, skapið er miklu léttara og ég hef mun meiri orku en áður. Ég get mælt 100 prósent með Femarelle ef konur vilja ná betri líðan á breytingaskeiðinu."

**LOKSINS VERKJALAUS**

Eva Ólöf Hjaltadóttir deilir reynslu sinni af notkun Femarelle. „Mér hafði ekki liðið nógu vel í svolítinn tíma, var á lyfjum við sykursýki og vegna veikinda í skjaldkirtli. Ég hafði þyngst vegna lyfjanna. Einnig er ég með gigt og hef því haft mikla verki. Mér fannst óþægilegt að vera of mikið innan um fólk, var orðin svolítið þunglynd af vanlíðan. Mér fannst ekki gott að vera þar sem var hávaði og var því mjög mikið að einangrast frá félagslífi," segir Eva Ólöf.

„Ég er 71 árs og var ekki sátt við hvernig mér leið, ég vildi geta tekið meiri þátt í lífinu. Eftir að ég las umfjöllun um Femarelle leist mér vel á að prófa náttúrulega og hormónalausa meðferð, sérstaklega þar sem ég sá að hún getur haft áhrif á verki. Ég hef notað Femarelle í fjóra mánuði og hef endurheimt mitt fyrra líf. Mér líður svo vel að nú get ég farið daglega út að ganga með hundinn. Ég fer í sund á hverjum degi og sæki félagsvistina og fer í bingó vikulega. Mig er hætt að verkja um allan líkamann og ég nota Femarelle sem náttúrulega verkjameðferð því ef ég er með verk tek ég aukalega af því. Það besta er að börnin mín og tengdabörn segja að ég sé orðin miklu líflegri og hressari. Ég hef meira gaman að því að hitta barnabörnin mín, því ég get veitt þeim betri athygli. Ég hef að auki misst 11 kíló án þess að reyna það, vegna þess að mér líður betur og ég get hreyft mig óhindrað."




- Femarelle er öruggur kostur fyrir konur
- Slær á óþægindi eins og höfuðverk, svefntruflanir, nætursvita, skapsveiflur, óþægindi í liðum og vöðvum
- Þéttir beinin
- Hefur ekki áhrif á móðurlíf eða brjóstavef
- Náttúruleg lausn, inniheldur tofu-extract og flaxceed-duft
- Inniheldur engin hormón eða ísóflavóníða
- Staðfest með rannsóknum síðustu 13 ár

**FEMARELLE**
Það eru komnar nýjar umbúðir utan um Femarelle.



**ALLT ANNAÐ LÍF** Bryndís fann réttu lausnina þegar hún kynntist Femarelle. MYND/VALLI

# ÞJÁISTU AF FRJÓKORNA-OFNÆMI Á SUMRIN?

*Hay Max er náttúruleg lausn sem hentar öllum. Hay Max er lífrænn salvi sem er einfaldur í notkun.*

Hay Max er áhrifaríkur, lífrænn og lyfjalaus frjókornatálmi fyrir þá sem þjást af frjókornaofnæmi. Hann hefur fengið fjölda viðurkenninga, meðal annars frá bresku astma- og ofnæmissamtökunum. Hay Max er einfaldur í notkun og kemur í veg fyrir að frjókorn komist inn í líkamann. Hay Max er framleiddur úr hágæða, vottuðum lífrænum efnum, bývaxi, ilmkjarnaolíum, aloe vera og sólblómaolíu og er vottaður fyrir grænmetisætur. Hay Max hentar ófrískum konum, konum með barn á brjósti og börnum.






**MÆLI MEÐ** Jón Páll segist alltaf vera með Hay Max á sér.

**ALLTAF MEÐ HAY MAX**

Jón Páll Pálmason, þjálfari í knattspyrnu, hefur góða reynslu af notkun Hay Max. „Þar sem ég er að þjálfa fótbolta er ég mikið úti á sumrin. Ég hef verið mjög slæmur, alltaf pirraður í augunum þegar frjókornin eru sem mest í loftinu. Ég ákvað að prófa Hay Max og smurði því í kringum augun og við nasirnar. Það var eins og við manninn mælt, ég fann mikinn mun á mér og er núna alltaf með dósina á mér þegar ég er úti. Ég mæli hiklaust með Hay Max gegn frjókornaofnæmi." Hay Max-salvinn er lyfjalaus sem þýðir að syfja er ekki ein aukaverkana öfugt við mörg ofnæmislyf.

**ÞVÍLÍKUR MUNUR**

Sonur minn, Emil Ingi, 13 ára, hefur verið með frjókornaofnæmi frá barnæsku.

Síðasta sumar byrjaði hann að nota Hey Max-salvann. Þvílíkur munur, hann er allt annar drengur, getur verið úti á sumri, spilað golf og gert allt það sem hann langar til utan húss," segir Íris Rut Árnadóttir, móðir Emils.

„Frjókornaofnæmið var svo slæmt hjá honum að þegar við fórum í sumarbústað þurfti hann að halda sig inni í húsi mest allan tímann. Hann ber Hay Max-salvann vel undir augun og undir nefið og þetta bara svínvirkar. Hann notar Hay Max-salvann með ofnæmislyfjum og líður mun betur."

# STUÐLAR AÐ LÍFLEGRA HÁRI

**ICECARE KYNNIR** *Frábærar töflur sem hægt er að mæla hiklaust með. Aðeins ein tafla af Hair Volume á dag og hárið verður líflegra og þykkara.*

Selma Björk Grétarsdóttir var farin að taka eftir að hár hennar hafði þynnst og var orðið mjög þurrt og slitið. „Ég ákvað að prófa Hair Volume sem ég hafði séð auglýst og fljótlega sá ég að hárið varð miklu líflegra. Mér finnst einnig vera kominn gljái á hárið og finn að það hefur þykknað þótt ég sé einungis búinn að taka Hair Volume í tvo mánuði. Ég hef litað hárið reglulega og þarf því að gæta þess að það þorni ekki of mikið. Ég get hiklaust mælt með Hair Volume fyrir þær sem eru í sömu stöðu og ég," segir Selma.



**HÁRIÐ VARÐ LÍFLEGRA**
Selma Björk sá mikinn mun á hári sínu eftir að hafa tekið Hair Volume í tvo mánuði.
MYND/VILHELM

**FÉKK HÁRLOS**

„Ég fór í aðgerð og þurfti að nota lyf í kjölfarið, sem varð til þess að hárið á mér varð líflaust og rytjulegt. Einnig var ég líka með töluvert hárlos vegna lyfjanna og þurfti ég t.d. alltaf að tæma niðurfallið í sturtunni eftir hvert skipti í sturtu, svo mikið var hárlosið.

Ég byrjaði að nota Hair Volume í ágúst. Ég og hárgreiðslukonan mín höfum tekið eftir því hve miklu líflegra hárið er, það glansar meira og hárvöxturinn hefur aukist mikið. Annar hárvöxtur á líkamanum hefur samt ekki aukist og finnst mér það mikill munur. Ég tók líka eftir því að neglurnar eru sterkari og húðin mun betri, þannig að það er svo margt gott við að nota Hair Volume-töflurnar. Frábærar töflur sem ég mæli hiklaust með," segir Margrét Viðarsdóttir.

**NÝ UPPFINNING**

Hair Volume er nýjung á markaðnum. Hair Volume er eina varan sem inniheldur náttúrulega vaxtarvakann procyanidin-B2 sem unninn er úr eplum. Töflurnar næra rætur hársins með bíótíni sem hvetur hárvöxt og umfang hársins og kopar sem viðheldur eðlilegum lit – hjálpar til við að koma í veg fyrir grá hár. Töflurnar innihalda líka þykkni úr hirsi, kísli og B-vítamínum.




**HAIR VOLUME**
Eflir hárvöxt, styrkir og þykkir hárið. Innihald: elfting (horsetail extract), epla-extract, hirsi (millet extract), amínósýrur L-Cysteine og L-methi-nonine, bíótín, pantótenatsýra, sink og kopar.

**FÆST**
Hair Volume fæst í apótekum, heilsuverslunum og heilsuhillum stórmarkaða. Frekari upplýsingar er að finna á www.icecare.is eða á www.newnordic.com

## BÍLAR & FARARTÆKI

Stofnað 1974
**Bílamarkaðurinn**



FORD Ka trend plus. Árgerð 2012, ekinn 52 Þ.KM, bensín, 5 gírar.100% lán Verð 1.490.000. Rnr.105978. Bílamarkaðurinn 5671800



NISSAN Patrol gr. Árgerð 2005, ekinn 177 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur skoðar skipti. Verð 2.490.000. Rnr.231041. Bílamarkaðurinn 5671800

**Bílamarkaðurinn**
**Smiðjuvegi 46E, Kópavogi**
**Sími: 567 1800**

**Bílalíf**



M.BENZ Ml 280 cdi . Árgerð 2007, ekinn 127 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 4.990.000. Rnr.104361.

**Bílalíf**
**Klettháls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 562 1717**
**Opið virka daga 10-18 og lau 12-16**
**www.bilalif.is**

**bilfang.is**
**S.567 2000**



**EINN EIGANDI !**
VW Golf 1600cc 08/2006 ek 118 þ.km Sportpakki , lúga , 16" felgur góð dekk , einn eigandi, ny tímareim FLOTTUR BíLL ! Gott verð 1290 þús !!!

**Bílasalan Bílfang**
**Malarhöfða 2, 110 Rvk.**
**Sími: 567 2000**
**www.bilfang.is**

**bilauppbod.is**

**PARFTU AÐ KAUPA EÐA SELJA BÍL?**
Bilauppbod.is er uppboðsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www.bilauppbod.is Sími 522-4610.

**Bílauppboð - Krókur**
**Sími: 522 4610**
**www.bilauppbod.is**

**STÓRA BÍLASALAN**



Iveco Irisbus 50C 14 - 20 Manna Árgerð 2006, ekin 399þ.km. Mikið yfirfarinn bíll sem er á staðnum. Verð 4.390.000kr. Raðnúmer 155741. Sjá nánar á www.stora.is



VW Multivan 2.5 Dísel 7 manna. Árgerð 2009, ekinn 48þ.km. Sjálfskiptur. Frábær ferðabíll! Er með hjólastólaaðgengi. Verð 5.500þ. kr. Raðnr 154772. Sjá nánar á www. stora.is



Ford Transit Custom 9 manna Árgerð 2014. Nýtt ökutæki. Beinskiptur. Dísel. Er á staðnum. Verð 4.690þ.kr án VSK m/niðurfellingu. Raðnr. 134093. Sjá nánar á www.stora.is



Ford Transit FT430 17 manna Árgerð 2014. Nýtt ökutæki. Beinskiptur. Dísel. Er á staðnum. Verð 5.990þ.kr. án VSK m/niðurfellingu. Raðnr. 133928. Sjá nánar á www.stora.is



Ford Transit 300M 9 manna Árgerð 2011, ekinn 61þ.km. Beinskiptur. Dísel. Er á staðnum. Verð 2.790þ.kr. án VSK m/niðurfellingu. Raðnr. 154842. Sjá nánar á www.stora.is

**Stóra bílasalan**
**Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 5861414**
**Myndeftirlit á plani**
**http://www.stora.is**

**100bilar.is**



**PALLHÝSI!!**
Okkur vantar Pallhýsi og alla ferðavagna á staðinn og á skrá, Komdu á staðinn eða sendu okkur skráningu og myndir á 100bilar@100bilar.is og í síma 5179999, www.100bilar.is

**100 bílar ehf**
**Þverholt 6, 270 Mosfellsbær**
**Sími: 517 9999**
**Opið virka daga 10-18.00 og laugardögum 11-15.**
**www.100bilar.is**

**ÍSBAND.IS**



**NÝTT SOMERSET**
ÚTSALA, Somerset Evolution E2, Sólarsella, Truma, Ísskápur, WC, heitt vatn ofl, Stórglæsilegt 12 feta Off Road fellihýsi, ATH 1 stk í boði, nýja útgáfan af Coleman, Verð aðeins 3.190.000kr, Er í salnum,

**Íslensk-Bandaríska ehf**
**Þverholt 6, 270 Mosfellsbæ**
**Sími: 534 4433**
**Opið virka daga 10-18.00 og laugardaga 11-15**
**http://www.isband.is**

**ASKJA**
**NOTAÐIR BÍLAR**



SUBARU Legacy. Árgerð 2007, ekinn 138 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 1.950.000. Rnr.160972.



KIA Sportage ex 4wd 136 hö disel. Árgerð 2011, ekinn 86 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 4.490.000. Rnr.990452. 4 ár eftir af verksmiðjuábyrgð.



SUBARU Forester. Árgerð 2010, ekinn 122 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 3.150.000. Rnr.990806.

**ASKJA notaðir bílar**
**Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 590 2160**
**www.notadir.is**

**bíll.is**
bestir í bílum...



**DÍSEL EÐIR 4-6 L**
SKODA Octavia ambiente. Árg 2011, ekinn 89 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Besta Verð 3.280.000. Rnr.137237.

**Bill.is**
**Sími: 577 3777**
**www.bill.is**

## Bílar til sölu



Hyundai Getz ,07 ek.100km. Sumar og vetrar dekk. Sk. ,15. V. 699þús. S. 6162597.




Rafbíllinn Ókeypis. Láttu bensín sparnaðinn borga bílinn. Kynntu þér reynslu annarra viðskiptavina okkar á islandus.is. Nissan Leaf frá 2.995þús. Tilboð á Toyota, Ford, Chevrolet og Tesla. Útsölutilboð á sýningabílum, eftirársbílum, rafbílum, metan/bensín/díselbílum. Íslensk ábyrgð og allt að 100% fjármögnun í boði. islandus. is - S.5522000

Bíll til sölu, Suzuki Baleno árg. ,98. Sk. 15. ek. 160 þkm. Verð 300 þús. S. 847-0075.

## 250-499 þús.



**TILBOÐSVERÐ AÐEINS 390ÞÚS, STGR.**
Peugeot 307 árg ,01 ek. 162þús km. bsk, skoðaður. 5d. ný heilsársdekk. mjög eyðslugrannur. ásett verð 690þús. Tilboðsverð aðeins 390þús stgr. möguleiki á 100% vísaláni. uppl í s:659-9696

## 500-999 þús.



**TILBOÐ 550 ÞÚS - VISALÁN!**
KIA CARETO árg 2006 ek.107 þús, ný tímareim, beinsk, 5 dyra. heilsársdekk sparneytinn og góður bíll ásett verð 890 þús TILBOÐ 550 ÞÚS s.841 8955



**VIRKILEGA SPARNEYTINN**
VW Polo 1.2 árg ,05. ek aðeins 141þús km. bsk. 5dyra. tímakeðja. lýtur mjög vel út. ný skoðaður og í góðu ástandi. ásett 750þús. Tilboðsverð aðeins 590þús stgr. möguleiki á 100% vísaláni. s:659-9696

## 1-2 milljónir



**TILBOÐ 290 ÞÚS OG YFIRTAKA!**
OPEL ASTRA OPC 2.0 TURBO árg 2007 ek.104 þús, ný tímareim, 241 hö, 6gíra, xenon, leður, 18" felgur ofl. skemtilegur og fallegur bíll! ásett verð 1990 þús TILBOÐ 1490 ÞÚS áhv 1200 þús s.841 8955

## Bílar óskast



**STAÐGREIÐI BÍLA 0-500 ÞÚS!**
Óska eftir að kaupa bíla á allt að 300 þús. staðgreitt! Peir mega þarfnast lagfæringa helst ekki eldri en ,01, skoða allt er með pening og pappíra klára og get gengið frá kaupum strax, ef mér lýst vel á. Uppl. s. 691 9374.

Bíll óskast á verðbilinu 0-50 þ. allt kemur til greina uppl. í síma 6636285.

**BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.**
Má þarfnast lagfæringa.
**Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.**

**0-250 STAÐGREITT**
Vantar bíl á verðinu 0-250. Skoða allt. Jeppa, fólksbíl. Má þarfnast lagfæringar. Sími 857 9326.

## Sendibílar

568 5000 NS NÝJA-SENDIBÍLASTÖÐIN

Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

## Reiðhjól



**RAFMAGNS-REIÐHJÓL**
**VERÐ FRÁ 149.800**

EL - BIKE.IS
Bindir & stál ehf.
Hvaleyrarbraut 39
220 Hafnarf. S. 864 9265

## Hjólhýsi

## Fellihýsi

**Tjaldvagnar**
**Fellihýsi**
**Hjólhýsi**
**Húsbílar**

Umboðssala
Risasýningarsvæði
Korputorgi

Korputorg | 112 Reykjavík
Sími 551 5600 | utilegumadurinn.is

Útilegu maðurinn

## Varahlutir

**JAPANSKAR VÉLAR BÍLAPARTASALA**
Eigum úrval varahluta í Japanska og Kóranska bíla og fleiri teg. Kaupum flestar tegundir bíla. Opið 8-18 virka daga. S. 565 3400 & 893 2284. www. japanskarvelar.is / www.carparts.is japvel@carparts.is

**ÓDÝRIR BÍLAVARAHLUTIR.**
Ódýrir varahlutir og dekk í ýmsa bíla óskar eftir bílskúr til leigu. s: 896 8568.

## Viðgerðir

**AB BIFREIÐAVERKSTÆÐI**
Get bætt á mig öllum teg. bíla til viðgerða. Þar á meðal pústviðgerðir, bremsur og allar viðgerðir. Uppl. s. 555 6020.

Viðgerðir - Varahlutir í VW Golf, Póló, Yaris, mmc carisma, kangoo. Renni diska og skálar. Sérgrein bremsuviðgerðir. S. 892 7852.

# ÞJÓNUSTA

## Pípulagnir

**PÍPULAGNIR**
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð.

Uppl. í s. 699 6069 & 663 5315.

## Garðyrkja

**Garðaþjónusta Íslands ehf**
**www.garda.is**
**Vönduð vinnubrögð**
**Róbert S. 866 9767**



**Ford Transit Hobby T600**
04/2006, ek. 32 Þ.km. Sólarsella. Marcisa. Góð geymsla. Verð 6.750.000. Rnr.118758.



**Fiat Ducato MC louis.**
04/ 2007, ek. 24 Þ.Km, Markisa, Hjólagrind. Verð 7.700.000. Rnr.123809.



**Hobby 560 cfe premium.**
Nýtt hús. Verð 5.390.000. Rnr.123500.



**Knaus sport 450 fu.** Árg. 2005, Sólarsella gott hús. Verð 1.990.000. Rnr.119601.



**A-liner sofa bed** Árg.2006 Nýtt fortjald. Varadekk. Sólarsella. Nýr rafgeimir. Gott hús Verð 1.800.000. Rnr.124011.

**Bílás**
Bílasala Akraness

**Smiðjuvöllum 17**
**S. 431 2622/bilas.is**

## Þjónusta



**DÁLEIÐSLA - EFT**

Einkatímar, reykstopp með árangri, sjálfsefling , losun streitu og kvíða Viðar Aðalsteinsson dáleiðslufræðingur og sérfræðingur í EFT. Áratuga reynsla í mannrækt S: 694 5494 www.theta.is

## SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

### Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

## HÚSNÆÐI

### Húsnæði í boði

**WWW.LEIGUHERBERGI.IS**
Dalshraun 13 Hafnarfirði

Funahöfða 17a-19, Reykjavík

Smiðjuvegi 68-72 Kópavogi

VERÐ FRÁ 45.000 á mán. Rent a room price from 45.000 kr. per month.

**gsm 824 4535**

**leiga@leiguherbergi.is**

Grafarvogur/Borgir Glæsilega stór 4 herb. íb. m. sér inngangi og garði, til leigu. S: 899 9339 iceland61@gmail.com

### Geymsluhúsnæði

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**

Sér geymslur frá 3.900. 1 til 17m2. Aðgangur kl. 8-22 alla daga. Ný sérhönnuð geymsluhús, upphitað og vaktað. S: 564-6500.

**WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS**

Búslóðageymsla Olivers 150 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 25 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

**GEYMSLULAUSNIR.IS**

Búslóðageymsla og flutningar. Gott verð, sækjum og sendum. S. 615-5005.

**GEYMSLUR.COM**

Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

## ATVINNA

### Atvinna í boði

**ÞVOTTAHÚSIÐ FJÖÐUR**

óskar eftir starfsmanni í vinnu við að setja í þvottavélar og önnur tilfallandi störf í þvottahúsinu.
Viðkomandi getur hafið störf strax þarf að hafa bílpróf og tala einhverja íslensku.
**Upplýsingar veitir Baldur í síma 846 4611 eða á fjodur@fjodur.is.**

Vantar sumarstarfsmann í efnalaug/þvottahús í grafarvogi. Þarf að geta byrjað strax. Umsóknir á svanhvit@svanhvit.is

Óska eftir múrurum eða vönum mönnum í flísalagningu og múrviðgerðum. Áhugasamir hafið samband á stefangisli@yahoo.com & S. 864 8911

Óskum eftir vönum manni í hellulagnir og ýmsa jarðvinnu. Uppl. í síma 8930173

## fasteignir

**HRAUNHAMAR**
FASTEIGNASALA
Bæjarhrauni 10 - Hafnarfirði - Sími 520 7500 - www.hraunhamar.is

**Línakur 1c íbúð 205 – Garðabær – 4ra herbergja**
**Opið hús í dag milli kl. 17 og 17.30**




Hraunhamar fasteignasala kynnir sérlega fallega 4ra herbergja útsýnisíbúð á þessum eftirsótta stað við Línakur 1C í Garðabæ. Íbúðin er á annarri hæð með sér inngangi. Íbúðin er 121,7 fermetrar með geymslu. Eignin skiptist í Forstofu, hol, 3 svefnherbergi, stofu, borðstofu, eldhús, baðherbergi, þvottahús og geymslu. Fallegar innréttingar og gólfefni. **Verð: 40.5 millj.**

**Magnús Emilsson Löggiltur fasteignasali.**

**Fasteignasala Kópavogs**
Ábyrgð, reynsla & góð þjónusta



**Gyða Gerðarsdóttir**
Lögg. fasteignasali og leigumiðlari

# Aflakór 13




**OPIÐ HÚS Á MORGUN MIÐVIKUDAGINN 4. JÚNÍ MILLI KL. 17:15-17:45.**

Glæsilegt mjög vandað parhús með aukaíbúð alls 261,4 fm.
Á neðri hæð er 43,4 fm bílskúr, forstofa, þvottaherbergi og aukaíbúð með sérinngangi.
Á efri hæð eru þrjú svefnherbergi, stofa, borðstofa, eldhús og gott baðherbergi. 80 fm verönd til suðurs og svalir til norðurs. Fjögur sérbílastæði.

**ALLAR NÁNARI UPPLÝSINGAR VEITIR GYÐA GERÐARSDÓTTIR, LÖGG. FASTEIGNASALI OG LEIGUMIÐLARI Í S. 695-1095 / 517-2600. gyda@fastko.is**

**Vegna mikillar sölu vantar fleiri eignir á skrá.**

Fasteignasala Kópavogs • Hamraborg 14a • S 517 2600

**108 Reykjavík**

# Rauðagerði 14



**OPIÐ HÚS**
**Þriðjudag 3. júní 17:30 - 18:00**



Nánari upplýsingar veita
**Davíð Jónsson,** sölufulltrúi
david@miklaborg.is **sími:** 697 3080



**Óskar R. Harðarson**
hdl. og löggiltur fasteignasali

Falleg 132,8 fm,4ra herbergja sérhæð
Mikið endurnýjuð
Bílskúr og sér stæði
Suðursvalir og gróinn garður

Verð **42,5 millj.**

FASTEIGNASALAN **MIKLABORG** **569 7000 Lágmúla 4 www.miklaborg.is**
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
**- með þér alla leið -**

# Óska eftir...



## ...einbýli í Garðabæ

350 fm eða stærra í eftirfarandi hverfum:
Ásahverfi, Akralandi eða á Flötunum.



Allar nánari upplýsingar veita
**Jason Ólafsson,**
sölufulltrúi
**sími:** 775-1515
jassi@miklaborg.is



**Óskar R. Harðarson**
hdl. og löggiltur fasteignasali

FASTEIGNASALAN **MIKLABORG** **569 7000 Lágmúla 4 www.miklaborg.is**
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
**- með þér alla leið -**

**FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.**
ÓÐINSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.
Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

**Kirkjulundur 12 - Garðabæ - Fullbúin 4ra herb. útsýnisíbúð**

**EIGNIN VERÐUR TIL SÝNIS FRÁ KL. 17.30-18.00**




Glæsileg 129,0 fm. útsýnisíbúð á 3. hæð með svölum til vesturs í 5 hæða glæsilegri nýbyggingu við Kirkjulund í Garðabæ auk 8,5 fm. geymslu í kjallara og sér bílastæðis í bílageymslu. Íbúðin er fullbúin og innréttuð á vandaðan og smekklegan hátt. Innréttingar frá Fagus í Þorlákshöfn. Þrjú herbergi. Frábær staðsetning, stutt í alla þjónstu. **Verð 55,9 millj.**
**Íbúðin er laus til afhendingar strax.**
**Íbúð merkt 0302. Verið velkomin.**

**Logaland 10 - Endaraðhús**

**EIGNIN VERÐUR TIL SÝNIS FRÁ KL. 17.30-18.00**




Fallegt 211,9 fm. 6 herbergja endaraðhús á frábærum stað í Fossvogi. Húsið er á fjórum pöllum og hefur fengið mjög gott viðhald í gegnum tíðina. Stór stofa með arni og útgangi á svalir til suðurs. Þrjú herbergi auk sjónvarpshols þar sem hægt væri að útbúa herbergi í að hluta. Nýlega standsett baðherbergi. Fallegur suðurgarður með miklum trjágróðri. Nýtt þak og nýtt gler í öllu húsinu. **Verð 58,5 millj.**
**Verið velkomin.**

## atvinna

FJÁRMÁLA- OG EFNAHAGSRÁÐUNEYTIÐ

# Fjármála- og efnahagsráðuneytið auglýsir embætti bankastjóra Seðlabanka Íslands laust til umsóknar

Fjármála- og efnahagsráðherra skipar bankastjóra Seðlabanka Íslands til fimm ára í senn, sbr. 1. mgr. 23. gr. laga nr. 36/2001, um Seðlabanka Íslands, með síðari breytingum. Aðeins er hægt að skipa sama mann seðlabankastjóra tvisvar sinnum. Seðlabankastjóri skal fullnægja almennum starfsgengisskilyrðum skv. 6. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Seðlabankastjóri stýrir Seðlabanka Íslands og ber ábyrgð á rekstri hans og fer með ákvörðunarvald í öllum málefnum hans sem ekki eru falin öðrum samkvæmt lögum um Seðlabanka Íslands.

Umsækjendur skulu hafa lokið háskólaprófi í hagfræði eða tengdum greinum og búa yfir víðtækri reynslu og þekkingu á fjármálastarfsemi og efnahags- og peningamálum. Gerð er krafa um stjórnunarhæfileika og hæfni í mannlegum samskiptum.

Við skipun í embættið mun fjármála- og efnahagsráðherra, skv. 2. mgr. 23. gr. laga um Seðlabanka Íslands nr. 36/2001, með síðari breytingum, skipa þriggja manna nefnd er hefur það hlutverk að leggja mat á hæfni umsækjenda um stöðuna. Verður einn nefndarmaður skipaður samkvæmt tilnefningu samstarfsnefndar háskólastigsins, einn samkvæmt tilnefningu bankaráðs Seðlabanka Íslands og einn án tilnefningar og er hann formaður nefndarinnar.

Í umsókn um embættið skal greina frá nafni, kennitölu og heimilisfangi umsækjanda auk þess sem veita skal ítarlegar upplýsingar um menntun viðkomandi, starfsferil og reynslu. Um laun og önnur starfskjör fer eftir ákvörðun kjararáðs, sbr. b-lið 28. gr. laga um Seðlabanka Íslands nr. 36/2001, með síðari breytingum. Umsóknarfrestur er til föstudagsins 27. júní 2014. Vinsamlega sendið umsóknir og starfsferilskrár til fjármála- og efnahagsráðuneytisins, Arnarhvoli við Lindargötu, 101 Reykjavík eða á netfang ráðuneytisins postur@fjr.is. Konur jafnt sem karlar eru hvött til að sækja um stöðuna. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um skipun í embættið hefur verið tekin.
**Nánari upplýsingar veitir ráðuneytisstjóri fjármála- og efnahagsráðuneytisins.**

*Fjármála- og efnahagsráðuneytinu,*
*2. júní 2014.*


SUMARSPRENGJA
20%
AFSLÁTTUR AF ÖLLU
Opið til
miðnættis í kvöld
í Kringlunni
evans.
TOPSHOP
WAREHOUSE
KAREN MILLEN
DOROTHY PERKINS




KL. 20:45
**White Collar**
Fjórða þáttaröðin um sjarmörinn og svikahrappinn Neil Caffrey.

# Skemmtilegt þriðjudagskvöld



KL. 20:00
**Á fullu gazi**
Sigríður Elva og Finnur Thorlacius stýra þessum fjörugu og skemmtilegu bílaþáttum.



KL. 20:20
**Anger Management**
Skemmtilegir gamanþættir með Charlie Sheen í aðalhlutverki.



KL. 21:30
**Burn Notice**
Vandaður spennuþáttur um njósnarann Michael Westen.



KL. 19:20
**Modern Family**
Fjórða þáttaröðin af þessum sprenghlægilegu og sívinsælu gamanþáttum.



KL. 07:00-20:00
**Barnaefni alla daga**
Vandað talsett barnaefni og skemmtilegir þættir fyrir yngstu áhorfendurna alla daga á Krakkastöðinni.



KL. 20:30
**Pretty Little Liars**
Dramatískur þáttur um fjórar vinkonur sem þurfa að snúa bökum saman til að geta varðveitt skelfilegt leyndarmál.

Fáðu þér áskrift! 365.IS

## SUDOKU

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | | | 6 | | | 9 | | |
| 8 | | | | | 4 | | | 6 |
| | | | | 2 | 3 | 4 | 1 | |
| | | 9 | | | | 8 | | 4 |
| | 6 | 8 | | 3 | 5 | 2 | | |
| | 2 | | 9 | | 6 | | | |
| | 7 | 5 | | | 9 | 3 | 4 | 8 |
| 6 | 8 | | 3 | | | | | |
| | | | | 7 | 8 | | 2 | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 1 | 6 | | | | 7 | | |
| 3 | 7 | | | 1 | 4 | 6 | | |
| | | | 2 | | | | | 3 |
| 7 | 3 | | 4 | 2 | | 5 | 6 | |
| 1 | | 4 | 6 | | | | | |
| 6 | | | | | | 4 | 9 | |
| 9 | 5 | | | | 2 | | 3 | |
| 2 | | | | 5 | | | | 4 |
| | 6 | 1 | | 8 | 3 | | 7 | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | | | 4 | | 2 | | | |
| | | | | | | | | |
| 3 | 4 | 5 | | 8 | | 1 | | |
| | | | 5 | | 1 | | 7 | 3 |
| | | | 7 | 9 | | 8 | 5 | |
| 1 | | | | 3 | | | | 4 |
| | 2 | 8 | | | | | | |
| | 6 | | | | 8 | | | 2 |
| | | 4 | | | 3 | | | 8 |

**LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 1 | 3 | 2 | 8 | 7 | 5 | 6 | 9 |
| 5 | 2 | 6 | 4 | 9 | 3 | 7 | 1 | 8 |
| 7 | 8 | 9 | 5 | 1 | 6 | 2 | 3 | 4 |
| 9 | 4 | 7 | 1 | 6 | 2 | 8 | 5 | 3 |
| 6 | 3 | 1 | 7 | 5 | 8 | 4 | 9 | 2 |
| 8 | 5 | 2 | 3 | 4 | 9 | 6 | 7 | 1 |
| 3 | 7 | 8 | 6 | 2 | 1 | 9 | 4 | 5 |
| 1 | 9 | 4 | 8 | 7 | 5 | 3 | 2 | 6 |
| 2 | 6 | 5 | 9 | 3 | 4 | 1 | 8 | 7 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | 7 | 6 | 2 | 8 | 1 | 9 | 4 | 3 |
| 9 | 8 | 2 | 4 | 3 | 5 | 7 | 1 | 6 |
| 1 | 3 | 4 | 6 | 7 | 9 | 8 | 2 | 5 |
| 2 | 4 | 3 | 9 | 5 | 6 | 1 | 8 | 7 |
| 7 | 6 | 5 | 8 | 1 | 4 | 2 | 3 | 9 |
| 8 | 9 | 1 | 3 | 2 | 7 | 5 | 6 | 4 |
| 3 | 5 | 8 | 7 | 6 | 2 | 4 | 9 | 1 |
| 6 | 1 | 9 | 5 | 4 | 8 | 3 | 7 | 2 |
| 4 | 2 | 7 | 1 | 9 | 3 | 6 | 5 | 8 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | 1 | 8 | 3 | 6 | 9 | 4 | 7 | 2 |
| 9 | 2 | 6 | 7 | 4 | 8 | 1 | 5 | 3 |
| 3 | 7 | 4 | 1 | 5 | 2 | 6 | 8 | 9 |
| 6 | 5 | 9 | 4 | 8 | 3 | 7 | 2 | 1 |
| 7 | 4 | 1 | 2 | 9 | 5 | 3 | 6 | 8 |
| 8 | 3 | 2 | 6 | 7 | 1 | 5 | 9 | 4 |
| 1 | 8 | 3 | 5 | 2 | 7 | 9 | 4 | 6 |
| 2 | 6 | 5 | 9 | 1 | 4 | 8 | 3 | 7 |
| 4 | 9 | 7 | 8 | 3 | 6 | 2 | 1 | 5 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

# Myndasögur

**Pondus er farinn í sumarfrí en snýr aftur í ágúst.*

**GELGJAN** — Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**HANDAN VIÐ HORNIÐ** — Eftir Tony Lopes




**BARNALÁN** — Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




## SPAKMÆLI DAGSINS

**„Sumt fólk vill smjör ofan á heppnina sína.“**

*Thomas Hardy*

## KROSSGÁTA

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | | 13 | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | 19 | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

**LÁRÉTT: 2.** vanþóknun, **6.** átt, **8.** tré, **9.** tæfa, **11.** skóli, **12.** yfirstéttar, **14.** svipað, **16.** berist til, **17.** skjön, **18.** pota, **20.** grískur bókstafur, **21.** glufa.

**LÓÐRÉTT: 1.** hleypa, **3.** tveir eins, **4.** skipafélag, **5.** svelgur, **7.** flæmi, **10.** frostskemmd, **13.** festing, **15.** heimsálfa, **16.** nafar, **19.** tvíhljóði.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** vanþóknun, **6.** átt, **8.** tré, **9.** tæfa, **11.** skóli, **12.** yfirstéttar, **14.** svipað, **16.** berist til, **17.** skjön, **18.** pota, **20.** grískur bókstafur, **21.** glufa.

**LÓÐRÉTT: 1.** hleypa, **3.** tveir eins, **4.** skipafélag, **5.** svelgur, **7.** flæmi, **10.** frostskemmd, **13.** festing, **15.** heimsálfa, **16.** nafar, **19.** tvíhljóði.

## SKÁK

**Gunnar Björnsson**

**Guðmundur Kjartansson (2439) hafði svart gegn Hjörvari Steini Grétarssyni (2530) í lokaumferð Íslandsmótsins í skák.**

**Svartur á leik**



**32...Kh8** bauð jafntefli um leið með heldur betra tafl. Hjörvar tók því og þar með var ljóst að Íslandsmeistaratitillinn væri Guðmundar sem jafnframt náði sínum öðrum áfanga að stórmeistaratitli. Frábær árangur!
**www.skak.is** Umfjöllun um Íslandsmótið

# HM DAGAR

## Í SAMSUNG-SETRINU



## Full búð af sjónvarpstilboðum

### TIL DÆMIS:



**SAMSUNG** UE46/50F5005

LED SJÓNVARP · 100 Hz. · Full HD 1920x1080p
· Mega skerpa · Afspilun USB: kvikmyndir, ljósmyndir, tónlist
· Sjónvarpsmóttakari: Digital DVB-T2

**TILBOÐ#1:**
**46"= 159.900,-**

**TILBOÐ#2:**
**50"= 199.900,-**



**SAMSUNG** UE46F6675

LED SJÓNVARP · 600 Hz. · Full HD 1920x1080p
Skjár: Clear · Skerpa: Mega · AllShare: Auðveld samskipti Samsung tækja · USB: Upptaka og afspilun · Social TV: Já, horfðu á sjónvarp og vertu á Facebook, You Tube, Flickr, Skype ofl.

**TILBOÐ#3:**
**46"= 239.900,-**

**SAMSUNG** UE55F8005

GLÆSILEGT VERÐLAUNATÆKI
***„BESTA SMART TV Á MARKAÐINUM 2013-214“***
LED SJÓNVARP · 1000 Hz. · Full HD 1920x1080p

**TILBOÐ#4:**
**55"= 529.900,-**

EISA AWARD
Best Product 2013-2014
SMART TV
Samsung UE55F8000



**VEITUM 20% AFSLÁTT**
af öllum heimabíóum
við kaup á sjónvörpum
á HM-DÖGUM

BRASILÍA

FIFA WORLD CUP Brasil

ORMSSON
LÁGMÚLA 8 · REYKJAVÍK
VERSLANIR UM LAND ALLT

SAMSUNG SETRIÐ
samsungsetrid.is
SÍÐUMÚLA 9 · REYKJAVÍK · SÍMI 530 2900

# Eiginlega indí-hátíð klassíska geirans

Podium festival fer fram í Reykjavík í fjórða sinn í vikunni. Þar kemur fram ungt tónlistarfólk frá fjórum löndum og meðal annars er boðið upp á almyrkvaða tónleika í neðri kjallara Hörpu. Arngunnur Árnadóttir er ein þeirra sem koma fram.

Kammertónlistarhátíðin Podium festival fer fram í Reykjavík dagana 5. til 8. júní í Norræna húsinu, Hörpu og á Kexi hosteli. Á hátíðinni er klassísk tónlist, allt frá endurreisnartíma til dagsins í dag, leikin af framúrskarandi ungu tónlistarfólki sem um þessar mundir leggur grunninn að tónlistarferli sínum. Eitt þeirra er Arnþrúður Árnadóttir klarínettuleikari, sem jafnframt er einn af skipuleggjendum hátíðarinnar. „Þetta er í fjórða sinn sem hátíðin er haldin hérlendis,“ segir Arngunnur. „Fyrirmyndin er norsk hátíð sem varð til þess að sams konar hátíð var sett upp í Þýskalandi og síðan hér. Stofnendur hátíðarinnar hérlendis voru Þorgerður Edda Hall, sem er framkvæmdastjóri hátíðarinnar, Ingibjörg Friðriksdóttir og Eygló Dóra Davíðsdóttir.“

Tónlistarfólkið kemur að þessu sinni frá Austurríki, Þýskalandi, Noregi og Íslandi og Arngunnur segir að það hafi myndast tengsl á milli listamannanna sem spila á þessum þremur hátíðum og oft komi sama fólkið fram á þeim öllum. „Það er svona smá grasrótarbragur yfir þessu,“ segir hún. „Það má eiginlega segja að þetta sé „indí“ klassíska geirans.“

Hátíðartónskáld Podium í ár er Halldór Smárason en hann er nýútskrifaður frá Manhattan School of Music. Nýtt verk úr smiðju hans verður frumflutt á opnunartónleikum hátíðarinnar í Norræna húsinu á fimmtudaginn klukkan 19.30. „Halldór er mjög virkur og efnilegur,“ segir Arngunnur. „Og heiður að hafa hann með okkur.“

Föstudaginn 6. júní klukkan 19.30 leiðir Podium-hópurinn tónleikagesti inn í niðamyrkur á tónleikunum „Inn í myrkrið“ sem fara fram í neðri kjallara Hörpu, K2. „Norðmennirnir Mathias Halvorsen og Magnus Boye Hansen byrjuðu með þetta konsept, að halda tónleika í myrkri til að skerpa önnur skilningarvit en sjónina,“ útskýrir Arngunnur. „Þetta er tilraun til að fá fólk til að upplifa tónlist á annan hátt og er dálítið áhrifamikið.“

Á tónleikunum „KEX-klassík“, laugardaginn 7. júní, hreiðrar tónlistarhópurinn um sig á Kexi hosteli. Andrúmsloft klassíska tímans verður endurskapað, þar sem tónleikar voru gjarnan í afslöppuðu umhverfi og frjálslegir tónleikagestir hlýddu á tónlist sér til yndisauka með drykk í hendi. Á dagskrá er undurfagur klarínettukvintett Mozarts, rafmagnaður John Adams-strengjakvartett og nýtt verk eftir Ingibjörgu Friðriksdóttur. Á sunnudag verða lokatónleikar á Norðurbryggju Hörpu þar sem öllum er frjáls ókeypis aðgangur. Upplýsingar um flytjendur og tilhögun hátíðarinnar eru á heimasíðu hátíðarinnar, podiumfestival.com.

fridrikab@frettabladid.is



**ARNGUNNUR ÁRNADÓTTIR** „Þetta er tilraun til að fá fólk til að upplifa tónlist á annan hátt og er dálítið áhrifamikið.“ FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**KATHIA BUNIATISHVILI** „Buniatishvili er auðheyrilega flinkur píanóleikari sem getur spilað gríðarlega hratt. En það var engan veginn nóg.“ MYND/NORDICPHOTOSGETTY

# Skrumskæling tónlistarinnar

TÓNLIST ★☆☆☆☆

**Khatia Buniatishvili flutti verk eftir Brahms, Chopin, Ravel og Stravinskíj í Eldborg í Hörpu**

**FIMMTUDAGINN 29. MAÍ Á LISTAHÁTÍÐ Í REYKJAVÍK.**

Það var eitthvað dinner-kennt við það hvernig Khatia Buniatishvili spilaði Brahms. Jú, píanóhljómurinn var mjúkur og fallegur, en tónlistin hafði enga almennilega lögun. Hana skorti karakter. Þetta var áferðarfagurt, en það var engin dýpt í túlkuninni.

Ekki tók betra við þegar Gaspard de la nuit eftir Ravel var á dagskránni. Buniatishvili er auðheyrilega flinkur píanóleikari sem getur spilað gríðarlega hratt. En það var engan veginn nóg. Tónlistin rauk áfram, það var engin reisn í henni, engin dulúð, enginn skáldskapur. Þetta var einhvers konar hæ dúddelí dei. Skemmtilegt undir vissum kringumstæðum, en ekki nú. Hægi kaflinn var bestur, þar var ákveðin stemning sem ljúft var að upplifa. En spennuna skorti í lokakaflann, sem á einmitt að vera svo spennandi.

Kannski verst af öllu var Scherzo nr. 2 eftir Chopin. Það var svo hratt að tónlistin varð að skrumskælingu. Hún hefði sómt sér ágætlega í teiknimynd um Tomma og Jenna.

La Valse eftir Ravel var næst. Smá agi hefði komið túlkuninni til góða, einhver mótstaða sem hefði gert hana lokkandi. La Valse eftir Ravel er svo sannarlega brjálæðisleg tónlist, en það er í henni glæsileiki líka sem vantaði algerlega í túlkunina hér.

Loks fengum við að heyra þrjá þætti úr Petrúsku eftir Stravinskíj, þekktan fingurbrjót sem er aðeins á meðfæri örfárra píanóleikara. Buniatishvili lék sér að tónlistinni, ekki vantaði það. En það var enginn raunverulegur kraftur, ekkert sem hvatti mann til að dilla sér með. Þarna eru dansar, þetta er jú upphaflega tónlist við ballett. En í túlkuninni hér var hún alveg flöt. Það gerðist ekkert í henni, ekkert sem kom á óvart og skapaði stemningu. Útkoman var skelfilega leiðinleg.

Sem aukalag spilaði Buniatishvili lokakaflann úr sjöundu sónötu Prokofievs. Ég veit að ég er búinn að nota orðið skrumskæling hér áður, en ætla að gera það aftur. Kaflinn var alltof hraður, hann var bókstaflega hlægilegur. Þetta var skrumskæling, skrumskæling og enn þá meiri skrumskæling.

**Jónas Sen**

**NIÐURSTAÐA:** Drepleiðinlegir tónleikar.




**Business or pleasure?**
**Skiptir ekki máli**

Með Ferðapakka Símans nýturðu úrvalskjara á símaþjónustu þegar þú ferðast um Evrópu og Bandaríkin. Lauflétt er að sækja um Ferðapakkann. Sendu textann „ferdapakki“ í númerið 1900 og Ferðapakkinn virkjast um leið og þú ert kominn í viðkomandi land. SMS skeytið er viðskiptavinum að kostnaðarlausu. Mínúturnar eru ódýrari, þú greiðir 0 kr. fyrir móttekin símtöl og daggjald aðeins þá daga sem þú notar þjónustuna.

Ferðapakki

| | |
|---|---|
| 490 kr. | Daggjald í Evrópu |
| 990 kr. | Daggjald í Bandaríkjunum |
| 5 kr. mín. | Hringd símtöl |
| 0 kr. | Móttekin símtöl |
| 0 kr. | SMS |
| 25 kr. / MB | MB |



siminn.is


ERTU TIL Í SPORTIÐ?
MIÐNÆTURSPRENGJA
Í ÚTILÍFI KRINGLUNNI
OPIÐ TIL MIÐNÆTTIS
SÉRFRÆÐINGAR FRÁ
NIKE UNDER ARMOUR
ADIDAS & BROOKS
VEITA GÓÐ RÁÐ VIÐ
VAL Á RÉTTUM BÚNAÐI
20%
AFSLÁTTUR AF ÖLLUM
VÖRUM Í ÖLLUM
VERSLUNUM ÚTILÍFS
ÚTILÍF
GLÆSIBÆ
KRINGLUNNI
SMÁRALIND
utilif.is

TOSHIBA acer UNITED ASUS nextbook ARCHOS

# RÝMING Á FARTÖLVUM

## VERÐHRUN Á 90 MISMUNANDI

TOSHIBA



-30.000

INTEL CELERON

TOS-NB10TA101

**59.990**

Fullt verð 89.990

ASUS



-50.000

MEÐ SSD

13,3"

ASU-UX31LAR5017P

**199.990**

Fullt verð 249.990

acer



-80.000

14" ULTRABOOK

ACE-NXV8RED005

**249.990**

Fullt verð 329.990

acer



-40.000

INTEL i5 HASWELL

ACE-NXV8MED002

**159.990**

Fullt verð 199.990

TOSHIBA



-30.000

QUAD CORE A10

TOS-S50DA10J

**119.990**

Fullt verð 149.990

TOSHIBA



-30.000

QUAD CORE A6

TOS-M50DTA105

**99.990**

Fullt verð 129.990

## 20% AFSLÁTTUR AF TÖLVUTÖSKUM !

## AÐEINS NOKKRIR DAGAR !




8 VERSLANIR UM ALLT LAND

REYKJAVÍK
SUÐURLANDSBRAUT 26
Sími 414 1700

# OG SPJALDTÖLVUM !

## GERÐUM – TAKMARKAÐ MAGN !

**nextbook**



-25%

8 TOMMUR

NEX-NX008HD8G

**14.990**

Fullt verð 19.990

**Lenco** AUDIO – VIDEO



-30%

BLÁ OG BLEIK

LEN-COOLTAB72PI

**13.990**

Fullt verð 19.990

**TOSHIBA**



-60.000

INTEL i5

12,5"

TOS-U920T10H

**139.990**

Fullt verð 199.990

**ASUS**



-8.000

NEXUS 7

ASU-NEXUS71A002A

**49.990**

Fullt verð 57.990

**nextbook**



-5.000

10 TOMMUR

NEX-NX010HI8G

**24.990**

Fullt verð 29.990

**ARCHOS**



-23%

IPS SKJÁR

ARO-502427

**22.990**

Fullt verð 29.990

## YFIRFARNAR 10" SPJALDTÖLVUR FRÁ 9.990 !

**OPIÐ 10-18**

tl.is

**TÖLVU LISTINN**

| AKUREYRI | HÚSAVÍK | EGILSSTAÐIR | KEFLAVÍK | SELFOSS | AKRANES | HAFNARFJÖRÐUR |
|---|---|---|---|---|---|---|
| GLERÁRGÖTU 30 | GARÐARSBRAUT 18A | KAUPVANGI 6 | HAFNARGÖTU 90 | AUSTURVEGI 34 | ÞJÓÐBRAUT 1 | REYKJAVÍKURVEGI 66 |
| Sími 414 1730 | Sími 464 1600 | Sími 414 1735 | Sími 414 1740 | Sími 414 1745 | SÍMI 431 333 | Sími 414 1750 |

# Meira Meat Loaf í Hörpu

Tónleikasýningin Bat out of hell var sýnd tvívegis fyrir fullri Eldborg 17. maí síðastliðinn, en þar var þessi mest selda erlenda plata á Íslandi flutt í heild sinni ásamt stórsmellum Jims Steinman, sem samdi nær allt fyrir Meatloaf og fleiri stórstjörnur eins og Bonnie Tyler og Celine Dion.


FRIÐRIK ÓMAR

Gestir risu ítrekað úr sætum sínum eftir hvern flutninginn á fætur öðrum. Vegna mikillar eftirspurnar verður sýningin tekin upp og sýnd föstudaginn 27. júní í Eldborg.

Söngvarar í sýningunni eru Matthías Matthíasson, Eiríkur Hauksson, Heiða Ólafsdóttir, Dagur Sigurðsson, Stefanía Svavarsdóttir, Erna Hrönn, Friðrik Ómar og Stefán Jakobsson. Þau koma fram ásamt stórskotaliði tónlistarmanna og dansara. - glp

# Fyrirmyndarstjórinn við Tjörnina

**BAKÞANKAR**
Álfrúnar Pálsdóttur



**VEISTU** hver þetta er?" ég sný mér að dóttur minni þar sem við röltum um vesturbæ Reykjavíkur. Hún lítur á úlpuklædda manninn með hund og húfu sem gengur fram hjá okkur og hristir hausinn. „Þetta er borgarstjórinn," segi ég og barnið snýr sig næstum úr hálslið til að berja manninn augum. „Borgarstjórinn," endurtekur sú stutta og fylgir stóreygð hverju skrefi mannsins sem fjarlægist í vorsúldinni. Ég geri mér grein fyrir því hversu merkileg sjón þetta er fyrir barnið. Hún sá manninn með völdin.

**HVAÐ** er hann að gera mamma? Ég svara að hann sé úti að labba með hundinn sinn, „já, og tína rusl," bæti ég við þar sem ég sé hann bogra yfir runna. Barnið grípur það strax á lofti. „Já, auðvitað. Hann stjórnar ruslinu í borginni og það má ekki henda rusli á götuna. Og hann stjórnar hvað það eru margir ljósastaurar í borginni. Hvað eru margir ljósastaurar í Reykjavík?" Restin af göngutúrnum fór svo í fabúleringar um hlutverk borgarstjóra, hvers vegna maður býr í borg og alveg út í heimspekilegar pælingar um hvað eiginlega borg sé, á milli þess sem barnið tíndi pappírsrusl upp úr götunni og henti í nærliggjandi tunnur. Hver vill fá skammir frá sjálfum borgarstjóranum, sem hún er búin að bíta í sig að fylgist með hverju skrefi borgarbúa? Svona eins og jólasveinarnir fylgjast með börnum í desember.

**ÞAÐ** er vel við hæfi að sama ár og Jón Gnarr kveður stjórastólinn í ráðhúsinu sendi Íslendingar marglita pollapönkara með boðskap sem framlag sitt til Eurovision. Já, og að Evrópa kjósi karl í kjól sigurvegara þessarar vinsælu söngvakeppni. Þýðir það ekki að síðustu fjögur ár með þennan svokallaða sprellara í æðsta embættinu hafi skilað okkur einhverju? Þennan sprellara sem lét verkin tala og klæddist kjól á Gay pride og bjó til Góðan daginn-daginn svo eitthvað sé nefnt.

**EINHVER** benti á að Jón Gnarr væri líklega áhrifamesti stjórnmálamaður síðari tíma á Íslandi. Maðurinn sem breytti ásýnd stjórnmálanna. Fyrirmynd fyrir stóra sem smáa. Mitt fólk mun allavega ekki henda rusli úti á götu framar. Ég meina, af hverju er rusl í Reykjavík?

# Myndlist og tíska í eina sæng

Mikil gleði var við opnun á samstarfsverkefni myndlistarmannsins Haraldar Jónssonar og fatahönnuðarins Guðmundar Jörundssonar í versluninni Jör. Verkefnið ber titilinn YESNOOUI og lýsir Guðmundur því sem myndlistartískublöndu en um er að ræða buxur eftir Guðmund með silkiprentaðri grafík Haralds.


**FÓLKIÐ Á BAK VIÐ VIÐBURÐINN** Frosti Jón Runólfsson sem samdi tónlist fyrir viðburðinn, Hrafnhildur Hólmgeirsdóttir, listrænn stjórnandi, Guðmundur Jörundsson, fatahönnuður JÖR, og Haraldur Jónsson myndlistarmaður. MYNDIR/BRYNJAR SNÆR


**SNILLINGAR SKEGGRÆÐA** Megas og Haraldur Jónsson.


**HÝR Á BRÁ** Kristína Ragnarsdóttir, Finnbogi Pétursson myndlistarmaður og Stefán Jónsson leikari.


**STUND Á MILLI STRÍÐA** Heiða Kristín Helgadóttir og S. Björn Blöndal.


**MEÐ NÆMT AUGA** Ljósmyndararnir Spessi og Magnús Unnar.


**MUNDAR HLJÓÐFÆRIÐ** Tónlistarmaðurinn Frosti Jón Runólfsson.


SAMbio.is













SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| EDGE OF TOMORROW 3D: | KL. 5:30 - 8 - 10:30 2D: 6:30 - 9 | 14 |
| EDGE OF TOMORROW VIP 2D | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | |
| GODZILLA 3D | KL. 5:20 - 8 - 10:40 | 12 |
| WALK OF SHAME | KL. 5:50 - 8 - 10:10 | 12 |
| BAD NEIGHBOURS | KL. 5:50 - 8 - 10:10 | 12 |

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | |
|---|---|---|
| EDGE OF TOMORROW 3D | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | 14 |
| A MILLION WAYS TO DIE IN THE WEST | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | 16 |
| X-MEN: DAYS OF FUTURE PAST 3D | KL. 5:15 - 8 - 10:45 | 12 |
| WALK OF SHAME | KL. 5:50 | 12 |
| GODZILLA 3D | KL. 8 - 10:40 | 12 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI

| | | |
|---|---|---|
| EDGE OF TOMORROW 2D | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | 14 |
| X-MEN: DAYS OF FUTURE PAST 2D | KL. 5:10 - 8 - 10:50 | 12 |
| GODZILLA 2D | KL. 5:20 - 8 - 10:40 | 12 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| EDGE OF TOMORROW 3D | KL. 8 - 10:30 | 14 |
| A MILLION WAYS TO DIE IN THE WEST | KL. 8 - 10:20 | 16 |
| LEGENDS OF OZ ÍSLTAL 3D | KL. 5:50 | L |
| RÍÓ 2 ÍSLTAL 2D | KL. 5:50 | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| EDGE OF TOMORROW 3D | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | 16 |
| GODZILLA 2D | KL. 8 - 10:30 | 12 |
| WALK OF SHAME | KL. 5:50 | 12 |

ÞRIÐJUDAGS TILBOÐ Í DAG

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ







SMÁRABÍÓ AUKAKRÓNUR 5%

| | | |
|---|---|---|
| MILLION WAYS TO DIE… | KL. 5.30 - 8 - 10.45 | 16 |
| MILLION WAYS TO DIE… LÚXUS | KL. 10.45 | 16 |
| TÖFRALANDIÐ OZ 2D ÍSL TAL | KL. 3.30 - 5.45 | L |
| X-MEN 3D | KL. 5 - 8 - 10.45 | 12 |
| X-MEN 3D LÚXUS | KL. 5 | 12 |
| VONARSTRÆTI | KL. 5.20 - 8 - 10.40 | 14 |
| VONARSTRÆTI LÚXUS | KL. 8 | 14 |
| BAD NEIGHBOURS | KL. 10.30 | 12 |
| LÁSI LÖGGUBÍLL | KL. 3.20 | L |
| RIO 2 2D ÍSL TAL | KL. 3.20 | L |

HÁSKÓLABÍÓ AUKAKRÓNUR 5%

| | | |
|---|---|---|
| MILLION WAYS TO DIE… | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | 16 |
| TÖFRALANDIÐ OZ 2D ÍSL TAL | KL. 5.45 | L |
| VONARSTRÆTI | KL. 6 - 8 - 9 - 10.40 | 14 |
| THE AMAZING SPIDERMAN 2 2D | KL. 8 | 12 |
| HARRÝ OG HEIMIR | KL. 6 | 7 |

Miðasala á: eMiði

BÍÓBYLTING
ÞRJÁR NÝJAR LEIÐIR TIL AÐ FARA Í BÍÓ
NÁNAR Á WWW.SMARABIO.IS/BYLTING
BESTA VERÐIÐ Ódýrara fyrir kl. 19.
FJÖLSKYLDUPAKKINN Allir borga barnaverð.
GÆÐASTUND Fyrir 18 ára og eldri.

LAUGARÁSBÍÓ
ÞÚ FÆRÐ Coca-Cola Í LAUGARÁSBÍÓI




ÞRIÐJUDAGUR ER TILBOÐSDAGUR

LAUGARÁSBÍÓ Sýningartímar

| | | |
|---|---|---|
| MILLION WAYS TO DIE IN THE WEST | 5:30, 8, 10:30 | 16 |
| TÖFRALANDIÐ OZ 2D | 6 | L |
| VONARSTRÆTI | 5:20, 8, 10:40 | 14 |
| BAD NEIGHBOURS | 8, 10:10 | 12 |

BÍÓ ★ PARADÍS EUROPA CINEMAS







SJÁ FLEIRI SÝNINGAR Á WWW.BIOPARADIS.IS - Miðasala: 412 7711 - Hverfisgata 54 - bioparadis.is - Hluti af Europa Cinemas

Barnaheill
Save the Children á Íslandi



# HM heima í stofu

TÖLVULEIKUR ★★★★☆

**World Cup 2014**

EA Sports gefur nú í fimmta sinn út tölvuleik samhliða heimsmeistarakeppni. EA Sports World Cup er sá glæsilegasti sem fyrirtækið hefur gefið út, um það er ekki deilt. Leikurinn byggir á því sem hefur gengið vel í eldri leikjunum, enda kannski óþarfi að finna upp hjólið í sífellu. Þrátt fyrir glæsilegar umbúðir, flotta grafík og gott hljóð, er leikurinn ekki laus við litla pirrandi galla. Spilurum er boðið í ferðalag til Brasilíu en í staðinn þurfa þeir að gefa afslátt á raunveruleikanum, því gallarnir á leiknum gera leikinn óraunverulegan.

Að mínu mati hafa leikirnir sem tengjast stórmótum alltaf verið skemmtilegastir. Þeir fanga stemninguna og færri leikmenn í leiknum gefur framleiðendum tækifæri til að fanga séreinkenni hvers og eins. Aldrei hefur EA Sports tekist betur í því en nú. En þegar leikurinn er spilaður verður maður var við alls konar galla. Þeir tengjast liðsvali á HM, og eiga bara við lið Englands, af einhverri furðulegri ástæðu. Einnig er erfitt að fá að vita hvaða leikmenn í liðinu manns eru þreyttir, þegar komið er á síðari stig HM. Spilunin er að mestu góð, en gallar úr fyrri Fifa-leikjum gera vart við sig. Leikmenn haga sér oft eins og þeir hlaupi eftir fyrirfram ákveðnum brautum og tölvan skorar óeðlilega oft úr fráköstum, sem er afar pirrandi fyrir kappsfulla spilara.

Fyrir okkur Íslendinga er stærsti kosturinn væntanlega sá að við getum fengið að leika gegn Króatíu aftur og komið liðinu á HM. Þá byrjar maður einum fleiri og hálftími eftir, en staðan er tvö - núll fyrir Króötum.

EA Sports hafa verið framar öðrum í netspilun og halda þeim titli í þessum leik. Nýjar leiðir eru farnar í að fanga stemningu í miðjum leik, með því að sýna aðdáendur í höfuðborg landanna sem spila og viðbrögð þjálfaranna. Boðið er upp á útvarpsþætti í stað tónlistar, sem er frábær viðbót fyrir vana Fifa-spilara. Útkoman er því flottar umbúðir, sem eru með nokkra smávægilega og pirrandi galla. Góð stemning, flottur leikur og nauðsynlegur undirbúningur fyrir HM-aðdáendur sem vilja upplifa HM heima í stofu.

Kjartan Atli Kjartansson



**FLOTTUR LEIKUR** World Cup 2014.



**ÓHEPPIN** Innbrotsþjófar eru hrifnir af heimili Miley. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

## Brotist inn aftur

Óprúttnir aðilar brutust inn á heimili söngkonunnar Miley Cyrus í Kaliforníu um helgina en Miley var ekki heima enda á tónleikaferðalagi um heiminn.

Lögreglu barst tilkynning um innbrotið rétt fyrir miðnætti á föstudagskvöldið og þegar hún kom á vettvang var búið að stela ýmsum munum af heimilinu.

Þetta er í annað sinn á stuttum tíma sem brotist er inn til Miley en fyrra atvikið átti sér stað í nóvember í fyrra. - lkg



**ÁTAKANLEGT** Rosie fannst oft erfitt að sjá aðstæður fólks í Kambódíu. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

## Erfiður tími

Fyrirsætan Rosie Huntington-Whiteley fór í ferð til Kambódíu á vegum Unicef fyrir stuttu og skrifar um reynslu sína á heimasíðu Vogue.

„Í einu af fátækrahverfunum hitti ég móður en saga hennar snerti við mér. Sareth, 42 ára, sagði mér að nálægt heimili hennar hefði flætt yfir bakka sína og borið með sér óhreint vatn og úrgang. Hún gat ekkert gert til að hindra það að dóttir hennar, aðeins sex mánaða gömul, fengi niðurgang og lést hún,“ segir Rosie.

„Það er engu minna sársaukafullt að missa dóttur sína ef maður býr í fátækrahverfi eða stórri borg eins og London eða Los Angeles. Brostið hjarta móður er brostið hjarta móður.“ - lkg



## HM Í FÓTBOLTA Í BRASILÍU
### 9 DAGAR Í FYRSTA LEIK



Englendingurinn Geoff Hurst er fyrsti og jafnframt eini leikmaðurinn sem hefur náð að skora þrennu í úrslitaleik HM. Hurst skoraði þrjú af fjórum mörkum Englendinga í 4-2 sigri á Vestur-Þjóðverjum í úrslitaleik á Wembley 30. júlí 1966.

Tvö marka Hursts komu í framlengingu. Fyrra mark Hursts í framlengingunni er eitt frægasta mark allra tíma en það fór af slánni og niður á línuna en rússneski línuvörðurinn Tofiq Bahramov dæmdi að boltinn hefði farið allur inn.

Hurst var leikmaður West Ham eins og fyrirliðinn Bobby Moore og Martin Peters, sem skoraði fjórða mark Englendinga í leiknum en Hurst átti einnig þátt í því marki.

## Töluðu allir vel um Fylkisliðið

**FÓTBOLTI** Fylkir fékk gríðarlegan styrk fyrir átökin sem fram undan eru í Pepsi-deild kvenna þegar Þóra B. Helgadóttir samdi við félagið í dag. Þóra var farin að sakna þess að búa á Íslandi. „Ég er búin að vera lengi í atvinnumennsku og mig langar að búa aftur heima og vera nær fjölskyldunni,“ sagði Þóra í samtali við Fréttablaðið í gær. Átta ár eru síðan Þóra lék síðast leik með íslensku félagsliði.

„Þetta er búið að vera frábær tími og ég hef náð nánast öllum mínum markmiðum. Ég horfi stolt til baka á ferilinn,“ sagði Þóra sem samdi við nýliða Fylkis þrátt fyrir áhuga annarra liða. „Ég fór með opnum hug inn í viðræður við íslensku liðin og talaði við öll lið sem höfðu samband af fullri alvöru. Það voru mörg spennandi verkefni á borðinu en á endanum valdi ég Fylki. Ég hef ekki séð til liðsins en það töluðu allir sem ég ræddi við vel um Fylkisliðið. Ég þekki Rögnu Lóu, þjálfara liðsins, og er bara spennt að byrja nýtt ævintýri,“ sagði Þóra en hún lék á árum áður lengst af með Breiðablik.

„Ég heyrði í Blikum þar sem það er mitt uppeldisfélag. Báðir aðilar voru sammála um að tímasetningin hentaði ekki að þessu stöddu,“ sagði Þóra en hún á þrjá leiki eftir með félagsliði sínu áður en hún snýr aftur heim.

„Vonandi endum við þetta á þremur sigrum áður en nýtt ævintýri tekur við,“ sagði Þóra brött. **- kpt**



**SNÝR HEIM** Þóra ákvað að prófa eitthvað nýtt. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

---

**3-2**
**KR-völlur**
Áhorf: 1.441
**Þorvaldur Árnason (8)**

**Mörkin:** 1-0 Baldur Sigurðsson (15.), 1-1 Ásgeir Marteinsson (27.), 1-2 Viktor Bjarki Arnarsson (59.), 2-2 Þorsteinn Már Ragnarsson (76.), 3-2 Kjartan Henry Finnbogason (81.).

**KR (4-3-3):** Stefán Logi Magnússon 6 – **Haukur Heiðar Hauksson 8***, Aron Bjarki Jósepsson 5, Grétar Sigfinnur Sigurðsson 5, Ivar Furu 5 (54., Guðmundur Reynir Gunnarsson 6) – Egill Jónsson 7, Abdel-Farid Zato-Arouna 7, Baldur Sigurðsson 7 - Kjartan Henry Finnbogason 6, Óskar Örn Hauksson 6, Gary Martin 5 (46., Þorsteinn Már Ragnarsson 7).

**FRAM (4-3-3):** Ögmundur Kristinsson 6 - Orri Gunnarsson 6 (66., Ingiberg Ólafur Jónsson 6), Einar Bjarni Ómarsson 6, Tryggvi Sveinn Bjarnason 6, Ósvald Jarl Traustason 8 - Jóhannes Karl Guðjónsson 5, Hafsteinn Briem 7, Viktor Bjarki Arnarsson 8 - Ásgeir Marteinsson 6, Arnþór Ari Atlason 6, Björgólfur Takefusa 7.

**Skot (á mark):** 12-8 (6-5) **Horn**: 11-7

**Varin skot:** Stefán Logi 2 - Ögmundur 3

**1-0**
**Vodafonev.**
Áhorf: ?
**Ívar Orri Kristjáns. (7)**

**Mörkin:** 1-0 Mads Nielsen (50.)

**VALUR (4-3-3):** Fjalar Þorgeirsson 6 - James Hurst 6 (90., Lucas Ohlander -), Magnús Már Lúðvíksson 6, **Mads Lennart Nielsen 7*,** Bjarni Ólafur Eiríksson 6 (74., Gunnar Gunnarsson -) - Haukur Páll Sigurðsson 6 (75., Andri Fannar Stefánsson -), Kristinn Freyr Sigurðsson 7, Indriði Áki Þorláksson 5 - Kristinn Ingi Halldórsson 5, Kolbeinn Kárason 6, Sigurður Egill Lárusson 7.

**FYLKIR (4-3-3):** Bjarni Þórður Halldórsson 5 - Elís Rafn Björnsson 6, Ásgeir Eyþórsson 6, Stefán Ragnar Guðlaugsson 5, Tómas Joð Þorsteinsson 5 - Oddur Ingi Guðmundsson 4, Andrew Sousa 3 (61., Viktor Örn Guðmundsson 5), Ryan Maduro 4 (68., Sadmir Zekovic -) - Ragnar Bragi Sveinsson 6, Hákon Ingi Jónsson 4, Gunnar Örn Jónsson 5 (73., Andrés Már Jóhannesson -)

**Skot (á mark):** 11-6 (7-2) **Horn**: 8-3

**Varin skot:** Fjalar 1 - Bjarni Þórður 4

**1-1**
**Kópavogsv.**
Áhorf: 1.250
**Kristinn Jakobsson (7)**

**Mörkin:** 0-1 Niclas Vemmelund (19.), 1-1 Elvar Páll Sigurðsson (74.)

**BREIÐABLIK (3-5-2):** Gunnleifur Gunnleifsson 6 - Damir Muminovic 5, Elfar Freyr Helgason 5, Finnur Orri Margeirsson 5 - Jordan Halsman 5 (58., Arnór Sveinn Aðalsteinsson 5), Olgeir Sigurgeirsson 4 (45., Andri Rafn Yeoman 5), Höskuldur Gunnlaugsson 7, Stefán Gíslason 5, Tómas Óli Garðarsson 5 - Elvar Páll Sigurðsson 5, Árni Vilhjálmsson 5.

**STJARNAN (4-3-3):** Ingvar Jónsson 6 - Niclas Vemmelund 6, Martin Rauschenberg 5, Daníel Laxdal 6, Pablo Punyed 6 - Michael Præst 6, Atli Freyr Ottesen 6, Þorri Geir Rúnarsson 5 - Ólafur Karl Finsen 6, Jeppe Hansen 4 (68., Atli Jóhannsson 6), **Veigar Páll Gunnarsson 8***.

**Skot (á mark):** 6-11 (3-5) **Horn**: 7-13

**Varin skot:** Gunnleifur 4 - Ingvar 2

### PEPSI-DEILDIN 2014
STAÐAN

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| FH | 6 | 4 | 2 | 0 | 8-2 | 14 |
| Stjarnan | 6 | 3 | 3 | 0 | 9-6 | 12 |
| Keflavík | 6 | 3 | 2 | 1 | 8-4 | 11 |
| Valur | 6 | 3 | 2 | 1 | 10-7 | 11 |
| Fjölnir | 6 | 2 | 4 | 0 | 10-6 | 10 |
| KR | 6 | 3 | 1 | 2 | 8-7 | 10 |
| Víkingur | 6 | 2 | 1 | 3 | 5-8 | 7 |
| Fylkir | 6 | 2 | 0 | 4 | 7-12 | 6 |
| Fram | 6 | 1 | 2 | 3 | 9-12 | 5 |
| Þór | 6 | 1 | 1 | 4 | 11-13 | 4 |
| Breiðablik | 6 | 0 | 4 | 2 | 6-9 | 4 |
| ÍBV | 6 | 0 | 2 | 4 | 5-10 | 2 |

# Eigum að vinna þennan leik

Knattspyrnulandslið karla mætir Eistum í vináttulandsleik á Laugardalsvelli á morgun. Landsliðsþjálfararnir eru ánægðir að fá leiki gegn Austurríki og Eistum því liðin spila svipaðan bolta og séu í sama styrkleikaflokki og flestir mótherjar liðsins í undankeppni EM. Óvissa með framtíð Eiðs Smára í landsliðinu.

**FÓTBOLTI** „Það verður engin tilraunastarfsemi í þessum leik enda engin tilraunadýr í hópnum,“ segir Heimir Hallgrímsson landsliðsþjálfari léttur. Strákarnir hans og Lars Lagerbäck spila gegn Eistum á Laugardalsvelli annað kvöld en þetta er seinni vináttulandsleikur Íslands í þessari landsleikjahrinu.

Strákarnir gerðu 1-1 jafntefli gegn Austurríki ytra á dögunum og það voru fín úrslit gegn liði sem er í 40. sæti á FIFA-listanum. Ísland er í 58. sæti á listanum og það er krafa á sigur gegn Eistum annað kvöld en þeir eru í 93. sæti listans. Leikina þarf líka að nýta vel þar sem Ísland fær engan vináttulandsleik í ágúst.

„Þetta eru mikilvægir leikir fyrir okkur áður en alvaran byrjar í september. Við fáum enga æfingaleiki í ágúst en stóru liðin sem taka þátt í stórmótum eru saman í einn og hálfan mánuð. Það segir sig sjálft að bilið á milli stóru og litlu liðanna mun aukast. Það eru því miður engar líkur á því að við fáum leik í ágúst.“




**BRÆÐUR STANDA SAMAN** Fótbolta- og handboltalandsliðið hafa tekið höndum saman. Fótboltastrákarnir ætla á leikinn hjá handboltastrákunum í kvöld og handboltastrákarnir fara svo á Eistaleikinn. Bræðurnir Aron og Arnór Þór Gunnarssynir fá því tækifæri til að hvetja hvor annan. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

### Hentugir andstæðingar

Heimir segir fínt að fá leiki gegn Austurríki og Eistum, enda eigi þau margt sameiginlegt með liðunum sem Ísland mætir í undankeppni EM.

„Austurríkismenn eru svipaðir í styrkleika og Tyrkir og Tékkar. Að sama skapi eru Eistarnir á svipuðum slóðum og Lettar og Kasakstan. Við getum því verið með sínar áherslurnar í hvorum leiknum, sem er kærkomið,“ segir Heimir.

Lars Lagerbäck deilir nú landsliðsþjálfarastöðunni með Heimi og hann tekur í svipaðan streng.

„Það sem er gott við okkar lið er hvað leikmenn leggja mikið á sig. Það er mjög gott að hafa tekið inn unga stráka sem geta kynnst okkar vinnu og við þeim,“ segir Svíinn og tekur undir að Lettar spili svipað og Eistar.

„Þetta eru mjög svipuð lið og því er gott fyrir okkur að fá þennan leik. Þau gerðu markalaust jafntefli á dögunum sem styður það. Við stefnum að sjálfsögðu á sigur og það væru vonbrigði að vinna ekki þennan leik. Við erum lið sem stefnir á lokamót EM og þá eigum við að vinna lið eins og Eistland með fullri virðingu fyrir þeim. Sérstaklega á heimavelli.“

Það er vissulega mjög slæmt að Ísland fái enga leiki í ágúst enda byrjar undankeppni EM á mjög mikilvægum leikjum gegn Tyrkjum og Lettum.

„Það skiptir öllu máli að byrja þessa keppni vel. Markmið okkar er að vera í topp tveimur og því verðum við að byrja vel,“ segir Heimir en Lars býst ekki við miklum breytingum á hópnum í næstu keppni þó svo að þeir séu að prófa nýja menn núna.

„Flestir strákarnir í liðinu eru á flottum aldri og að spila mikið. Auðvitað þurfum við samt að taka stöðuna aftur í haust og sjá til hverjir eru í formi og svona áður en við veljum hópinn. Það eru vissulega áhugaverðir ungir strákar að banka upp á og það er mjög jákvætt.“

### Óvissa með Eið Smára

Eiður Smári Guðjohnsen færði liðinu mikið í síðustu undankeppni en framtíð hans er í lausu lofti sem og framhaldið með landsliðinu.

„Við höfum rætt við Eið og munum ekki taka neina ákvörðun um framhaldið hjá honum með landsliðinu fyrr en hann hefur ákveðið hvað hann ætlar að gera. Það er alls ekki búið að loka neinum dyrum. Ef hann heldur áfram að spila með góðu liði og heldur sér í formi þá verður hann klárlega áfram í hópnum hjá okkur. Hann segist ekki hafa hugmynd um hvað gerist hjá honum í sumar,“ segir Lars Lagerbäck.

**henry@frettabladid.is**

# Það vantar breiddina í íslenska landsliðið

Fáir nýttu tækifærið er Ísland tapaði gegn Portúgal en Ísland mætir með sitt sterkasta lið til leiks í kvöld.

**HANDBOLTI** Það var fátt um fína drætti hjá íslenska landsliðinu í handbolta sem tapaði 33-28 fyrir Portúgal í vináttulandsleik í gær. Þetta var annar leikur þjóðanna af þremur á jafn mörgum dögum og notaði Aron Kristjánsson þjálfari hálfgert B-lið þar sem flestir af burðarásum landsliðsins voru hvíldir.

„Það voru margir ungir leikmenn að fá tækifæri, sumir hverjir í fyrsta skipti. Aðrir voru að taka meiri ábyrgð en þeir eru vanir að gera,“ sagði Aron Kristjánsson þjálfari Íslands eftir leikinn.

Jafnræði var með liðunum framan af leik en íslenska sóknin gaf eftir undir lok fyrri hálfleiks og Portúgal náði fjögurra marka forystu fyrir hálfleik 16-12.

„Mér fannst við sýna góðan karakter að koma til baka og minnkum muninn niður í tvö mörk og áttum tækifæri á að minnka muninn niður í eitt mark í yfirtölu. Þá fáum þá tæknifeil og tvær mínútur í kjölfarið. Þar fór leikurinn þegar innan við tíu mínútur voru eftir,“ sagði Aron.

Fyrir utan Vigni Svavarsson og Sverra Jakobsson var ekki mikil reynsla í liðinu þó Gunnar Steinn Jónsson, Ólafur Guðmundsson og Stefán Rafn Sigurmannsson hafi allir leikið á stórmóti.

„Leikmenn nýttu tækifærið misvel. Sumir stóðu sig ágætlega en aðrir gripu ekki tækifærið. Það er ekki hægt að ætlast til að menn hoppi fullskapaðir út í djúpu laugina. Sumir voru að mæta á sínar fyrstu landsliðsæfingar í þessu úrtaksverkefni en ég held að þetta sé gríðarlega dýrmæt reynsla fyrir þessa leikmenn.“

Ísland mætir Portúgal í þriðja sinn í kvöld í Austurberginu í Breiðholti og þar mun Aron mæta til leiks með sitt sterkasta lið. **- gmi**



**ÁTÖK** Heimir Óli Heimisson og félagar í B-landsliðinu náðu sér engan veginn á strik gegn Portúgal í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Milwaukee
Nothing but HEAVY DUTY™

# VERKFÆRA Salan

Milwaukee 2014 TOUR

Milwaukee bíllinn verður með kynningar á Íslandi dagana 27. maí til 11. júní.
Fylgstu með í blöðum og sjónvarpi hvenær bíllinn verður nálagt þér.
Komdu og prófaðu Nýjustu tækin.

Sérfræðingarnir frá Milwaukee verða í verslun okkar í Síðumúla 11 í dag
Grill og Gos frá kl. 11.00



2 Reiðhjól í vinning! Allir sem kaupa Milwaukee vél fara í pottinn. Dregið verður þann 11. júní 2014

Happdrætti!



---

**TILBOÐ**
**KR. 169.900,-**

3 Rafhlöður



**MONSTERSETT M18 PP6D-402B**
Höggborvél, Sverðsög, Hjólsög, Stingsög, Höggskrúfvél, Vinnuljós,
3 x 4,0 Ah Red Li-Ion Rafhlöður,
Hleðslutæki (60 min.),
Verkfærataska. MW 4933 4474 00



**TILBOÐ**
**KR. 99.900,-**

**MS 216SB + MSL1000**
**Geirungssög með borði**
216mm geirungssög með Sögun 270 60mm
Borðlengd: 1,08m - 2,08m

MW 4933 4193 00
+
MW 4933 4289 70

**TILBOÐ**
**KR. 199.900,-**

M18 FUEL

3 Rafhlöður



**OFURSETT M18 CPP6A-402B**
Höggborvél, Sverðsög, Höggskrúfvél, Hjólsög, Slípirokkur, Vinnuljós,
3 x 4,0 Ah Red Li-Ion Rafhlöður,
M12 -18C hleðslutæki (80 min.),
Verkfærataska. MW 4933 4469 35

---



**M18 BPD-302C**
**Höggborvél**
13mm. Patróna
Afl: 60 Nm
Hraðar Sn/mín:
0-400/0-1500 Sn/mín.
2x3,0 Ah
REDLitium rafhlöður
Hleðslutæki og taska.

MW 4933 4471 20

**TILBOÐ**
**KR. 49.900,-**



**M12 BPD-402C**
**Höggborvél**
10mm Patróna
Afl: 38 Nm.
Hraðar Sn/mín:
0-400/0-1500 Sn/mín.
2 x M12 4.0 Ah
REDLithium rafhlöður,
Hleðslutæki, handfang, beltishanki og taska.

MW 4933 4419 35

**TILBOÐ**
**KR. 36.900,-**



**M12 CPD-402C**
**Höggborvél**
13mm Patróna
Afl: 44 Nm
Hraðar Sn/mín:
0-450/0-1700
2 x M12 4.0 Ah
REDLithium rafhlöður,
Hleðslutæki, handfang, beltishanki og taska.

M12 FUEL

MW 4933 4403 75

**TILBOÐ**
**KR. 49.900,-**

---



**SLÍPIROKKUR AG 750-125**
Mótor: 750 W
Skífur: 125mm
Sn/mín: 10.000
Þyngd: 1,8 Kg
mw 4933 4191 80

**TILBOÐ**
**KR. 7.900,-**



**SLÍPIROKKUR AG 10-125**
Mótor: 1000W
Skífur: 125mm
Sn/mín: 11.000
Þyngd: 2,1 Kg
mw 4933 4403 30

**TILBOÐ**
**KR. 11.900,-**

**M12 4.0 Ah Rafhlaða**
Við kaup á 12 volta vélum veitist sérstakt tilboðsverð á rafhlöðum. Rétt verð Kr. 23.900,-
MW 4932 4300 65

**Aðeins Kr. 7.500,-**



Milwaukee
Nothing but HEAVY DUTY™

Síðumúla 11 - 108 Reykjavík Sími 568-6899.
Tölvupóstfang: vfs@vfs.is Heimasíða: www.vfs.is

Öll verð eru með Vsk. Verðin gilda til 11. júní 2014
Með fyrirvara um myndbrengl og prentvillur.
eða á meðan birgðir endast.

# DAGSKRÁ

## Stöð 2 kl. 20.00
### Á fullu gazi



Frábærir þættir þar sem fjallað er um glæsilega bíla og önnur flott fararæki. Hér er hraðinn og spennan í fyrirrúmi og áhersla lögð á ný og glæsileg tryllitæki. Umsjónarmenn eru Sigríður Elva Vilhjálmsdóttir og Finnur Thorlacius.

## Í KVÖLD



**Sjómannslíf**

**SJÓNVARPIÐ KL. 19.40** Slegist er í för með áhöfnum þriggja fiskiskipa og fylgst með lífi og störfum íslenskra sjómanna við ólíkar aðstæður, auk þess sem sagðar eru sögur af lífinu um borð.



**Léttir sprettir**

**STÖÐ 2 GULL KL. 20.05** Friðrika Hjördís Geirsdóttir stýrir skemmtilegum þætti um almennar íþróttir sem fólk stundar, svo sem hlaup, skíðaíþróttir, hjólreiðar, fjallgöngur, sund og íþróttir fyrir alla fjölskylduna.



**Brasilía–Panama**

**STÖÐ 2 SPORT KL. 18.50** Bein útsending frá vináttulandsleik Brasilíu og Panama.

## Bylgjan kl. 10.00
### Maskínan



Siggi Hlö – Maskínan sjálf er á Bylgjunni alla virka daga milli klukkan 10-13 í allt sumar. Skemmtileg tónlist, óþarfa fróðleikur og fjör alla virka daga.


**FRÁBÆR VERÐ Á FLOTTUM MERKJUM**



**Sundföt**

**Fjölbreytt úrval fyrir alla aldurshópa**

**Sundbolir**
Dömustærðir
Verð: 7.990 - 12.990 kr.
Outlet-verð:
**frá 4.990 kr.**

Stelpustærðir:
Verð: 6.990 kr.
Outlet-verð:
**3.990 kr.**

Allt að 60%

**Bikiní**
Dömustærðir
Verð: 7.990 kr.
Outlet-verð:
**frá 1.990 kr.**

Stelpustærðir:
Verð: 5.990 kr.
Outlet-verð:
**3.990 kr**

Allt að 75%

**Sundskýlur**
Herrastærðir:
Verð: 5.990 kr.
Outlet-verð:
**3.990 kr.**

Strákastærðir:
Verð: 4.990 kr.
Outlet-verð:
**2.990 kr.**

Allt að 40%

**Watershorts**
Herrastærðir
Verð: 8.990 - 7.990 kr.
Outlet-verð:
**3.990 kr.**

Strákastærðir:
Verð: 4.990 kr.
Outlet-verð:
**2.990 kr.**

Allt að 55%

SPORT OUTLET

Vínlandsleið 6 113 Reykjavík

Opið:
Virka daga kl. 14-18 Laugardaga kl. 11-16 Sunnudaga kl. 13-17


## STÖÐ 2

**07.00** Barnatími Stöðvar 2
**08.00** Malcolm In The Middle
**08.25** Extreme Makeover. Home Edition
**09.10** Bold and the Beautiful
**09.30** Doctors
**10.10** The Wonder Years
**10.35** The Middle
**11.00** Flipping Out
**11.50** The Kennedys
**12.35** Nágrannar
**13.00** The X-Factor US
**13.55** In Treatment
**14.25** Covert Affairs
**15.10** Sjáðu
**15.40** Scooby-Doo!
**16.00** Frasier
**16.25** Mike and Molly
**16.45** How I Met Your Mother
**17.10** Bold and the Beautiful
**17.32** Nágrannar
**17.57** Pepsimörkin 2014
**18.23** Veður
**18.30** Fréttir
**18.47** Íþróttir
**18.54** Ísland í dag
**19.06** Veður
**19.15** New Girl *(22:23)*
**19.35** Surviving Jack *(8:8)*
**20.00** Á fullu gazi
**20.20** Anger Management *(10:22)*
**20.45** White Collar *(1:16)*
**21.30** Burn Notice *(1:18)*
**22.15** Veep *(5:10)*
**22.45** Dallas *(1:15)*
**23.30** Falcón *(4:4)*
**00.15** Crossing Lines
**01.05** Fringe
**01.50** Burn Notice
**02.35** The American President
**04.25** White Collar
**05.10** Surviving Jack
**05.35** Fréttir og Ísland í dag

## SPORT *besta sætið*

**07.00** San Antonio - Oklahoma
**08.50** Pepsimörkin 2014
**12.30** Veszprém - Kiel
**13.50** Breiðablik - Stjarnan
**15.40** Pepsimörkin 2014
**17.00** San Antonio - Oklahoma
**18.50** Brasilía - Panama Beint
**20.50** Meistaradeildin í handbolta
**21.20** World's Strongest Man 2013
**21.50** Ítalía Útsending frá Moto GP
**22.50** Brasilía - Panama
**00.30** UFC Now 2014

## SPORT 2 *enski boltinn*

**12.50** Germany, Fortaleza and Ghana
**13.20** Arsenal - Liverpool
**15.00** Úrúgvæ - Frakkland
**16.40** Peter Schmeichel .
**17.10** Man. Utd. - Chelsea
**18.50** Brasilía - Panama
**20.50** Portugal, Natal and USA
**21.20** Holland - Danmörk
**23.00** Man. City - West Ham
**00.45** Portugal, Natal and USA

## ÍNN

**20.00** Hrafnaþing **21.00** 433 **21.30** Gönguleiðir

## STÖÐ 3

**17.50** Junior Masterchef Australia
**18.35** Baby Daddy
**19.00** Grand Designs
**19.45** Hart Of Dixie
**20.30** Pretty Little Liars *(15:25)*
**21.15** Nikita *(16:22)*
**21.55** Terminator. The Sarah Connor Chronicles *(1:22)*
**22.40** Revolution *(13:22)*
**23.25** Tomorrow People
**00.05** Grand Designs
**00.50** Hart Of Dixie
**01.35** Pretty Little Liars
**02.20** Nikita
**03.05** Terminator. The Sarah Connor Chronicles
**03.50** Tónlistarmyndbönd

## KrakkaStöðin

**07.00** Könnuðurinn Dóra **07.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **07.45** Doddi litli og Eyrnastór **07.55** Sumardalsmyllan **08.00** Áfram Diego, áfram! **08.24** Svampur Sveins **08.45** Ævintýraferðin **08.55** UKI **09.00** Lukku láki **09.25** Ljóti andarunginn og ég **09.47** Tommi og Jenni **09.55** Leyndarmál vísindanna **10.00** Brunabílarnir **10.23** Latibær **10.47** Gulla og grænjaxlarnir **11.00** Könnuðurinn Dóra **11.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **11.45** Doddi litli og Eyrnastór **11.55** Sumardalsmyllan **12.00** Áfram Diego, áfram! **12.24** Svampur Sveins **12.45** Ævintýraferðin **12.55** UKI **13.00** Lukku láki **13.22** Ljóti andarunginn og ég **13.44** Tommi og Jenni **13.51** Leyndarmál vísindanna **14.00** Brunabílarnir **14.23** Latibær **14.47** Gulla og grænjaxlarnir **15.00** Könnuðurinn Dóra **15.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **15.45** Doddi litli og Eyrnastór **15.55** Sumardalsmyllan **16.00** Áfram Diego, áfram! **16.24** Svampur Sveins **16.45** Ævintýraferðin **16.55** UKI **17.00** Lukku láki **17.22** Ljóti andarunginn og ég **17.44** Tommi og Jenni **17.51** Leyndarmál vísindanna **18.00** Brunabílarnir **18.23** Latibær **18.47** Gulla og grænjaxlarnir **19.00** Fuglaborgin **20.20** Sögur fyrir svefninn

## GULL

**18.05** Strákarnir
**18.35** Friends
**18.55** Seinfeld
**19.20** Modern Family
**19.40** Two and a Half Men
**20.05** Léttir sprettir
**20.25** Borgarilmur *(4:8)*
**21.00** The Killing *(12:13)*
**21.45** Rita *(2:8)*
**22.25** Lærkevej *(10:10)*
**23.10** Chuck
**23.50** Cold Case
**00.35** Léttir sprettir
**00.55** Borgarilmur
**01.30** The Killing
**02.15** Rita
**02.55** Lærkevej
**03.40** Tónlistarmyndbönd

## BÍÓ

**11.25** Moonrise Kingdom
**13.00** Spy Kids 4
**14.25** Mary and Martha
**15.55** Baddi í borginni
**17.30** Moonrise Kingdom
**19.05** Spy Kids 4
**20.30** Mary and Martha
**22.00** The Messenger
**23.50** Savages
**02.00** Red Dawn
**03.30** The Messenger

## RÚV

**16.25** Ástareldur
**17.15** Músahús Mikka
**17.40** Violetta
**18.25** Táknmálsfréttir
**18.35** Melissa og Joey
**19.00** Fréttir
**19.25** Veðurfréttir
**19.30** Íþróttir
**19.40** Sjómannslíf *(3:3) (Porskveiðar í norðurhöfum)*
**20.05** Leiðin á HM í Brasilíu *(15:16)*
**20.35** Castle *(19:23)*
**21.20** Nýsköpun – Íslensk vísindi III *(5:8)* Ný íslensk þáttaröð fyrir alla fjölskylduna um vísindi og fræði í umsjón Ara Trausta Guðmundssonar og Valdimars Leifssonar.
**21.50** Fum og fát *(Town Called Panic)*
**22.00** Tíufréttir
**22.15** Veðurfréttir
**22.20** Ráðgáta: Fláræði og flækjur – Fyrri hluti *(1:2)*
**23.10** Víkingarnir *(3:9) (The Vikings)*
**23.55** Úlfakreppa – Fyrri hluti *(1:2) (Mother´s Son)*
**00.40** Fréttir
**00.50** Dagskrárlok

## SKJÁREINN

**06.00** Pepsi MAX tónlist
**08.00** Everybody Loves Raymond
**08.25** Dr. Phil
**09.05** Pepsi MAX tónlist
**16.05** Million Dollar Listing
**16.50** In Plain Sight
**17.30** Secret Street Crew
**18.15** Dr. Phil
**18.55** Top Chef
**19.40** Men at Work *(1:10)*
**20.05** The Millers *(21:23)*
**20.30** Design Star *(7:9)*
**21.15** The Good Wife *(17:22)* Þessir margverðlaunuðu þættir njóta mikilla vinsælda meðal áhorfenda Skjás eins. Það er þokkadísin Julianna Marguilies sem fer með aðalhlutverk í þáttunum sem hin geðþekka eiginkona Alicia sem nú hefur ákveðið að yfirgefa sína gömlu lögfræðistofu og stofna nýja ásamt fyrrverandi samstarfsmanni.
**22.00** Elementary *(22:24)*
**22.45** The Tonight Show Það er enginn annar er spaugfuglinn Ricky Gervais sem er gestur hjá Jimmy Fallon í kvöld ásamt unga leikaranum Ansel Elgort. Amerísk kátrísöngkonan Miranda Lambert stígur á svið.
**23.30** Málið
**00.00** Royal Pains
**00.45** Scandal
**01.30** Elementary
**02.15** The Tonight Show
**03.00** Pepsi MAX tónlist

## SKJÁRSPORT

**21.00** Dutch League - Highlights 2014

## Golfstöðin

**08.00** PGA Tour 2014 **12.00** Golfing World 2014 **12.50** LPGA Tour 2014 **15.20** PGA Tour 2014. Imprints **16.10** PGA Tour Latinoamerica **16.35** Champions Tour 2014 - High **17.30** Golfing World 2014 **18.20** PGA Tour 2014 - Highlights **19.15** Golfing World 2014 **20.05** PGA Tour 2014 - Highlight **21.05** PGA Tour 2014

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** Kaninn
**FM 102,2** Útv. Latibær
**FM 102,9** Lindin
**FM 105,5** Útvarp Boðun

# SAMSTAÐA UM ÞJÓÐARHAGSMUNI

# Hugsum til framtíðar!

**OPINN FUNDUR MIÐVIKUDAGINN 4. JÚNÍ KL. 16.30-17:30 Í NORÐURLJÓSASAL HÖRPU**

**Stutt erindi**



Þorkell Sigurlaugsson, frkvstj. hjá HR og stjórnarformaður Framtakssjóðs Íslands



Pawel Bartoszek, stærðfræðingur



Jón Sigurðsson, fv. ráðherra og fv. formaður Framsóknarflokksins



Þorsteinn Pálsson, fv. forsætis-ráðherra og fv. formaður Sjálfstæðisflokksins



Árdís Ármannsdóttir, frkvstj. Skema



Inga Dóra Sigfúsdóttir, prófessor í sálfræði við HR og Columbia



Hulda Þórisdóttir, lektor í stjórnmálafræði við HÍ



Fundarstjóri:
Benedikt Jóhannesson, ritstjóri

**Umræðan á Íslandi einkennist af skammtímasjónarmiðum og framtíðin verður útundan:**

Haustið 2012 hittist stór hópur fólks víðs vegar að úr þjóðlífinu á tveimur fundum og gaf út yfirlýsingu um framtíð íslensku þjóðarinnar. Átján mánuðum seinna hefur þjóðinni ekki miðað áfram í þeim verkefnum sem boðuð voru í yfirlýsingunni. Því boðum við enn til fundar fólks sem styður þessi markmið hvar í stétt eða flokki sem það stendur.

**Úr yfirlýsingunni haustið 2012:**

Mikilvægasta verkefni íslenskra stjórnmála er að tryggja sambærileg lífskjör og í grannlöndum. Við ungu fólki á Íslandi blasir hins vegar framtíð með lægri launum, dýrara lánsfé, minna athafnafrelsi og veikara velferðarkerfi. Þessari framtíðarsýn þarf að breyta.

**Brýnustu markmið:**

- Öguð hagstjórn sem samræmi stefnuna í ríkisfjármálum og málefnum atvinnuveganna markmiðinu um fjármálastöðugleika og upptöku nothæfs gjaldmiðils.
- Traustur pólitískur stuðningur við efnahagsmarkmiðin og aðildarviðræður við Evrópusambandið. Einungis þannig næst fram eins hagstæður samningur og mögulegt er, sem þjóðin tekur síðar afstöðu til.
- Ekki er rökrétt að veikja stöðu Íslands með því að loka á einstaka kosti

**Við skorum því á fólkið í landinu:**

- Að taka höndum saman um öfgalaus viðhorf
- Að beita áhrifum sínum til að þrýsta á stjórnmálaflokkana
- Að treysta samstöðu um þjóðarhagsmuni, festu í alþjóðasamskiptum og eflingu hagstjórnar á Íslandi.

Fyrirsjáanlegt er að Ísland muni búa við takmarkanir á viðskiptafrelsi um langa framtíð verði ekkert að gert. Þjóðin nær aldrei árangri nema hún nái saman um grundvallarhagsmuni til langs tíma litið.

## Hættum að hugsa um skammtímalausnir og sérhagsmuni!

SAMSTAÐA UM ÞJÓÐARHAGSMUNI

## UPPÁHALDSSUNDLAUG



**„Þetta er erfitt val á milli Sundlaugar Kópavogs og Sundlaugarinnar í Versölum en ég hugsa að Kópavogslaugin verði fyrir valinu. Búnings aðstaðan er svo snyrtileg og svo nær sólin að skína á mann úr öllum áttum.“**

Hildur Sif Hauksdóttir, knattspyrnukona í Breiðabliki.

# Lætur ekki blekkja sig tvisvar

Tónlistarkonan Unnur Birna Björnsdóttir flýr landið einu sinni á ári til þess að fá sól og sumar í líf sitt. Hún segir það betra að semja tónlist í sól en í rigningu.

„Miðað við hvernig sumarið hér á landi var í fyrra, þá ætla ég ekki að láta blekkja mig á nýjan leik,“ segir tónlistarkonan Unnur Birna Björnsdóttir en hún heldur af stað í leit að sól og sumri til Ítalíu síðar í mánuðinum. Þetta er þó ekki í fyrsta sinn sem hún fer suður á bóginn í leit að sól. „Ég bjó á Ítalíu í hálft ár fyrir tveimur árum. Ég ákvað svo bara að vera heima síðasta sumar, en það kom auðvitað ekkert sumar þannig að ég fer aftur til Ítalíu,“ segir Unnur Birna.

Hún segir það nauðsynlegt að komast í tæri við sól og sumaryl enda slíkt endurnærandi. Þegar hún bjó á Ítalíu samdi hún talsvert af tónlist og ætlar hún að leika hana á tónleikum í kvöld. „Ég ætla flytja lög af þessari væntanlegu plötu, ásamt frábærri hljómsveit. Sum laganna verða frumflutt en önnur hafa þegar heyrst í útvarpi, eins og lagið Sober, sem nú er á

**Ég ákvað svo bara að vera heima síðasta sumar, en það kom auðvitað ekkert sumar.**

ferð um heiminn með Ian Anderson og Jethro Tull.“

Tónlistarkonan Fabúla kemur einnig fram á tónleikunum sem fram fara á Café Rosenberg í kvöld og hefjast klukkan 21.00.

- glp



**SÓLGIN Í SÓL** Tónlistarkonan Unnur Birna Björnsdóttir ætlar að elta sólina til Ítalíu á nýjan leik. MYND/EINKASAFN






# Pitsubakari Íslands

Sigurður Friðriksson, pitsubakari hjá Dominos, stal senunni á kosninganótt þegar hann töfraði fram ljúffenga flatböku. Hann hefur bakað fyrir marga þekkta einstaklinga.

„Ég myndi kannski ekki segja að ég sé besti pitsubakari Dominos en ég er allavega yngsti vaktstjórinn í Skeifunni,“ segir hinn 18 ára gamli flatbökusmiður, Sigurður Friðriksson, sem stal senunni á kosninganótt þegar hann heillaði þjóðina með fögrum flatbökubakstri í beinni útsendingu í Ríkissjónvarpinu.

„Þau komu hálftíma fyrir útsendingu og spurðu hvort þau mættu taka viðtal við mig. Þegar viðtalið hófst var törnin að byrja og mikið að gera,“ segir Sigurður sem var önnum kafinn þegar viðtalið átti sér stað.

Sigurður hefur unnið á Dominos í tvö ár og því býsna reyndur í flatbökubransanum. Hefur hann bakað pitsu fyrir einhverja fræga einstaklinga? „Já, ég hef bakað fyrir Steinda jr., Ingó Veðurguð og Gunnar Nelson. Ég hef eflaust bakað fyrir fleiri þekkta einstaklinga, sem ég man bara ekki eftir.“

Spurður út í hina fullkomnu pitsu, þá segir Sigurður þolinmæðina skipta mestu máli. „Það þarf þolinmæði ef þú ætlar að búa til góða pitsu, einnig er gott að hafa tíma, annars gengur þetta ekki upp.“

Þrátt fyrir viðtalið vinsæla segist Sigurður ekki hafa orðið fyrir miklu aðkasti. „Það kom einn kúnni upp að mér í gær og sagðist þekkja mig frá því í viðtalinu,“ segir Sigurður en hann bætir við að vinabeiðnir og pot á fésbókarsíðu sinni hafi verið í lágmarki þrátt fyrir viðtalið.

Fyrir utan pitsubakstur leikur Sigurður á saxófón og hefur unnið til verðlauna á þeim vettvangi og einnig komist í sjónvarpið. „Ég spilaði á saxófón í fjögur ár og við komumst í sjónvarpið að mig minnir þegar við unnum til verðlauna á Nótunni, sem er uppskeruhátíð tónlistarskólanna. Ég keppti þar með skólahljómsveit Grafarvogs.“ Uppáhaldslag Sigurðar að spila er lagið Careless Whisper með George Michael.



**Já, ég hef bakað fyrir Steinda jr., Ingó Veðurguð og Gunnar Nelson. Ég hef eflaust bakað fyrir fleiri þekkta einstaklinga.**



Hann stundar nám á tölvubraut með áherslu á kerfisfræði í Tækniskólanum og hefur áhuga á forritun og tónlist. „Ég er netstjóri hjá lan-nefnd Tækniskólans og sé um að allir séu með jafnan netaðgang í laninu og díla líka við tæknileg vandamál. Ég veit ekki alveg hvað ég ætla gera í framhaldinu en kann vel við mig hjá Dominos.“ gunnarleo@frettabladid.is

# Vill taka þátt í vínylvakningunni

Tónlistarmaðurinn Helgi Valur leggur nú lokahönd á þriðju plötu sína. Hann safnar fjármagni til þess að gefa plötuna út á vínyl, sem er langþráður draumur.

„Mig langar endilega að taka þátt í þessari vínylvakningu sem hefur átt sér stað undanfarin ár,“ segir tónlistarmaðurinn Helgi Valur Ásgeirsson sem leggur um þessar mundir lokahönd á þriðju plötu sína. Helga Val hefur lengi dreymt um að gefa efnið sitt út á vínyl og því setti hann af stað söfnun inni á Karolinafund.com í von um að láta drauminn rætast. „Ég er mjög bjartsýnn á að þetta takist hjá mér. Stór hluti af barnæsku minni er minningar um vínylinn og ég átti um 100 plötur. Þessar plötur hafa lengi fylgt mér og ég vildi endilega gefa út á vínyl,“ segir Helgi Valur.

Söfnuninni lýkur á miðvikudagskvöldið. Sama kvöld heldur Helgi tónleika á skemmtistaðnum Húrra en þar ætlar hann að þakka þeim sem stutt hafa við hann í átakinu en þetta eru jafnframt fyrstu tónleikar Helga í þrjú ár. Hljómsveitin Low Roar og DJ Einar Sonic koma fram á tónleikunum ásamt Helga sjálfum en hann stígur á svið kl. 21. Helgi ætlar að spila ný lög af plötunni í bland við nokkur gömul en einnig mun hann taka nokkur rapplög fyrir gesti.

- ka



**VONGÓÐUR** Helgi Valur segir að söfnunin hafi gengið vonum framar og er vongóður um að honum takist að fjármagna plötuna á Karolinafund. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN


ÞRIÐJUDAGS
TILBOÐ
DOMINO'S
1000 KR.
Miðstærð af pizzu með 3 áleggstegundum að eigin vali.
Ef þú sækir. Gildir fyrir klassískan, ítalskan og lauflettan botn.
HEIT ALLA LEIÐ HEIM
Fyrir aðeins 699 kr. færðu þína eigin hitatösku
á Domino's sem þú getur notað aftur og aftur!
HEIT HEIM
LJÚFFENG OG RJÚKANDI
BEINT ÚR OFNI
KJÖTVEISLA: Skinka, pepperoni og nautahakk
SÍMI 58 12345
DOMINO'S APP
WWW.DOMINOS.IS


4G
LTE
1.000 kr.
notkun eða
500 MB á mán.
í 3 mán.
fylgir.
x2
LG G2 16 GB
79.990 kr. stgr.
4.890 kr. /18 mán.
500 kr.
notkun eða
250 MB á mán.
í 6 mán.
fylgir.
x2
LG G2 Mini
59.990 kr. stgr.
3.690 kr. /18 mán.
500 kr.
notkun eða
250 MB á mán.
í 3 mán.
fylgir.
x2
LG L70
29.990 kr. stgr.
2.690 kr. /12 mán.
TVÖFALDAR IN
TVÖFALDAR IN
500 kr.
notkun eða
250 MB á mán.
í 3 mán.
fylgir.
x2
Nokia Lumia 520
19.990 kr. stgr.
1.790 kr. /12 mán.
4G
LTE
500 kr.
notkun eða
250 MB á mán.
í 6 mán.
fylgir.
x2
Nokia Lumia 625
36.990 kr. stgr.
3.190 kr. /12 mán.
500 kr.
notkun eða
250 MB á mán.
í 3 mán.
fylgir.
x2
Nokia Lumia 630
29.990 kr. stgr.
2.690 kr. /12 mán.
Brandenburg


4G
LTE
1.000 kr. notkun eða 500 MB á mán. í 12 mán. fylgir.
x2
Samsung Galaxy S5
119.990 kr. stgr.
7.290 kr. /18 mán.
4G
LTE
1.000 kr. notkun eða 500 MB á mán. í 6 mán. fylgir.
x2
Samsung Galaxy S4
79.990 kr. stgr.
4.890 kr. /18 mán.
4G
LTE
500 kr. notkun eða 250 MB á mán. í 6 mán. fylgir.
x2
Samsung Galaxy S4 Mini
54.990 kr. stgr.
4.990 kr. /12 mán.
NEIGNIR Í DAG!
NEIGNIR Í DAG!
4G
LTE
1.000 kr. notkun eða 500 MB á mán. í 12 mán. fylgir.
x2
Iphone 5s 16 GB
109.990 kr. stgr.
6.690 kr. /18 mán.
4G
LTE
1.000 kr. notkun eða 500 MB á mán. í 6 mán. fylgir.
x2
Iphone 5c 16 GB
89.990 kr. stgr.
5.490 kr. /18 mán.
4G
LTE
1.000 kr. notkun eða 500 MB á mán. í 3 mán. fylgir.
x2
Iphone 4s 8 GB
67.990 kr. stgr.
4.190 kr. /18 mán.
OPIÐ TIL MIÐNÆTTIS Í KRINGLUNNI
Í dag er opið til miðnættis í verslun okkar í Kringlunni. Af því tilefni tvöföldum við inneignir og gagnamagn með öllum snjallsímum.
Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, á Selfossi og á Glerártorgi Akureyri
Þjónustuver 519 1919 | www.nova.is | Facebook | Twitter
Stærsti skemmtistaður í heimi!
NOVA
Mánaðarleg afborgun greidd með kreditkorti + 325 kr./mán. greiðslugjald.

# FRÉTTABLAÐIÐ

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 **VÍSIR**

**RITSTJÓRN** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **AUGLÝSINGADEILD** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN** Ísafoldarprentsmiðja

**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060







## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Langar á sjóinn

„Ef einhvern vantar hálfdrætting þá er ég í símaskránni," segir Kastljós-stjórnandinn **Helgi Seljan** sem nú er kominn í sumarfrí.

„Ég ætla út á sjó í sumar ef ég á þess nokkurn kost," segir hann. Helgi er þaulvanur á sjó og hefur meðal annars róið á fjölveiðiskipinu Aðalsteini Jónssyni.



Annars segist Helgi ætla að fara með fjölskylduna til Danmerkur í sumar, auk þess sem þau ætla að ferðast um Ísland.

„Ég ætla að reyna að hugsa sem minnst um vinnuna með fyrirvara um að það takist," segir hann.

**- jme**

### Regína eignast son

Tónlistarparið **Regína Ósk** og **Svenni Þór** eignaðist í gærmorgun dreng. Hann var 15 merkur og 52 sentimetrar og heilsast mæðginunum vel.

Mikil gleði ríkir á heimili þeirra en fyrir eiga þau saman dótturina Aldísi Maríu og þá átti Regína dótturina Anítu úr fyrra sambandi.

Báðar dæturnar eru duglegar að syngja líkt og foreldrarnir og má því gera ráð fyrir að nýfæddi prinsinn verði byrjaður að syngja áður en langt um líður.

Bæði eru Regína Ósk og Svenni Þór önnum kafin í músíkinni en Svenni Þór vinnur nú hörðum höndum að sinni fyrstu plötu sem kemur út á árinu. Nú þegar er lagið Purple Flower komið út og fjallar það einmitt um dóttur þeirra. Regína Ósk kemur einnig með plötu á árinu.



**- glp**

### Mest lesið vísir

1. Féll fimmtán metra en gengur óstuddur
2. Leitin að Madeleine: Stórt svæði afgirt nálægt hótelinu
3. Konur oftast strikaðar út í Reykjavík - Júlíus Vífill með flestar útstrikanir
4. Þjófur kom upp um sig með vinabeiðni á Facebook
5. Þréttán og fimmtán ára gamlir drengir grunaðir um morð





